SKOÐUN Bregðast þarf án tafar við bráðavanda Landspítala. **24**

MENNING Stefán Máni fetar nýjar slóðir í skáldsögunni Litlu dauðunum. **30**

LÍFIÐ Nanna Rögnvaldsdóttir náði neysluviðmiði með því að lifa á 80 ára kreppumat. **50**

SPORT Sara Björk tók við bikarnum umkringd stórstjörnum Rosengård. **46**

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Fimmtudagur
23. október 2014
249. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

FRÉTTIR

Lepja dauðann úr skel

Sauðfjárbændur á Íslandi hanga á horriminni ef marka má hagtölur sem sýna að þeir hafa 129 þúsund króna meðallaun á mánuði. **4**

Átta dómar með falleinkunn Mannréttindadómstóll Evrópu hefur átta sinnum á tíu árum dæmt íslenska ríkið skaðabótaskylt vegna brota á Mannréttindasáttmála Evrópu. **10**

Erfiðir frídagar Skipulagsdagar í skólum sem stangast á gera barnafjölskyldum erfitt fyrir. **18**

22

Bolungarvík	1°		NA	8
Akureyri	0°		A	3
Egilsstaðir	0°		A	2
Kirkjubæjarkl.	2°		SV	4
Reykjavík	3°		SV	4

Úrkoma í öllum landshlutum og fremur hægur vindur en strekkingur á annesjum SA- og NV-lands. Hiti 1-6 stig syðra, en frost að 5 stigum N- og A-til. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Lagnir, kynding og snjóbræðsla | Fólk

Nærri 70 prósent á móti sölu áfengis í matvöruverslunum

Um það bil tveir af hverjum þremur eru á móti sölu áfengis í matvöruverslunum. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir niðurstöðurnar koma á óvart. Þingmaður Vinstri grænna segir tíðindin hins vegar vera ánægjuleg.

STJÓRNMÁL Það kemur Vilhjálmi Árnasyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins, á óvart að næstum 70 prósent landsmanna séu á móti sölu alls áfengis í verslunum.

„Miðað við kannanir sem hafa komið áður og líka þann stuðning sem ég hef fundið við meðferð málsins á meðal almennings, þá gerir það það," segir Vilhjálmur.

Um 62 prósent svarenda í nýrri könnun Fréttablaðsins eru á móti sölu áfengis í búðum, 30 prósent eru hlynnt, sex prósent óákveðin en eitt prósent svaraði ekki spurningunni. Þegar einungis er litið til svara þeirra sem tóku afstöðu er hlutfallið 67 á móti 33.

Vilhjálmur hefur lagt fram frumvarp á Alþingi þess efnis að einkasala ríkisins á áfengi verði afnumin. Meðflutningsmenn Vilhjálms á frumvarpinu eru úr öllum þingflokkum nema Samfylkingunni og VG. Frumvarpið gekk til allsherjar- og menntamálanefndar í gær eftir fyrstu umræðu í þinginu.

Vilhjálmur segir að andstæðingar frumvarpsins hafi verið áberandi í umræðunni að undanförnu. „Þannig að við eigum eftir að koma betri svörum á framfæri og þá held ég að þessi hlutföll muni breytast," segir Vilhjálmur.

Ögmundur Jónasson, þingmaður VG, er ósammála Vilhjálmi.

„Mér finnst þetta ánægjuleg tíðindi og nokkuð í samræmi við það sem ég hafði búist við. Maður heyrir þessi viðhorf mjög víða, ekki bara frá heilbrigðisstéttum og lýðheilsufólki heldur almenningi líka. Fólk skynjar að þetta yrði ekki heillaspor."

Hringt var í 1.241 mann á öllu landinu dagana 21. og 22. október þangað til náðist í 801. - jhh, hó

TÓKU AFSTÖÐU



➜ Finnst þér að leyfa eigi sölu á öllu áfengi í matvöruverslunum?

Á LANDAMÆRAGIRÐINGU MAROKKÓ OG MELILLA Melilla er spænsk borg á norðurströnd Afríku. Flóttamenn vilja gjarnan komist yfir rammgirt landamærin á spænskt yfirráðasvæði. Þessir sátu sem fastast á girðingunni eftir að lögreglan lét til skarar skríða. Mannréttindasamtök hafa sakað lögregluna um að beita óhóflegu ofbeldi. NORDICPHOTOS/AFP

VIÐBÚNAÐUR Í OTTAWA Eitt fórnarlamba árásarinnar flutt af vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skotárás í Ottawa:

Einn látinn auk árásarmanns

KANADA Árásarmaðurinn, sem myrti einn hermann fyrir utan þinghúsið í Ottawa og hleypti af skotum inni í þinghúsinu, hét Michael Zehaf-Bibeau. Hann féll síðan sjálfur fyrir skotum lögreglu. Hann var 32 ára gamall og sagður ættaður frá Alsír. Í skotárásinni særðust tveir aðrir og var ástand þeirra sagt stöðugt.

Einnig var hleypt af skotum inni í verslunarmiðstöð skammt frá þinghúsinu. Lögreglu grunaði að fleiri hefðu staðið að verki og leitaði eins eða tveggja annarra tilræðismanna. - gb / sjá síðu 12

Lögreglumenn á öllu landinu hafa farið á hríðskotabyssunámskeið:

Engin ósk um hríðskotabyssur

LÖGREGLUMÁL Öll lögreglumbætti á landinu hafa sent lögreglþjóna á námskeið í notkun MP5-hríðskotabyssa. Ekkert embættanna hefur þó enn óskað eftir að fá hríðskotabyssurnar til afnota.

„Það hefur ekki verið tekin formleg ákvörðun um að fá MP5-hríðskotabyssur en í ljósi þess að MP5 er mun öruggara og betra vopn, komi til þess að beita þurfi skotvopnum, en Glock-skammbyssur þá er líkleg niðurstaða að embættið fari fram á að fá þær til afnota," segir Ásdís Ármannsdóttir, sýslumaður á Siglufirði.

Ásdís er jafnframt æðsti yfirmaður lögreglunnar á Akureyri og Dalvík. Lögreglan í umdæmi lögreglustjórans á Akureyri er ekki með vopn í bílum sínum og Ásdís segir að engin ákvörðun hafi verið tekin um að breyta því.

Yfirmenn í lögreglunni í Reykjavík, Húnavatnssýslum, Suðurnesjum, Árnessýslu og Borgarfirði segja engin vopn í bílum á vegum embætta þeirra.

Úlfar Lúðvíksson, sýslumaður á Vestfjörðum, hefur upplýst að lögreglan sé með vopn í bílum sínum en þar hefur ekki verið ákveðið hvort MP5 verði bætt í vopnasafnið.

Á Austurlandi er lögreglan stundum með vopn í bílunum og stundum ekki, að sögn Jónasar Vilhelmssonar, yfirlögregluþjóns á Eskifirði. „Við eigum eftir að sjá hvort við höfum not fyrir MP5-byssur," segir Jónas.

„Það hefur ekki verið tekin formleg ákvörðun um að fá MP5-hríðskotabyssur.

Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður.

- jme / sjá síðu 8



VERO MODA
Kringlunni og Smáralind
Facebook.com/veromodaiceland
Instagram @veromodaiceland

SPURNING DAGSINS

Gylfi, er allt á uppleið?

„Já, en það sem fer upp kemur niður aftur."

Hagdeild Alþýðusambands Íslands segir horfur í efnahagsmálum bjartari en þær hafa lengi verið. Gylfi Arnbjörnsson er forseti ASÍ.

Ríkið sýknað af skaðabótakröfu manns sem handtekinn var við bandaríska sendiráðið á Laufásvegi á árunum 2009 og 2010:

Mátti ekki mótmæla á sendiráðslóðinni

DÓMSMÁL Íslenska ríkið var í gær sýknað af tveggja og hálfrar milljónar skaðabótakröfu Lárusar Páls Birgissonar sem var handtekinn í tvígang við að mótmæla fyrir framan bandaríska sendiráðið.

Lárus var fyrst handtekinn við mótmæli við bandaríska sendiráðið í október 2009 og í síðara skiptið í júlí 2010. Í bæði skiptin stóð hann fyrir innan blómaker við inngang sendiráðsins. Þegar lögregla kom á vettvang neitaði hann að verða við boðum um að færa sig fjær. Vildi Lárus meina að hann væri staddur á almennri gangstétt og hefði því rétt á að mótmæla friðsamlega þar.

Lárus Páll byggði kröfu sína á þeim forsendum að ríkið hefði brotið gegn tjáningarfrelsi, ferðafrelsi og fundafrelsi. Benti hann á að rétturinn til að mótmæla væri viðurkenndur hér á landi og að mótmæli hans hefðu verið friðsamleg. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri hægt að fallast á kröfu Lárusar Páls þar sem ekki hefði verið sýnt fram á að nokkur réttarbrot hefðu verið framin gagnvart honum.

hannarut@365.is

MÓTMÆLIR Lárus Páll Birgisson fór fram á tvær og hálfa milljón króna í bætur frá ríkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

UNNIÐ Guli liturinn lífgaði upp á grámann sem lá yfir Reykjavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iðnaðarmenn í Hvörfunum í Kópavogi ber við himin:

Verk að vinna þótt vetur sæki að

IÐNAÐUR Það var gott útsýni hjá iðnaðarmönnunum sem voru við störf uppi á þaki nýbyggingar í Hvörfunum í Kópavogi í gær.

Kólnað hefur í veðri síðustu daga og menn voru vel klæddir á þakinu enda fátt verra en að vera illa búinn þegar vetur konungur lætur til sín taka.

Hiti verður í kringum frostmark á norðanverðu landinu á morgun en sunnan heiða verður örlítið mildara með hitatölum upp í 5 gráður í Vestmannaeyjum samkvæmt Veðurstofu Íslands. - hó

Verkfall tónlistarkennara:

Áhrifin ná til 15 þúsunda

KJARAMÁL Um fimm hundruð meðlimir í Félagi tónlistarskólakennara lögðu niður kennslu í gær. Þeir krefjast sömu kjara og grunnskólakennarar njóta.

Sigrún Grendal Jóhannesdóttir, formaður félagsins, segir að verkfallsaðgerðirnar nái til um 15 þúsund manns sem sé fjöldi þeirra sem eru í tónlistarnámi. Tónlistarskólar tengist öðrum skólum og því hafi aðgerðirnar einnig áhrif á störf þeirra.

Síðast þegar tónlistarkennarar fóru í verkfall fyrir þrettán árum stóð það yfir í fimm vikur. - hó

Fjölfatlaður stefnir Gnarr:

Fær ekki aðstoð að næturlagi

DÓMSMÁL „Það er óumdeild læknisfræðileg staðreynd, sem jafnframt er hverjum manni ljós sem hittir stefnanda í fyrsta skipti, að hann þarf sólarhringsaðstoð þar sem honum er ókleift að sjá um sig sjálfur," segir í stefnu Benedikts Hákonar Bjarnasonar sem stefnt hefur Jóni Gnarr, fyrrverandi borgarstjóra.

Benedikt sem er fjölfatlaður stefnir vegna ákvörðunar Reykjavíkurborgar um að synja beiðni hans um sólarhringsaðstoð. Hann vill eina og hálfa milljón króna í miskabætur. - sks

MYNDBANDIÐ Í myndbandinu er manneskju fylgt eftir á draumaferðalagi hennar um landið.

Kvikmyndagerðarfólk ósátt við Íslandsstofu

Forsvarsmenn Félags kvikmyndagerðarmanna undra sig á því að ekki hafi verið leitað til íslensks fagfólks við gerð kynningarmyndbands nýrrar herferðar Íslandsstofu fyrir Inspired by Iceland. Erlendir aðilar leikstýrðu og tóku upp myndbandið.

KVIKMYNDAGERÐ „Það er mjög skrítið að Íslandsstofa treysti ekki íslensku fagfólki til að kynna Ísland," segir Stefanía Thors, varaformaður Félags kvikmyndagerðarmanna.

STEFANÍA THORS

Nýju myndbandi Íslandsstofu, sem er hluti herferðarinnar Inspired By Iceland, er ætlað að kynna Ísland sem spennandi vetraráfangastað. Myndbandið var unnið af Íslandsstofu í samstarfi við Íslensku auglýsingastofuna, almannatengslaskrifstofuna Brooklyn Brothers í London og Pulse Films. Leikstjórar og kvikmyndatökumenn á vegum Pulse Films gerðu myndbandið.

Íslenskir kvikmyndagerðarmenn undra sig á því að ekki hafi verið leitað til fagfólks hérlendis.

Daði Guðjónsson hjá Íslandsstofu segir tækifæri hafa falist í því að fá erlenda í verkið.

„Glöggt er gestsaugað. Við vorum að fara í gang með þennan leyndarmálatúr og við vildum að þeir sem færu förina vissu ekki mikið um landið. Þetta er margverðlaunað leikstjórapar sem hefur unnið með heimsþekktum aðilum eins og 50 cents, Kate Perry og Nokia. Það má ekki gleyma að þetta er markaðsherferð á heimsvísu og það eru ákveðin tækifæri í kynningu að fá svona aðila til að vinna með okkur," segir Daði.

Fyrir gerð myndbandsins var efnt til samkeppni þar sem fólk átti að lýsa draumaferðalagi um Ísland. Var einn valinn til að fara í sína draumaferð. Að sögn Daða kostaði vinna erlendu aðilanna sex milljónir.

Á heimasíðu Íslandsstofu kemur fram að meðal yfirlýstra markmiða sé að tryggja markvisst kynningar- og markaðsstarf sem miðar að því að auka gjaldeyristekjur lista og skapandi greina. „Það skýtur skökku við að nota erlend fyrirtæki til þess að kynna Ísland," segir Stefanía. Undarlegt sé að ekki hafi verið leitað til fagfólks hérlendis til að gera myndbandið og kynna íslenskt fagfólk í leiðinni.

Það má ekki gleyma að þetta er markaðsherferð á heimsvísu.

Daði Guðjónsson hjá Íslandsstofu.

„Er ekki alltaf verið að tala um að það vanti gjaldeyri inn í landið en þeir borga erlendum aðilum fyrir þessa vinnu."

Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður Félags kvikmyndagerðarmanna, tekur í sama streng.

„Það er alveg ótrúlega skrítið, sérstaklega í þessu árferði þegar íslenskir kvikmyndagerðarmenn berjast í bökkum, að leitað sé út fyrir landsteinana. Það er undarlegt að það sé þá ekki reynt að beina þessum viðskiptum til íslenskra kvikmyndagerðarmanna," segir Hrafnhildur Gunnarsdóttir.

viktoria@frettabladid.is

Evrópuþingið hefur gefið nýrri framkvæmdastjórn grænt ljós:

Juncker kosinn í forsetastólinn

EVRÓPUMÁL Evrópuþingið samþykkti í gær að Jean Claude Juncker, fyrrverandi forætisráðherra Lúxemborgar, yrði næsti forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Jafnframt fengu nýju framkvæmdastjórarnir, sem alls eru 26 talsins auk Junckers, samþykki þingsins.

Juncker segir að meginverkefni sitt verði að styrkja hagvöxt og fjölga störfum í aðildarríkjum sambandsins, sem mörg hver hafa glímt við erfiðar efnahagsþrengingar undanfarin ár.

Þrír stærstu þinghóparnir styðja nýju framkvæmdastjórnina, sem tekur til starfa í byrjun desember og mun hafa forystu um mótun löggjafar sambandsins næstu fimm árin.

Juncker tekur við af Jose Manuel Barroso, sem hefur verið forseti framkvæmdastjórnarinnar í tvö kjörtímabil, samtals tíu ár.

Jafnframt mun Donald Tusk, fyrrverandi forsætisráðherra Póllands, taka við af Herman van Rompuy sem forseti ráðs Evrópusambandsins. - gb

JEAN-CLAUDE JUNCKER Fagnar kjöri sínu á Evrópuþinginu í gær, en að baki honum sjást mótmælaborðar frá Bretanum Nigel Farage og félögum sem vilja engar aðhaldsaðgerðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jökullinn skilar sínu ...

Vorið 2003 kemur ungur maður örmagna og blóðugur inn í Þjónustumiðstöðina í Skaftafelli eftir hrakninga á öræfum.

Ófeigur Sigurðsson hefur hlotið mikið lof fyrir bækur sínar og fékk meðal annars Bókmenntaverðlaun Evrópusambandsins fyrir *Skáldsögu um Jón*.

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

SVONA ERUM VIÐ

63,6 prósent aukning var á sölu veitinga

og veitingaþjónustu frá 2008 til 2014 ef miðað er við mánuðina maí og júní.

Fyrra árið var salan þessa mánuði um sjö milljarðar króna en í ár var hún tæplega 14,5 milljarðar.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Framkvæmdastjóri Metanorku segir Sorpu velja leið sem kostar heimili tugi þúsunda á ári:

Segir málsmeðferð Sorpu „stjórnsýslufúsk“

STJÓRNSÝSLA „Það er rangt. Við munum borga a.m.k. milljarði meira fyrir þessa lausn en við hefðum þurft að gera, samanborið við ef fyrst hefði verið auglýst eftir tillögum að lausnum og þær bestu svo boðnar út,“ segir Dofri Hermannsson, framkvæmdastjóri Metanorku, um skýringar Sorpu um að ný gas- og jarðgerðarstöð verði boðin út og fyrirtækið sé í fullum rétti um framkvæmd málsins.

Eins og Fréttablaðið greindi frá hafa Íslenska gámafélagið og Metanorka kært Sorpu til kærunefndar útboðsmála vegna samningsgerðar vegna stöðvarinnar.

Dofri segir málið allt stjórnsýslufúsk sem muni kosta borgarbúa miklu meira en það þyrfti að gera.

„Stjórnendur Sorpu virðast hafa fengið ást á þessari Aikan-lausn fyrir mörgum árum og ákveðið að ekki þyrfti að skoða málið betur. Aðalkostur Aikan mun vera að geta tekið óflokkað sorp. Þó er stefna sveitarfélaganna, sem eiga Sorpu, að treysta fólki til að flokka ruslið sitt. Metanorka hefur boðið Sorpu að skoða aðra lausn, því við höfum trú á að fólk geti og vilji flokka ruslið sitt sjálft í staðinn fyrir að borga um 40.000 krónum meira á hvert heimili fyrir lausn sem flokkar fyrir það.“

DOFRI HERMANNSSON

Dofri segir að eðlileg stjórnsýsla byggðasamlagsins hefði verið að skilgreina í upphafi þarfir höfuðborgarsvæðisins, auglýsa svo eftir tillögum að lausnum á EES-svæðinu, velja þær tillögur sem best þykja uppfylla fyrirframgefin skilyrði og óska loks eftir tilboðum í þá eða þær lausnir sem koma best út.

- shá

LITLA-HRAUN Fangar fá fæðispeninga.

Lítil hækkun frá árinu 2007:

Fangar fá 1.300 krónur á dag

FANGELSISMÁL Flestir fangar fá greitt fæðisfé að upphæð 1.300 krónur á dag.

Þetta kemur fram í svari Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra við fyrirspurn Helga Hrafns Gunnarssonar, þingmanns Pírata, um fæðispeninga fanga og innkaupastefnu verslunarinnar Rimlakjara á Litla-Hrauni. Upphæðin hefur hækkað um tíu prósent frá því í október 2007. **- ak**

Játaði brotin fyrir dómi:

Dæmdur fyrir líkamsárás

LÖGREGLUMÁL 22 ára karlmaður var dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að nef- og kinnbeinsbrjóta annan mann og að aka bíl sviptur ökuréttindum undir áhrifum áfengis og kókaíns.

Maðurinn, sem játaði brot sín, á nokkurn sakaferil að baki. Í nóvember í fyrra var hann dæmdur í sextíu daga fangelsi fyrir umferðarlaga- og fíkniefnabrot. Í ljósi játningarinnar og þess að hann féllst á greiðslu bóta var fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi talin hæfileg refsing. Manninum var gert að borga fórnarlambi sínu 400 þúsund krónur í skaðabætur. **- ktd**

Hagtölur bera með sér að bændur lepji dauðann úr skel

Styrkir til sauðfjár- og kúabúskapar svara til þrefalds launakostnaðar þeirra sem við greinina vinna. Ný samantekt Vísbendingar á búfjárreikningum sýnir að laun bænda í þessum greinum eru við og undir lágmarkslaunum.

EFNAHAGSMÁL Kúa- og sauðfjárbændur virðast fá lágmarkslaun eða minna miðað við búfjárreikninga, að því er fram kemur í nýrri samantekt efnahagsritsins Vísbendingar.

Þá kemur fram að beingreiðslur og aðrir styrkir séu um þriðjungur af tekjum kúabænda og 43 prósent af tekjum sauðfjárbænda. Ef tekin er með í reikninginn meðgjöf innflutningsverndar búvara þá nema styrkir til kúabúa um 51 prósenti af tekjum og um 65 prósentum hjá sauðfjárbúum.

Samkvæmt útreikningum Vísbendingar nema mánaðarlaun mjólkurbóndans um 218 þúsund krónum á mánuði (með launatengdum gjöldum) en ekki nema 129 þúsund krónum á mánuði hjá sauðfjárbændum.

„Þetta eru auðvitað mjög alvarleg tíðindi fyrir bændur og samfélagið allt. Þessi stétt fær lágmarkslaun eða minna, en það getur ekki verið ásættanlegt,“ segir í umfjöllun blaðsins.

Bent er á að heildarstyrkir til landbúnaðarins, að innflutningsvernd meðtalinni, séu um 19 milljarðar króna. Þar af séu útlagðir peningar úr ríkissjóði liðlega 12 milljarðar. „Þessar tölur bera það hins vegar með sér að bændur sem styrktir eru með þessum hætti lepja dauðann úr skel.“ Vísbending bendir á að jafnvel þótt hagnaði sé bætt við og gert ráð fyrir að hann lendi í vasa bænda hækki mánaðarlaun í sauðfjárrækt ekki upp í nema 191 þúsund krónur, en í 342 þúsund hjá kúabændum.

Velt er upp spurningunni um hvers vegna andstaða sé jafnmikil og raun beri vitni gegn því að breyta kerfinu, þegar ljóst sé að neytendur greiði hærra verð fyrir landbúnaðarvörur en þeir þyrftu að gera ef innflutningur væri heimill og að ríkið greiði til bænda háa styrki sem til dæmis gætu farið í byggingu spítala. Í ofanálag séu svo laun bænda lág.

129 þúsund krónur eru mánaðarlaun sauðfjárbænda samkvæmt búreikningum, að því er fram kemur í nýjasta tölublaðið efnahagsritsins Vísbendingar.

Í umfjöllun Vísbendingar er bent á að hjá Bændasamtökum Íslands starfi á fjórða tug starfsmanna, en auk þeirra séu um 25 búgreinasamtök og fleiri félög bænda sem sum séu með starfsmenn á sínum snærum. „Því er sú hugsun nærtæk að kerfið sé býsna dýrt og vilji viðhalda sér sjálft,“ segir í Vísbendingu. „Það er alþekkt að slíkt gerist oft um úrelt kerfi sem litlum tilgangi þjóna lengur.“

Einfalt er sagt að setja fram áætlun sem opni erlenda markaði markvisst fyrir neytendum án þess að það snerti þá fjárhagslega sem nú stundi landbúnað. „Styrkirnir eru nú sem svarar til þrefalds launakostnaðar þeirra sem við greinina vinna og því vel gerlegt að bæði draga úr ríkisútgjöldum og gera vel við bændur.“

olikr@frettabladid.is

RÉTTIR Sauðfjárbúskapur er lítt líklegur til þess að bæta hag þeirra sem hann stunda samkvæmt búfjárreikningum. Laun sauðfjárbænda virðast undir lágmarkslaunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Afkoma meðalbúa árið 2012*

	Kúabú	Sauðfjárbú
Bútekjur	30.173	9.625
(þar af styrkir)	10.298	4.165
Styrkur sem hlutfall bútekna	***34%***	***43%***
Aðrar tekjur	940	432
Framleiðslukostnaður	13.047	3.887
Laun	5.016	1.675
Annar kostnaður	4.321	2.167
Afskriftir	3.655	1.189
Fjármagnskostnaður	2.878	823
Óreglulegar tekjur	656	487
Hagnaður	2.852	803
Afkoma án styrkja	-7.446	-3.362
Hlutfall af tekjum	***-25%***	***-35%***
Styrkígildi innflutningsverndar	5.149	2.083
Heildarstyrkir hlutfall	***51%***	***65%***
Mánaðarlaun	218	129
Mánaðarlaun með hagnaði	342	191

**Samantekt Vísbendingar (39. tbl.) á tölum Hagstofunnar. Upphæðir eru í þús. kr.*

Vinnustaðaúttekt og líkamsbeiting

Vinnustaðaúttekt sjúkraþjálfara felur í sér kerfisbundna athugun á vinnuumhverfi þar sem blandað er saman greiningu á aðstæðum, fræðslu til starfsfólks og ráðgjöf til stjórnenda.

Vinnuvernd ehf. sinnir einnig fræðslu um líkamsbeitingu á vinnustöðum í ólíkum starfsgreinum.

Vinnuvernd ehf.
Brautarholt 28
105 Reykjavík
s: 5780800
www.vinnuvernd.is
vinnuvernd@vinnuvernd.is

VINNUVERND ehf
vellíðan í vinnu

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante	24°	Friedrichshafen	8°	New York	12°
Aþena	23°	Gautaborg	12°	Orlando	26°
Basel	18°	Kaupmannahöfn	12°	Ósló	11°
Berlín	13°	Las Palmas	29°	París	15°
Billund	13°	London	16°	San Francisco	28°
Frankfurt	12°	Mallorca	24°	Stokkhólmur	6°

Á MORGUN Hæg breytileg, en A-læg 5-10 á Vestfjörðum



LAUGARDAGUR NA-læg, 10-18m/s á annesjum, annars hægari

FREMUR HÆGUR VINDUR hjá okkur næstu tvo daga en síðan vaxandi NA-læg átt aðfaranótt laugardags. Snjókoma á köflum N-lands en rigning eða slydda S-til. Úrkomuminna á landinu á föstudaginn og hiti víða rétt um frostmark.



Vordís Eiríksdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Lagersala 22.–26. október

40-80% afsláttur

66° NORÐUR

Börn

Máni húfa
~~3.800 kr.~~ **1.500 kr.**

Dömur

Esja dúnúlpa
~~59.800kr.~~ **22.000 kr.**

Herrar

Kjölur Primaloft skyrta
~~16.500 kr.~~ **5.000 kr.**

Aukahlutir

Vík hanskar
~~6.500 kr.~~ **2.500 kr.**

Börn

Óðinn lambhúshetta
~~2.900 kr.~~ **1.500 kr.**

Dömur

Bláfell dömujakki
~~28.500 kr.~~ **9.000 kr.**

Herrar

Eyjafjallajökull peysa
~~14.900 kr.~~ **7.000 kr.**

Bylur trefill
~~8.500 kr.~~ **1.500 kr.**

Börn

Sif hettupeysa
~~9.500 kr.~~ **5.000 kr.**

Dömur

Vatnajökull Primaloft jakki
~~58.900 kr.~~ **25.000 kr.**

Herrar

Vatnajökull Primaloft jakki
~~58.900 kr.~~ **25.000 kr.**

Viðey húfa
~~6.500 kr.~~ **1.500 kr.**

Börn

Sif peysa
~~7.500 kr.~~ **4.000 kr.**

Dömur

Kjölur hettupeysa
~~15.800 kr.~~ **5.500 kr.**

Herrar

Mosfell peysa
~~19.500 kr.~~ **10.000 kr.**

Æðey húfa
~~6.900 kr.~~ **2.000 kr.**

Útsölumarkaður Faxafen 12 | 108 Reykjavík — Opnunartími: Fim. og fös. 8-21 | Lau. 10-21 | Sun. 12-21
Skipagata 9 | 600 Akureyri — Opnunartími: Fim. og fös. 9-18 | Lau. 10-18 | Sun. 12-18
Miðvangur 13 | 700 Egilsstaðir — Opnunartími: Fim. og fös. 11-18 | Lau. 11-18 | Sun. 12-16

VEISTU SVARIÐ?

1. Hverjir gáfu ríkislögreglustjóra 150 hríðskotabyssur?
2. Hver var rekstrarkostnaður slitastjórna gömlu bankanna á fyrri helmingi þessa árs?
3. Hvar verður letur eftir Guðmund Úlfarsson notað?

SVÖR:
1. Norska lögreglan og herinn. **2.** Átta milljarðar. **3.** Á Sundance-kvikmyndahátíðinni.

Hraun rennur af miklum krafti úr norðurenda aðalgígsins í Holuhrauni og áfram jarðskjálftavirkni:

Gríðarmikil gosmengun var í Hornafirði

HEILBRIGÐISMÁL Mengun frá eldgosinu í Holuhrauni mældist gríðarmikil á Höfn í Hornafirði í gær. Þá sló mengunarmælir í 6.000 míkrógrömm á rúmmetra af brennisteinsdíoxíði, sem er þreföld sú loftmengun sem telst fólki óholl.

Víða varð vart við gasmengun frá gosstöðvunum í gær, eða allt frá Austfjörðum og vestur á Breiðafjörð. Í dag eru líkur á gasmengun taldar mestar á norðvestanverðu landinu, frá Eyjafirði vestur á Snæfellsnes og Vestfirði.

Vísindamenn sem eru staddir í Holuhrauni hafa staðfest að eldgosið heldur áfram með líkum hætti og verið hefur síðustu daga. Hrauná rennur úr norðurenda gígsins til austurs af miklum krafti.

Dregið hefur úr jarðskjálftavirkni í Tungnafellsjökli en virkni í Bárðarbungu er áfram mikil, og tugir skjálfta mælast á sólarhring að jafnaði. Nokkrir þeirra eru yfir fimm stig, eins og verið hefur. Í gær höfðu síðustu tvo daga mælst tíu aðrir skjálftar í Bárðarbungu stærri en fjórir og 31 skjálfti stærri en þrjú stig.

Smærri skjálftar mælast við bergganginn, flestir frá norðurbrún Dyngjujökuls að gosstöðvunum í Holuhrauni. - shá

HOLUHRAUN Mikið hraun rennur stanslaust úr aðalgígnum Baugi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Síðasti söludagur frestast um nokkra daga

Nýjustu ísskáparnir frá Gorenje eru með **IonAir**-tækni sem heldur matvöru ferskri mun lengur en áður. IonAir felst í byltingarkenndri loftræstingu sem drepur allt að 95% baktería sem annars ættu greiða leið að matvælum og lágmarkar einnig óþægilega lykt í ísskápnum.

Við erum á facebook

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Frábært kynningarverð

ion generation

gorenje

Reykjavík
Skútuvogur 1
Sími 562 4011

Akureyri
Draupnisgata 2
Sími 460 0800

RÖNNING
ronning.is | gorenje.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

STAÐSETNING STARFA RÍKISINS 2014



Fleiri með presta en lækni í kauptúninu

Í úttekt Byggðastofnunar á staðsetningu starfa ríkisins sést að á höfuðborgarsvæðinu eru langflest störf hjá ríkinu. Prestar eru í fleiri þéttbýliskjörnum en heilsugæsla. „Ekki nógu vel gefið," segir Björn Valur Gíslason varaþingmaður.

BYGGÐAMÁL Prestar eru í fleiri þéttbýliskjörnum á landinu en heilsugæsla.

Þetta kemur fram í úttekt Byggðastofnunar á staðsetningu starfa ríkisins árið 2014. Presta er ekki að finna í tólf sveitarfélögum landsins og heilsugæslu er ekki að finna í fimmtán sveitarfélögum. Höfuðborgarsvæðið sker sig úr með langflestar stofnanir hins opinbera.

Þrír þéttbýlisstaðir landsins hafa enga ríkisstarfsmenn í sinni byggð. Það eru Svalbarðseyri, skammt utan Akureyrar, Stöðvarfjörður á Austurlandi, og Stokkseyri á Suðurlandi. Engin ríkisstofnun eða útibú á vegum ríkisins er á þessum þéttbýlisstöðum.

Björn Valur Gíslason, varaþingmaður VG, hefur lagt fram fyrirspurnir á þingi til allra ráðuneyta um fjölda opinberra starfa og framtíðarhorfur ráðuneytanna í starfsmannamálum.

„Það má eflaust gera betur í dreifingu starfa ríkisins og eflaust er ekki nægilega vel gefið milli landshluta hvað þetta varðar. Fyrirspurnir mínar snúast fyrst og fremst um að fá vitræna umræðu í þjóðfélaginu um framtíð starfa ríkisins. Það má ekki vera svo að störf einstaklinga séu einungis rædd meðal embættismanna í ráðuneytunum," segir Björn Valur.

Fram kemur í úttektinni að Reykjavík og höfuðborgarsvæðið beri höfuð og herðar yfir aðra staði hvað varðar staðsetningu starfa ríkisins.

OPINBER STÖRF Reykjavík og höfuðborgarsvæðið bera höfuð og herðar yfir aðra staði á landinu hvað varðar staðsetningu opinberra stofnana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Staðsetning starfa á vegum ríkisins er oft nefnd sem byggðamál en líklega sjaldan í samhengi við Reykjavík sem þó hefur notið stórkostlegs byggðastuðnings stjórnvalda að þessu leyti með höfuðstöðvar stjórnsýslu og langflestra starfsþátta ríkisins. Einkum þeirra sem hafa landið allt að vettvangi og marga starfsmenn," segir í úttektinni.

Sjá má í úttektinni hve Reykjavík skarar fram úr sem þjónustustaður ríkisins með flestar ríkisstofnanir. Höfuðborgarsvæðið allt er einnig gríðarlega stór þjónustukjarni fyrir allt landið. Einnig má sjá að Akureyri er sá þéttbýliskjarni utan höfuðborgarsvæðisins sem hýsir flestar þjónustustofnanir hins opinbera. Þá má greina Ísafjörð, Sauðárkrók, Egilsstaði og Selfoss frá hinum minni byggðum.

„Það má ekki vera svo að störf einstaklinga séu einungis rædd meðal embættismanna í ráðuneytunum.
Björn Valur Gíslason, varaþingmaður VG

Hagstofan telur fjölda stofnana og þjónustu hins opinbera í hverjum byggðakjarna fyrir sig en greinir ekki frá fjölda starfsmanna á hverri stofnun. Til dæmis telur einn prestur í Ólafsfirði jafn mikið í greiningu Byggðastofnunar og allir prestar sem starfandi eru í Reykjavík.

sveinn@frettabladid.is

RÁÐAMENN ÍSLANDS!
MUNUM STÓRU ORÐIN

33%
AFSLÁTTUR
af öllum
barnafatnaði
23.-26. okt.

Endurskoðið álögur á barnafatnaði!

ÞAÐ ER AUKINN KAUPMÁTTUR!

Minni álögur = lægra verð = aukin störf

Í Kringlunni er mjög lítið úrval vegna breytinga

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

MP5 sögð öruggari en skammbyssa

Ekkert lögregluembættanna hefur enn farið fram á að fá MP5-hríðskotabyssur til afnota en yfirmaður lögreglunnar á Akureyri segir hríðskotabyssurnar öruggari en skammbyssur og því verði líklega farið fram á að fá þær. Leyndarhyggja í kringum málið er gagnrýnd.

LÖGGÆSLA Öll lögregluembættin á landinu hafa sent lögregluþjóna sína á námskeið í notkun MP5-hríðskotabyssa.

Námskeiðin hófust á æfingasvæði lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli í september og þeim lauk um miðjan október. Hvert námskeið stóð í tvo daga.

Eins og komið hefur fram í fréttum gáfu Norðmenn lögreglunni 150 MP5-hríðskotabyssur sem eru enn sem komið er í umsjá Embættis ríkislögreglustjóra. Í framtíðinni er ætlunin að dreifa þeim til lögregluembætta landsins.

Ekkert lögregluembættanna hefur þó enn sem komið er fengið byssurnar til afnota.

„Það hefur ekki verið tekin formleg ákvörðun um að fá MP5-hríðskotabyssur en í ljósi þess að MP5 er mun öruggara og betra vopn, komi til þess að beita þurfi skotvopnum, en Glock-skammbyssur þá er líkleg niðurstaða að embættið fari fram á að fá þær til afnota," segir Ásdís Ármannsdóttir, sýslumaður á Siglufirði, en hún er jafnframt æðsti yfirmaður lögreglunnar á Akureyri og Dalvík.

Lögreglan í umdæmi lögreglustjórans á Akureyri er ekki með vopn í bílum sínum og Ásdís segir að engin ákvörðun hafi verið tekin um að breyta því. „Nýir lögreglubílar munu þó verða útbúnir til slíks eftir því sem þeir verða endurnýjaðir," segir hún.

Yfirmenn í lögreglunni sem Fréttablaðið hefur rætt við í Reykjavík, Húnavatnssýslum, Suðurnesjum, Árnessýslu og Borgarfirði segja að engin vopn sé að finna í lögreglubílum á vegum embætta þeirra.

„Það hefur ekki verið tekin formleg ákvörðun um að fá MP5 hríðskotabyssur en í ljósi þess að MP5 er mun öruggara og betra vopn komi til þess að beita þurfi skotvopnum en Glock skammbyssur þá er líkleg niðurstaða að embættið fari fram á að fá þær til afnota.

Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður

Ný umdæmaskipan lögreglustjóra og sýslumanna tekur gildi um áramót. Þá stækka lögregluembættin og þeim fækkar. „Þá er líklegt að menn setji ákveðnar reglur í hverju umdæmi um búnað bílanna og hvort vopn verði hluti af búnaðinum. Mér finnst líka líklegt að þegar nýir lögreglustjórar verða komnir til starfa verði tekin ákvörðun um hvort fengnar verði MP5-hríðskotabyssur eða ekki," segir Theodór Þórðarson, yfirlögregluþjónn í Borgarnesi.

Úlfar Lúðvíksson, sýslumaður á Vestfjörðum, hefur upplýst að lögreglan sé með vopn í bílum sínum en þar hefur ekki verið ákveðið hvort MP5 verði bætt í vopnasafnið. Á Austurlandi er lögreglan stundum með vopn í bílunum og stundum ekki, að sögn Jónasar Vilhelmssonar, yfirlögregluþjóns á Eskifirði.

„Við eigum eftir að sjá hvort við höfum not fyrir MP5-byssur. Ákvörðun um það hefur ekki verið tekin," segir Jónas.

„Því er haldið leyndu að lögreglan hafi eignast 150 nýjar byssur. Lögregla, utanríkisráðherra og innanríkisráðherra hefðu átt að senda frá sér tilkynningu og greina frá því að Norðmenn vilji gefa okkur vopn," segir Páll Valur Björnsson, starfandi formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis.

Allsherjarnefnd kom saman á aukafundi í gær til að ræða vopnamál lögreglunnar. Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri og Jón Bjartmarz yfirlögregluþjónn komu á fund nefndarinnar.

Páll Björgvin segir að hefðu upplýsingarnar legið á borðinu frá upphafi hefðu menn getað rætt málið.

„Hvers vegna þessi leyndarhyggja?" spyr Páll Björgvin. Hann segir að það eina nýja sem hafi komið fram hafi verið aðkoma ráðherranna að málinu án þess að það kæmi fram í hverju hún væri fólgin.

Fréttablaðið óskaði eftir viðtali við Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra og vildi fá að vita hvenær ráðherra hefði vitað af tilboði Norðmanna, og jafnframt vildi blaðið fá að vita hver aðkoma hennar hefði verið að málinu.

FARIÐ Á NÁMSKEIÐ Lögreglumenn landsins hafa verið sendir á námskeið til að læra að fara með MP5-byssur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hanna Birna neitaði viðtali eins og Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra.

Lögreglan upplýsti að Landhelgisgæslan hefði haft milligöngu í málinu. Þar fást heldur ekki svör.

„Landhelgisgæslan hafði að beiðni lögreglunnar, milligöngu um að útvega lögreglunni búnað frá Norðmönnum og var það gert í samráði við þar til bær norsk og íslensk yfirvöld," segir í tilkynningu frá Landhelgisgæslunni.

johanna@frettabladid.is

13 til 14 skot á sekúndu

Heckler & Koch MP5 er þýsk hríðskotabyssa sem fyrst var tekin í notkun hjá þýska hernum árið 1966. Til eru um 30 tegundir af MP5-byssum, til dæmis MP5 A5, MP5 K, MP5 SD3 og MP5 A4, en upprunalega tegundin er MP5 A1.

MP5 sem íslenska lögreglan hefur fengið að gjöf er lýst sem lítilli og léttri byssu sem hafi lítinn slagkraft.

Lengdin á MP-byssum er frá 48 upp í 60 sentímetra, misjafnt eftir gerðum. Skotin sem oftast eru notuð í byssuna eru 9×19 mm og komast yfirleitt 15-30 slík í magasínin. Skothraðinn er 400 metrar á sekúndu, eða 13 til 14 skot á sekúndu. Óhlaðin vegur MP-byssa um 2,5 kíló.

Opinn fræðslufundur

Erfðir Alzheimerssjúkdómsins

Jón Snædal, öldrunarlæknir og Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE) munu kynna rannsóknir ÍE og samstarfsaðila á erfðum Alzheimerssjúkdómsins

mánudaginn 27. október kl. 17:30-18:30
í fyrirlestrasal ÍE, Sturlugötu 8

Kaffiveitingar frá kl. 17:00

ÍSLENSK ERFÐAGREINING

FAAS Til fundarins er boðað í samráði við FAAS, Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma

nettó
Kræsingar & kostakjör

-27%
NAUTALUNDIR
ERLENDAR
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 3.789,-~~
2.766,-

-23%
LAMBABÓGUR
KRYDDAÐUR
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 1.298,-~~
999,-

-39%
LAMBALÆRI
KRYDDAÐ
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 2.266,-~~
1.382,-

GÆS
HEIL 4 KG
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 1.650,-~~
1.485,-

-20%
GÆSABRINGUR
TILVALIN JÓLASTEIK
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 3.498,-~~
2.798,-

-35%
SVÍNASNITSEL
Í RASPI
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 1.994,-~~
1.296,-



-45%
NETTÓ BJÚGU
6 STK 1.260 G
PAKKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 898,-~~
494,-

-30%
RAUÐSPRETTUFLÖK M/ROÐI
ÓDÝRT FYRIR HEIMILIÐ
KÍLÓVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 998,-~~
699,-

-41%
KJÚKLINGALUNDIR
700 G
PAKKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 1.694,-~~
999,-

HEIMILISJÓGÚRT
MS 1 LÍTRI
LÍTRAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 267,-~~
240,-

-30%
KANILSNÚÐAR
BAKAÐ Á STAÐNUM
STYKKJAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 198,-~~
139,-

-50%
VÍNBERJATVENNA/VÍNBER
500 G BOX
PAKKAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 398,-~~
199,-

ARLA BUKO SMUROSTUR
SKINKU OG SINNEPS
STYKKJAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 598,-~~
496,-

CASTELLO OSTUR
GYLLTUR 150G
STYKKJAVERÐ
~~VERÐ ÁÐUR 549,-~~
456,-

Tilboðin gilda 23. - 26. okt 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Skrepptu til Kanarí í skammdeginu og fáðu sól í kroppinn

ÚRVAL·ÚTSÝN

Alþjóðlegt málþing

Fyrri heimsstyrjöld

Sögutúlkanir og samtímaáhrif, 1914–2014

Þjóðminjasafninu föstudaginn 24. október kl. 13–17

Í tilefni þess að hundrað ár eru liðin frá upphafi fyrri heimsstyrjaldar býður Sagfræðistofnun HÍ í samstarfi við sendiráð Bretlands og Þýskalands til alþjóðlegs málþings um sögutúlkanir og samtímaáhrif ófriðarins. Erindi flytja **Christoph Cornelißen**, prófessor í samtímasögu við Goethe-háskóla í Frankfurt og **Christopher Coker**, prófessor í alþjóðasamskiptum við London School of Economics. Auk þess munu fjórir íslenskir sagnfræðingar flytja erindi. Málþingið fer fram á ensku og er opið öllum meðan húsrúm leyfir. Dagskrá þess má nálgast á vefnum; á viðburðatali HÍ, Sagnfræðistofnun eða Facebook

HÁSKÓLI ÍSLANDS SAGNFRÆÐISTOFNUN · ifa Institut für Auslandsbeziehungen · British Embassy Reykjavik



Upp komst um svikara sem forðaðist málaferli með lygum um veikindi:

Þóttist lamaður en gekk í búðir

BRETLAND, AP Alan Knight, íbúi í Swansea í Wales, þóttist í tvö ár vera lamaður á höndum og fótum, algerlega fastur í rúminu heima hjá sér þar sem konan hans sinnti honum. Hann sagði lögreglu að hann væri svo veikur að stundum félli hann í dá. Og svo sagðist hann fá flog.

Þegar farið var að rannsaka málið náðust myndir af honum gangandi um í verslunarmiðstöðvum. Einnig sást hann aka bifreið. Hann hefði kannski komist upp með þetta ef hann hefði ekki farið að nota afsláttarkort í búðunum.

Tilgangurinn virðist hafa verið sá að koma sér undan málaferlum. Saksóknari segir Knight hafa stolið stórfé af öldruðum nágranna sínum. Hann mætti til réttarhaldanna í hjólastól, en viðurkenndi allt þegar honum voru sýndar myndirnar. - gb



ALAN KNIGHT Sprækur í verslunarleiðangri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Átta dómar gegn Íslandi á tíu árum

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur átta sinnum á tíu árum dæmt íslenska ríkið skaðabótaskylt vegna brota á Mannréttindasáttmála Evrópu. „Málafjöldinn við dómstólinn hefur vaxið gríðarlega síðustu ár," segir Jón Steinar Gunnlaugsson.

DÓMSTÓLAR Á síðasta áratug hafa átta dómar fallið gegn íslenska ríkinu hjá Mannréttindadómstól Evrópu. Í flestum tilfellum er um að ræða dóma Hæstaréttar sem Mannréttindadómstóllinn hefur fundið að.

Þann 21. október síðastliðinn vann Erla Hlynsdóttir blaðamaður mál fyrir Mannréttindadómstólnum. Þótti sýnt að vegið hefði verið að frjálsri tjáningu Erlu og frelsi fjölmiðla til að taka við og miðla efni. Er þetta í annað sinn sem Erla Hlynsdóttir vinnur mál fyrir dómstólnum.

Í ljós kemur að á síðastliðnum tíu árum sem dómstóllinn hefur tekið fyrir mál sem snúa að íslenska ríkinu, og þar sem hann finnur brotalamir á dómum Hæstaréttar, hefur Gunnlaugur Claessen fellt fimm þessara dóma. Ingibjörg Benediktsdóttir, Árni Kolbeinsson og Hrafn Bragason felldu fjóra dóma sem Mannréttindadómstóllinn hefur fundið að.

JÓN STEINAR GUNNLAUGSSON

Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, segir málafjöldann sem liggur fyrir dómstólnum standa honum fyrir þrifum. „Við Íslendingar höfum verið aðilar að þessu samstarfi í nokkra áratugi. Þróunin ytra hefur verið á þá leið að málafjöldinn hefur vaxið gríðarlega fyrir dómstólnum. Nú er svo komið að hann ræður ekki við allan þennan fjölda," segir Jón Steinar.

Einnig kemur í ljós, þegar hæstaréttardómarnir eru skoðaðir, að aðeins tvisvar hafa dómarar verið ósammála. Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen skrifuðu sérálit í dómi sem féll í Hæstarétti í máli Péturs Þórs Sigurðssonar gegn Landsbankanum. Þar voru þeir þó í aðalatriðum sammála dómsniðurstöðu meirihluta Hæstaréttar.

MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari, segir að kanna þurfi hvort Íslendingar eigi að eiga aðild að dómstólnum. NORDICPHOTOS/AFP

DÓMAR SEM ATHUGASEMDIR VORU GERÐAR VIÐ

Dómar íslenskra hæstaréttardómara sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur gert athugasemdir við síðastliðin tíu ár

Gunnlaugur Claessen →	1	2	3	4	5
Ingibjörg Benediktsdóttir →	1	2	3	4	
Árni Kolbeinsson →	1	2	3	4	
Hrafn Bragason →	1	2	3	4	
Guðrún Erlendsdóttir →	1	2	3		
Pétur Kr. Hafstein →	1	2	3		
Haraldur Henryson →	1	2	3		
Markús Sigurbjörnsson →	1	2			
Ólafur Börkur Þorvaldsson →	1	2			
Garðar Gíslason →	1	2			
Hjörtur Torfason →	1	2			

Ólafur Börkur Þorvaldsson er eini hæstaréttardómarinn sem skrifað hefur sérálit þar sem hann er ósammála meirihluta Hæstaréttar. Benti Ólafur Börkur einmitt á lög um Mannréttindasáttmála Evrópu áliti sínu til stuðnings. Að öðru leyti hafa dómarnir fallið samhljóða.

Jón Steinar segir dómstólinn ekki hafinn yfir gagnrýni. „Nú getur einn dómari tekið ákvörðun um að vísa máli frá án þess að neinn rökstuðningur fylgi ákvörðuninni," segir Jón Steinar sem vill að kannað verði hvort Íslendingar eigi að taka þátt í þessu samstarfi. „Við getum ekki verið aðilar að dómstól þar sem málum er vísað frá með þessum hætti," segir Jón Steinar.

sveinn@frettabladid.is

Velferðarnefnd Alþingis óskar eftir að fá fulltrúa ráðuneytisins á sinn fund:

Ræða ábendingar landlæknis

VELFERÐARMÁL Velferðarnefnd fundaði í gær um ábendingar landlæknis vegna eftirlits með lyfjaávísunum og lyfjanotkun. Fundurinn var haldinn í framhaldi fundar með Geir Gunnlaugssyni landlækni á mánudag.

Að sögn Sigríðar Ingibjargar Ingadóttur, formanns velferðarnefndar, var ákveðið að óska eftir því að fá fulltrúa ráðuneytisins á fund nefndarinnar á miðvikudag í næstu viku. „Þá munum við ræða viðbrögð þeirra við ábendingum landlæknis," segir Sigríður. Á mánudag afhenti landlæknir nefndinni bréf sitt til heilbrigðisráðherra um veikleika í kerfinu og hvað þurfi að gera til þess að hægt sé að sinna ávísun ávanabindandi lyfja betur. Til stóð að fara yfir málið í gær en því var frestað.

„Við tókum þá ákvörðun, þegar fólk sá að þetta væru umfangsmiklar ábendingar, að það væri ástæða til þess að ræða þetta við ráðuneytið," segir Sigríður. - vh

SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR Formaður velferðarnefndar segir lyfjaeftirlitsmálið umfangsmikið.

DEBENHAMS

BLÁA BOMBAN

VERÐSPRENGJA!

20%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM UNDIRFÖTUM FYRIR DÖMUR

OPIÐ TIL KL. 21:00 Í KVÖLD

GILDIR ÚT SUNNUDAG

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Múslímum hótað í Svíþjóð:

Óttast að fara til bænastunda

SVÍÞJÓÐ Skemmdarverk hafa verið unnið á tveimur af hverjum þremur moskum í Svíþjóð, samkvæmt könnun meðal múslíma þar. Sænska ríkisútvarpið segir að krotað hafi verið á veggi og rúður brotnar auk þess sem brotist hafi verið inn í moskurnar.

Gestum einnar moskunnar hefur oft verið veitt eftirför af bíl á undanförnum mánuðum. Margir óttast að fara til bænastunda í moskunum. Alls tóku 110 af 147 söfnuðum þátt í könnuninni. - ibs

Bandarískir Blackwater-liðar dæmdir sekir vegna fjöldamorða á götu í Bagdad árið 2007:

Einn sekur um morð, þrír um manndráp

BANDARÍKIN Bandarískur kviðdómur komst í gær að þeirri niðurstöðu að fjórir liðsmenn Blackwater-fyrirtækisins væru sekir, einn um morð og þrír aðrir um manndráp.

Mennirnir urðu 17 manns að bana og særðu um tuttugu til viðbótar á Nisúrtorgi í Bagdad árið 2007. Heimamenn segja manndrápin hafa verið tilefnislaus og því hreinræktuð fjöldamorð.

Mennirnir störfuðu fyrir bandaríska utanríkisráðuneytið sem öryggisverðir á verktakasamningum.

Kviðdómurinn hafði í gær ekki komist að niðurstöðu í öllum ákæruatriðum, en kynnti í gær þær niðurstöður sem komnar eru. Kviðdómurinn mun svo halda áfram að ræða önnur ákæruatriði, en alls eru þau 33.

Málið hafði mikil áhrif á samskipti íraskra stjórnvalda við Bandaríkin. Írakar kröfðust þess að mennirnir yrðu látnir svara til saka og vildu að þeir kæmu fyrir dómstóla í Írak.

Bandaríkin féllust ekki á það og átti þessi afstaða þeirra stóran þátt í því að illa gekk að gera samninga um samstarf Íraka við Bandaríkjaher eftir að bandarískt herlið yfirgaf Írak. - gb

TVEIR BLACKWATER-MANNA Dómurinn kann að hafa áhrif á framtíðarsamskipti Bandaríkjanna og Íraks. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

VIÐBÚNAÐUR Lögreglumaður á hlaupum í miðborg Ottawa í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Öngþveiti í Ottawa

Rúmlega þrítugur maður, Michael Zehaf-Bibeau að nafni, myrti kanadískan hermann og hleypti af skotum inni í þinghúsinu í Ottawa í gær. Árásarmaðurinn féll fyrir skotum lögreglu, en grunur lék á að einn eða fleiri væru í liði með honum.

KANADA, AP Kanadískur hermaður, sem stóð heiðursvörð við minnismerki fyrir utan þinghúsið í Ottawa, var í gær myrtur af byssumanni, sem síðan hélt inn í þinghúsið og hleypti þar af fjölda skota. Þá var einnig skotið af byssu í verslunarmiðstöð skammt frá þinghúsinu.

Lögreglan leitaði í gær að einum eða tveimur öðrum mönnum, sem talið var að hefðu tekið þátt í árásinni. Einn árásarmaður lét lífið í skotbardaga við lögregluna.

Þá særðust að minnsta kosti tveir aðrir. Að sögn talsmanna sjúkrahúss í Ottawa var ástand þeirra beggja stöðugt.

Grunur vaknaði fljótlega um að þarna væri á ferðinni skipulögð hryðjuverkaárás og var fjölmennt lið lögreglu og hermanna kallað út. Stórum svæðum í miðborginni var lokað og allt starfsfólk þinghússins og fleiri bygginga í miðbænum var beðið um að halda kyrru fyrir. Þá var íbúum almennt ráðlagt að vera ekki á ferli utan dyra.

Bandarískir fjölmiðlar sögðu árásarmanninn hafa heitið Michael Zehaf-Bibeau, vera 32 ára gamlan og líklega frá Alsír.

Stuttu síðar birtu öfgasamtökin Íslamskt ríki, sem náð hafa stórum svæðum í Sýrlandi og Írak á sitt vald, mynd af manni sem þau sögðu árásarmanninn.

Vitni segja árásarmann, klæddan svörtum fötum og með klút fyrir andliti, hafa gengið upp að hermanninum og skotið hann í návígi. Hermaðurinn stóð heiðursvörð við stríðsminnismerki þegar árásarmaðurinn lagði til atlögu.

Lögreglan varðist að mestu frétta í gær, hugsanlega af ótta við að annar árásarmaður gæti notfært sér allar upplýsingar til að komast undan eða gera fleiri árásir. Kanadíska fréttastofan CP hafði eftir Tony Zobl, 35 ára manni sem sá atburðinn úr glugga á fjórðu hæð: „Vörðurinn féll til jarðar og byssumaðurinn lyfti höndum sínum eiginlega eins og sigri hrósandi og hélt um leið á rifflinum.“

Stephen Harper forsætisráðherra var ekki í hættu staddur og yfirgaf svæðið fljótlega eftir árásina. Þá var bandaríska sendiráðinu í Ottawa lokað í öryggisskyni.

Lögreglan í Ottawa var á varðbergi fyrir atburði gærdagsins vegna árásar sem gerð var á tvo kanadíska hermenn fyrr í vikunni. Þar var þó ekki skotárás á ferðinni, heldur var ekið á hermennina. Annar þeirra lést en hinn slasaðist.

Sá árásarmaður féll fyrir skotum lögreglu. Hann hafði nýverið gerst múslimi, en lögreglan hafði haft hann grunaðan um að ætla til Sýrlands eða Íraks að berjast þar með herskáum vígasveitum. Hann hafði reynt að komast til Tyrklands, en þá var vegabréf hans tekið af honum.

gudsteinn@frettabladid.is

Skotárás í Ottawa, höfuðborg Kanada

Kanadískur hermaður lét lífið í skotárás fyrir utan þinghúsið. Einn árásarmaður lét lífið í skotbardaga við lögreglu. Íslenska sendiráðið er staðsett rétt utan kortsins, neðst til vinstri.

SKOTÁRÁSIRNAR

Heimild: Fréttastofur Ljósmynd: Google Earth © GRAPHIC NEWS

ESTĒE LAUDER

kaupaukinn þinn í Hagkaup

Glæsilegur kaupauki* fyrir þig ef þú kaupir vörur frá Estée Lauder fyrir 6.900 kr. eða meira í snyrtivöruverslunum Hagkaups dagana 23.- 29. október.

Kaupaukinn inniheldur:

Take It Away Makeup Remover – farðahreinsi, 30ml
Advanced Night Repair – viðgerðardropar, 7ml
Daywear Creme Spf 15 – dagkrem hlaðið andoxunarefnum og vörn, 15ml
Sumptuous Bold Volume Mascara – svartan maskara sem lengir og þéttir, 2.8ml
Pure Color Lipstick – varalit fulla stærð, litur pinkberry
Modern Muse EDP – ilm
Handhægan Spegil Í Veski
Fallega Snyrtibuddu

*meðan birgðir endast

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FREMSTIR Í SÖLU OG
BL KYNNIR FYRSTA 10

SAMA FLUTNINGSGETA
DRÆGNI ALLT AÐ 120 KM Á HLEÐSLU
ENGAR GÍRSKIPTINGAR
ENGINN CO_2 ÚTBLÁSTUR

ÖLGERÐIN OG ÍSLANDSPÓSTUR FYRSTIR

Ölgerðin og Íslandspóstur eru fyrstu viðskiptavinirnir sem taka við rafknúnum Renault sendiferðabílum frá BL. Fyrirtækin reka hvort um sig eina stærstu bílaflota landsins og hafa markað sér skýra stefnu um að láta ekki sitt eftir liggja í umhverfismálum. Á mynd frá vinstri: Bjarni Þ. Sigurðsson vörumerkjastjóri Renault, Sigurður J. Jónsson flotastjóri Íslandspósts og Gunnlaugur Einar Briem flotastjóri Ölgerðarinnar.

B|L

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

G ÞJÓNUSTU RAFBÍLA
00% RAFSENDIBÍLINN

ENNEMM / SIA / NM65153

SVONA GERUM VIÐ

BL er stærsta rafbílaumboð landsins með starfsfólk sem hlotið hefur sérhæfða þjálfun í sölu og þjónustu fyrir rafbíla. Við erum stolt af einu fullkomnasta rafbílaverkstæði landsins og viðskiptavinir okkar geta reitt sig á aðgang að bifvélavirkjum sem hlotið hafa sérstaka menntun í þjónustu rafbíla. Sölumenn okkar bjóða flota af rafbílum fyrir áhugasama viðskiptavini til að prófa og kynnast. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa því tæplega 100 viðskiptavinir BL njóta þess að aka um á hljóðlausum umhverfisvænum rafbíl og borga með bros á vör 2 krónur á kílómetra fyrir orkuna.

RENAULT

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

LOFTBELGUR FLYTUR 24 FARÞEGA YFIR ARABÍUSKAGA Einn stærsti loftbelgur heims var á ferðinni yfir Margham-eyðimörkinni í Sameinuðu arabísku furstadæmunum, um 60 kílómetra suðaustur af Dúbaí. Í farþegakörfunni voru 24 farþegar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

KNAPAR SÝNA LISTIR SÍNAR Í MAROKKÓ Mikil hestahátíð var haldin í hafnarborginni El Jadida í fyrradag. NORDICPHOTOS/AFP

ÁSTAND HEIMSINS

EKKJUR STÍGA FRAM Í DAGSLJÓSIÐ Á INDLANDI Í borginni Vrindavan á norðanverðu Indlandi héldu menn upp á Diwali-hátíðina á mánudag. Til tíðinda bar að ekkjur gengu þar fylktu liði, skrautklæddar innan um mannfjöldann, en þær hafa hingað til þurft að lifa í felum. Íbúar borgarinnar fögnuðu þessu flestir. NORDICPHOTOS/AFP

ÁTÖK Í HONG KONG Mótmælandi í Hong Kong reynir að stöðva hóp leigubílstjóra sem reyndu að fjarlægja vegartálma á mikilvægri umferðaræð. Leiðtogar mótmælenda hafa fundað með ráðamönnum en sá fundur skilaði engu. Stjórnvöld staðfestu að þau hafa engan áhuga á að verða við lýðræðiskröfum mótmælenda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ELDAR SLÖKKTIR Á KORSÍKU Slökkviliðsflugvél varpar slökkviefni á gróðurelda í Ajaccio, fæðingarbæ Napóleons keisara, á Korsíku. Eldarnir dreifðust hratt vegna hvassviðris. NORDICPHOTOS/AFP

KONUR Á HERÆFINGU Í AFGANISTAN Hópur kvenna tók þátt í heræfingu í Kabúl, höfuðborg Afganistans, þar sem heimamenn búa sig undir að taka við af fjölþjóðaliðinu þar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bleikur fimmtudagur

Í DAG Í MIÐBORGINNI OKKAR

Bleika slaufan er tákn Krabbameinsfélagsins í baráttunni gegn krabbameini hjá konum og viljum við minna á átakið sem nú stendur yfir. Margar verslanir í miðborginni eru **opnar til kl. 21 í kvöld,** léttar veitingar verða í boði og tilboð. Hægt verður að kaupa viðhafnarútgáfu Bleiku slaufunnar á völdum stöðum og hluti af sölu dagsins mun renna til Krabbameinsfélagsins.

Munið bílastæðahúsin og næg bílastæði um alla miðborgina.

BERGSTAÐIR
KOLAPORT
RÁÐHÚSIÐ
STJÖRNUPORT
TRAÐARKOT
VESTURGATA
VITATORG

MYCONCEPTSTORE

Léttar veitingar, 15% af sölu renna til Krabbameinsfélagsins.

Laugavegi 45

freebird

15% afsláttur af öllu skarti í dag.

Laugavegi 46

ANNARANNA

Léttar veitingar og 10% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 77

BLUE LAGOON ICELAND

1000 kr. af hverjum Blue Lagoon varasalva renna til Krabbameinsfélagsins.

Laugavegi 15

38 ÞREP
Laugavegi 49 / sími 561 5813

Styðjum hver aðra í bleikum október. 10% af sölu renna til Krabbameinsfélagsins.

Laugavegi 49

MARTA JONSSON

Tilboð á skóm og töskum.

Laugavegi 51

kokka laugavegi 47

Kauptu eitthvað bleikt og við styrkjum Krabbameinsfélagið um 500 kr.

Laugavegi 47

EÍNVERA

Léttar veitingar og 20-30% afsláttur af völdum vörum.

Laugavegi 35

kroll

10% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 49

after... the end

30% afsláttur af völdum vörum frá Raquel Allegra, kampavín og konfekt.

Laugavegi 39

eva

Bjóðum 15% afslátt af öllum vörum einungis í dag. Léttar veitingar.

Laugavegi 26

ÖXNEY

Juniform er komið til okkar! 10% af sölu renna til Krabbameinsfélagsins.

Klapparstíg 40

BÍLASTÆÐASJÓÐUR

LEIGUFÉLAG ÍSLANDS

VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!

— WWW.MIDBORGIN.IS —

MIÐBORGIN OKKAR

Breytingar gerðar vegna hræðslu við myndatöku:

Þora ekki í sturtu í skólanum

Nemendur í nokkrum sveitarfélögum í Svíþjóð eru svo hræddir um að teknar verði myndir af þeim þegar þeir eru í sturtu í skólanum að þeir eru farnir að hætta að þvo sér eftir íþróttatíma. Nemendur eru einnig ragir við að fara á salerni. Þess vegna er nú verið að breyta sturtuaðstöðu og salernum í skólunum, að því er segir í frétt á vef Dagens Nyheter. Sett hafa verið upp skilrúm í sturtunum og salernin hafa verið einangruð til að draga úr hljóði frá þeim.

Í Gautaborg voru gerðar breytingar á um 600 salernum á árunum 2011 til 2013 og í fyrra voru gerðar breytingar á 16 rýmum þar sem nemendur skipta um föt og fara í sturtu. - ibs

STURTA Sett hafa verið upp skilrúm í sturtuaðstöðu í sænskum skólum. NORDICPHOTOS/GETTY

Rannsóknir vísindamanna á áhrifum áfengis til verndar heilsunni:

Áfengi heilsubót fyrir aðeins 15 prósent

Aðeins um 15 prósent manna hafa gagn af því að drekka eitt glas af rauðvíni á dag sér til heilsubótar. Þetta eru niðurstöður rannsóknar norskra og sænskra vísindamanna sem gerð var við háskólann í Gautaborg í Svíþjóð.

Niðurstöður franskrar rannsóknar frá 1995 gáfu vísbendingar um að sérstakt afbrigði af geni gæti valdið því að áfengi hefði verndandi áhrif. Vísindamennirnir í Gautaborg ákváðu að sannreyna þetta á 618 manns með hjartasjúkdóma og á um 3.000 manns í viðmiðunarhópi. Þátttakendur í rannsókninni voru flokkaðir eftir því hversu mikið þeir sögðust drekka af áfengi. Þar að auki var rannsakað hvort þeir bæru fyrrgreint afbrigði af geni.

Rannsóknin leiddi í ljós hið sama og franska rannsóknin gerði fyrir um tuttugu árum. Miklu færri þeirra sem eru með þetta sérstaka gen og drekka áfengi í hófi eru með hjartavandamál.

Á norska vísindavefnum forskning.no er haft eftir norska prófessornum Dag Thelle að eitt og sér verndi genið ekki fyrir sjúkdómum. Þegar áfengi komi við sögu veiti það hins vegar góða vernd gegn hjartaáfalli. Greint er frá niðurstöðunum í ritinu Alcohol. - ibs

BARNEIGNUM FRESTAÐ Með bónus á að reyna að fá konur til að fresta barneignum. NORDICPHOTOS/GETTY

➜ Facebook og Apple bjóða einnig styrk til að standa straum af kostnaði við að láta geyma eggin.

Facebook og Apple vilja jafna kynjahlutfallið:

Bjóða konum styrk til að láta frysta egg

Facebook og Apple bjóða konum sem starfa hjá fyrirtækjunum styrk til að láta frysta egg til þess að þær geti einbeitt sér að frama sínum og stofnað fjölskyldu síðar á ævinni, að því er NBC-sjónvarpsstöðin greindi frá. Konur í fyrirtækjunum og fleiri fyrirtækjum í sama geira hafa verið í minnihluta starfsmanna og að undanförnu hefur því verið þrýst á þau að jafna kynjahlutfallið.

Þess vegna bjóða Facebook og Apple konum styrk upp á um 10 þúsund dollara til að láta frysta egg. Fyrirtækin bjóða einnig styrk til að standa straum af kostnaði við að láta geyma eggin og bjóða þess vegna allt að 20 þúsund dollara styrk.

Facebook hefur þegar greint starfsmönnum sínum frá þessum bónus og Apple hyggst gera það eftir áramót. Ekki hefur verið greint frá því í fréttum hvort karlkyns starfsmönnum verði boðið að sameina frama og fjölskyldulíf á einhvern hátt. - ibs

SARA REGINSDÓTTIR MÆLIR MEÐ

NEOSTRATA

Fyrir ári síðan fékk ég óútskýrð útbrot um augun og þorði varla að mála mig eða setja á mig krem. Ég las mér til um sýrukrem, fór beint í næsta apótek og kom heim með augn- og andlitskrem frá **NeoStrata**.

Ofnæmið hvarf og ég er enn að nota **NeoStrata**.

Ráðgjafi verður 23. október í Lyfju Lágmúla frá kl. 14-17.

25% afsláttur meðan á kynningu stendur.

LYFJA – Lifið heil

Á UNGBARNALEIKSKÓLANUM Hafdís Ósk Pétursdóttir með Degi Kára sem er 18 mánaða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Erfitt er skipulagsdagar í skólum barna dreifast

Skipulagsdagar í grunn- og leikskólum í sama hverfi eru ekki alltaf þeir sömu. Foreldrar þurfa að taka sér lengra frí að vetri og skiptast á að vera í sumarfríi.

Þegar vetrarfrí elsta barns Hafdísar Óskar Pétursdóttur og Sveinbjörns Jónssonar hófst á dögunum áttu þau ekkert frí inni frá síðasta sumri. „Það var því lítið sem við gátum gert til að eiga saman fjölskyldustundir," segir Hafdís sem á þrjú börn, 7, 3 og 1 árs.

Yngri börn Hafdísar eru í leikskóla, það eldra í hverfisleikskóla en það yngra á ungbarnaleikskóla þar sem Hafdís er deildarstjóri. Ekki er víst að báðum leikskólunum verði lokað á sama tíma í sumar, að sögn Hafdísar. „Það er nefnilega kosið um það í öðrum leikskólanum hvenær sumarsins eigi að hafa lokað. Næsta sumar gæti þess vegna orðið höfuðverkur og ég sé fram á að við hjónin tökum hluta af sumarfríinu okkar hvort í sínu lagi til að ná örugglega að spanna allt sumarfrí barnanna. Við munum væntanlega ekki eiga neitt frí inni næsta vetur sem gott væri að eiga vegna vetrarfrís elsta barnsins og skipulagsdaga í skólum allra barnanna."

Skipulagsdagar í grunnskóla og leikskólum barnanna skarast að mestu leyti, að sögn Hafdísar. „Af sex skipulagsdögum í hverfisleikskólanum eru þrír sameiginlegir með grunnskólanum. Það er gott að fá þessa þrjá daga en auðvitað væri best að þeir væru allir sameiginlegir en ég hef vissan skilning á því hvers vegna svo er ekki. Grunnskólinn hefur skipulagsdaga sem næst fríum eins og jólafríi, páskafríi og sumarfríi. Þessir skipulagsdagar henta ekki leikskólunum sem fá fólk til að flytja fyrirlestra á sínum skipulagsdögum. Það er erfiðara að fá fyrirlesara í kringum frí."

Skipulagsdagarnir í grunnskólanum eru talsvert fleiri en í hverfisleikskólanum en skipulagsdagarnir í ungabarnaleikskólanum þar sem Hafdís starfar eru sex eins og í hverfisleikskólanum en ekki allir þeir sömu. „Leikskólinn sem ég starfa í er sjálfstæður skóli sem tekur á móti börnum úr öllum hverfum. Hann getur því ekki miðað við skipulagsdaga grunnskólanna," greinir Hafdís frá.

Hún segir foreldrana skipta á milli sín eins og hægt er að vera heima með börnunum þegar skólar eru lokaðir. „Fyrir utan jóla- og páskafrí þurfum við að manna um það bil 10 daga. Ég hef leyfi til þess að taka börnin með mér í vinnuna en þau geta ekki verið hjá mér í vinnunni allan daginn. Ég hugsa að ég verði heima fimm daga í vetur vegna skipulagsdaga og vetrarfrís. Maðurinn minn verður heima alla sex dagana þegar skipulagsdagar eru á ungbarnaleikskólanum því að þá þarf ég að vera í vinnunni. Svo erum við svo heppin að eiga góðar ömmur sem hjálpa til eins og þær geta."

> **„Af sex skipulagsdögum í hverfisleikskólanum eru þrír sameiginlegir með grunnskólanum. Það er gott að fá þessa þrjá daga en auðvitað væri best að þeir væru allir sameiginlegir en ég hef vissan skilning á því hvers vegna svo er ekki.**
>
> *Hafdís Ósk Pétursdóttir, deildarstjóri á leikskóla.*

Hafdís tekur það fram að skipulagsdagar séu nauðsynlegir í skólastarfi en hún veltir því fyrir sér hvort vinnumarkaðurinn þurfi ekki að laga sig að breyttum aðstæðum. „Í nágrannalöndum okkar er gert ráð fyrir að foreldrar fái frí á skólafrídögum til að geta verið með börnunum sínum. Það mætti einnig velta því fyrir sér hvort fólk ætti ekki að fá lengra sumarfrí á meðan börnin eru ung og þurfa mikla umönnun og dögunum fækkaði frekar þegar börnin væru betur í stakk búin til að hugsa um sig sjálf."

ibs@frettabladid.is

HAGLABYSSUR SEM HÆFA VEL

Vertu klár fyrir rjúpnaveiðitímabilið! Þú færð allt fyrir skotveiðina í Ellingsen, hvort sem það eru skotvopn, fylgihlutir, öryggisbúnaður eða skjólgóður klæðnaður.

Veglegur kaupauki að eigin vali að verðmæti 30.000 kr.

BROWNING A5
BAKSLAGSSKIPT VEIÐIBYSSA

3 kg, létt og meðfærileg.
Ákaflega auðveld í þrifum og umhirðu.
Vönduð taska og auka þrengingar.

269.900 KR.

DEVOLD ACTIVE DUO POLOBOLUR
Stærðir S-2XL
11.990 KR.

DEVOLD ACTIVE DUO BUXUR
Stærðir S-2XL
10.990 KR.

RJÚPNAVESTI
13.990 KR.

REDFEATHER SNJÓÞRÚGUR
29.990 KR.

SILVA RANGER S ÁTTAVITI
6.495 KR.

LEGGHLÍFAR
VERÐ FRÁ
6.990 KR.

DEERHUNTER HÚFA
Góð báðum megin
1.995 KR.

HAWKE SJÓNAUKI 8X25
13.990 KR.

WINCHESTER SUPER SPEED 10 STK.
VERÐ FRÁ
1.190 KR.

REMINGTON RJÚPNASKOT - 36 G
VERÐ FRÁ
2.990 KR.

Leitaðu ráða hjá okkur. Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.-föstud. 10-18 • laugard. 10-16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.-föstud. 8-18 • laugard. 10-16 • **ellingsen.is**

Ellingsen
- FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 143660

Hluthafafundur samþykkti í byrjun vikunnar tillögu stjórnar um að lækka hlutafé N1 um sem nemur þrjátíu prósentum:

N1 endurgreiðir hluthöfum 3.860 milljónir króna

Hlutafé N1 verður lækkað um 30 prósent, eða um 300 milljónir króna að nafnvirði, gangi eftir tillaga sem samþykkt var á fundi hluthafa félagsins á þriðjudag. Auk hlutafjárniðurfærslunnar var samþykkt að færa yfirverðsreikning hlutafjár félagsins niður um tæpa 3,6 milljarða króna.

EGGERT PÓR KRISTÓFERSSON

„Samtals verður hlutafé félagsins því lækkað um kr. 3.859.628.000 og mun fjárhæðin verða greidd út til hluthafa félagsins hlutfallslega í samræmi við hlutafjáreign þeirra í félaginu í lok dags þann 28. nóvember 2014," segir í kauphallartilkynningu félagsins.

Eggert Þór Kristófersson, fjármálastjóri N1, segir aðgerðina í samræmi við þá stefnu sem mörkuð hafi verið við skráningu félagsins í Kauphöllina, að eiginfjárhlutfall félagsins yrði um 40 prósent. Í síðasta árshlutauppgjöri félagsins var hlutfallið 51,1 prósent. „Það var mat stjórnar félagins að þetta væri stysta leiðin til að nálgast markmið félagsins um fjármagnsskipan," segir Eggert.

Aðgerðina segir hann ekki vera eins og arðgreiðslu sem greidd sé af hagnaði ársins á undan, heldur sé þarna verið að endurgreiða hluthöfum fé sem sett hafi verið í félagið. „N1 er fyrsta íslenska félagið í Kauphöllinni sem fer þessa leið," segir hann. Endurgreiðslan geti átt sér stað að fenginni heimild ríkisskattstjóra. Tilkynna á um endanlegar dagsetningar til Kauphallar þegar þær liggja fyrir. - óká

→ Hlutur 10 stærstu í endurgreiðslu N1*

Hluthafi	Eignarhlutur	Endurgreiðsla
1. Lífeyrissjóður verslunarmanna	14,2%	548,1 milljón króna
2. Lífeyrissj. starfsm. rík. A-deild	7,7%	298,7 milljónir króna
3. Gildi – lífeyrissjóður	7,6%	292,1 milljón króna
4. Stafir lífeyrissjóður	5,7%	220,1 milljón króna
5. Almenni lífeyrissjóðurinn	5,0%	193,0 milljónir króna
6. Helgafell ehf.**	4,2%	162,4 milljónir króna
7. Sameinaði lífeyrissjóðurinn	3,9%	152,0 milljónir króna
8. Landsbankinn hf.	3,8%	145,9 milljónir króna
9. Lífeyrissj. starfsm. rík. B-deild	3,4%	131,0 milljón króna
10. Straumur fjárfestingabanki hf.	2,8%	107,1 milljón króna

**Hlutdeild stærstu hluthafa N1 í fyrirhugaðri lækkun hlutafjár, miðað við lista 20 stærstu hluthafa í byrjun október 2014. **Félag í eigu eigenda Nathan & Olsen.*

KAUPHÖLL ÍSLANDS VÍS hefur verið skráð félag síðan í apríl 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heildarsalan 4,8 milljarðar:

Seldi allan hlut sinn í VÍS

Klakki ehf., sem áður hét Exista, hefur selt allan hlut sinn í tryggingafélaginu VÍS, en Klakki átti um 22 prósent af öllu hlutafé.

Alls eru seldir liðlega 374 milljón hlutir og nemur heildarverðmæti þeirra rúmlega 3,1 milljarði króna. Einungis vika er liðin frá því að Klakki seldi 1,66 milljarða króna hlut í VÍS. Greint hefur verið frá því að það voru lífeyrissjóðirnir Gildi, Stapi og Festa sem keyptu hlutinn þann 13. október.

Helsta eign Klakka eftir söluna á hlutnum í VÍS er hlutur í fjármálafyrirtækinu Lýsingu. - jhh

Vill stýra sameinuðu félagi:

Jens Garðar í framboð

Jens Garðar Helgason hefur tilkynnt framboð sitt til formanns sameinaðs félags Landssambands íslenskra útvegsmanna og Samtaka fiskvinnslustöðva.

Sameiginlegur fundur félaganna tveggja fer fram í lok mánaðarins. Fyrir aðalfundinum liggur tillaga um sameiningu samtakanna.

Jens Garðar tók við starfi framkvæmdastjóra Fiskimiða árið 2001 og gegndi því fram á þetta ár. Hann er einnig formaður bæjarráðs í Fjarðarbyggð. - jhh

Tískuveldið NTC stefnir að opnun nýrrar netverslunar

Áður en jólaverslunin fer á fullt mun tískuveldið NTC hefja sölu á netinu. Eigandinn, Svava Johansen, vonast til að með þessu verði hægt að þjónusta betur fólk á landsbyggðinni og þá sem alla jafna sækja ekki verslanir.

Fataverslanakeðjan NTC, sem rekur meðal annars Gallerí 17, stefnir á opnun netverslunar á næstunni og vinnur nú að uppfærslu síðunnar. „Við erum að reyna að setja hana í gang fyrir jól þannig að hún verði vonandi tilbúin um miðjan nóvember," segir Svava Johansen, eigandi verslunarinnar. Á síðunni verða seld merki sem ekki eru seld í verslununum.

Stefnan verður að selja tískufatnað, skó og fylgihluti fyrir herra og dömur, en einnig að það verði umfjöllun og blogg um klæðnað og tísku. „Við viljum gera þarna skemmtilega og líflega síðu og að fólk geti bara farið þarna inn á og verslað eins og á vefsíðum erlendis. Þetta er bara enn einn valkosturinn," segir hún.

Svava segir að sala í versluninni hafi alls ekki dregist saman. „En maður veit aldrei hvort það hefði verið enn meiri aukning ef það væri ekki samkeppni við netverslun almennt," segir hún.

Svava býst ekki við því að með tilkomu netverslunarinnar muni þeim fækka sem komi í verslanir hennar, til dæmis í Kringlunni og Smáralind. „Ég á von á aukningu," segir hún og bætir því við að flestir sem séu í verslunarrekstri og opni síðan netverslanir samhliða séu sammála því að sýnileiki verslananna verði meiri. „Að þetta verði bara stór búðargluggi fyrir fólk sem kemst ekki og þetta verði þannig að mestu leyti viðbót."

> **Við erum að framleiða undir þremur vörumerkjum. Það er nú kannski það skemmtilegasta ef við gætum farið að selja út fyrir landsteinana í gegnum netverslunina.**
>
> *Svava Johansen, eigandi verslunarinnar*

Netverslunin verði vonandi til þess að þjónusta landsbyggðina og líka til að þjónusta fólk sem er ekki mikið fyrir að fara í verslanir og þá sem hafa ekki tíma til að fara í verslanir. Þá segist Svava hafa fengið margar fyrirspurnir að utan varðandi vörur sem NTC framleiðir sjálft. Hvort og hvar fólk geti keypt þær vörur sem NTC framleiðir.

„Við erum að framleiða undir þremur vörumerkjum. Það er nú kannski það skemmtilegasta ef við gætum farið að selja út fyrir landsteinana í gegnum netverslunina. En við erum ekki þannig fyrirtæki að við séum númer eitt í framleiðslu og að koma því út heldur varð þetta viðbót sem hefur gengið vel. Við framleiðum sjálf fimmtán prósent af öllum vörum sem við seljum," segir Svava.

jonhakon@frettabladid.is

Í KRINGLUNNI NTC rekur verslanir víða. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lítil netverslun en vex þó ört

Rannsóknarsetur verslunarinnar á Bifröst vinnur nú að rannsókn á umfangi netverslunar á Íslandi. Emil B. Karlsson, forstöðumaður Rannsóknarsetursins, segir ekki tímabært að gefa upp tölur að svo komnu máli. Hann geti þó sagt að sem hlutfall af heildarverslun í landinu sé mun minna verslað í netverslun hér á landi en í nágrannalöndum okkar.

„Hins vegar hefur vöxturinn verið mjög mikill. Hann hefur verið álíka mikill í prósentum og hjá nágrannalöndum okkar," segir Emil. Hann bendir á að skýringar á lítilli verslun hér séu að Íslendingar versli meira við útlenskar netverslanir en neytendur í nágrannalöndum versli meira við innlendar netverslanir. Þá séu tvær aðrar ástæður fyrir því að íslenskar netverslanir hafi ekki náð sér almennilega á strik. „Í fyrsta lagi er lítill markaður og svo er hitt sem menn nefna að það er stutt fyrir flesta að fara í hefðbundnar verslanir," segir Emil.

Opinn fundur á degi Sameinuðu þjóðanna, föstudaginn 24. október kl. 12-13 – Björtuloft, Hörpu, 7. hæð.

Hádegisspjall með Gunnari Braga Sveinssyni, utanríkisráðherra

Helstu málefni á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 2014

Fundurinn er haldinn á vegum Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og utanríkisráðuneytisins.

Gunnar Bragi mun fjalla um þátttöku sína á 69. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í lok september og áherslur Íslands á vettvangi SÞ.

Þetta er einstakt tækifæri til þess að spjalla við utanríkisráðherra um þátttöku Íslands í störfum Sameinuðu þjóðanna.

Í lok fundar mun ráðherra undirrita samstarfssamninga við Landsnefnd UNICEF á Íslandi og Miðstöð Sameinuðu þjóðanna.

Fundarstjóri: Pia Hansson, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.

Léttar veitingar í boði. Allir velkomnir.
Vinsamlegast skráið mætingu á felag@un.is

UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN HÁSKÓLI ÍSLANDS

Forstjóri Marel sáttur við afkomu þriðja fjórðungs:

Hagnaður Marel var 1,5 milljarðar króna

Hagnaður Marel á þriðja ársfjórðungi nam um 1,5 milljörðum króna, en var um 918 milljónir króna á sama tímabili í fyrra. Hagnaðurinn hefur því aukist um 63% á milli ára. Tekjur á þriðja ársfjórðungi námu 28,7 milljörðum króna en voru um 24 milljarðar á sama tímabili árið á undan.

Pantanabók stóð í 25,9 milljörðum króna í lok þriðja ársfjórðungs núna samanborið við 23,9 milljarða evra í lok annars ársfjórðungs og var 21,2 milljarðar eftir þriðja fjórðung í fyrra.

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel, segir í tilkynningu að þriðji ársfjórðungur hafi verið góður fyrir fyrirtækið. „Við höfum skerpt á markaðssókn samhliða því að taka mikilvæg skref til að auka skilvirkni í rekstri. Sala og tekjur jukust um 20% á milli ára og rekstrarhagnaður hefur farið vaxandi," segir hann.

FORSTJÓRINN Árni Oddur hefur verið forstjóri Marel í eitt ár. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Hann segir að áætlun um að einfalda rekstur gangi eins og gert var ráð fyrir. „Markmiðið er að mæta þörfum viðskiptavina með skilvirkari hætti og draga úr árlegum kostnaði um 20-25 milljónir á tímabilinu 2014-2015," segir hann. - jhh

ALLT SEM ÞARF FYRIR HROLLVEKJANDIR

HREKKJAVÖKU

sparið

25%

AF ÞESSUM 6 BÚNINGU

TILBOÐIN GILDA TIL OG MEÐ 03.11.2014. VSK ER INNIFALINN Í VERÐI. FYRIRVARAR ERU GERÐIR VEGNA MÖGULEGRA PRENTVILLNA.

TOYS R US

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

SKOÐUN

Enn og aftur vantar Ríkisútvarpið peninga:

Beingreiðslur til Ríkisútvarpsins

Hún er harkaleg deilan milli núverandi útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins og stjórnarformannsins annars vegar og fyrrverandi fjármálastjóra hins vegar. Deilt er um hver eða hverjir beri mesta ábyrgð á endurteknum vandræðum stofnunarinnar. Vígvöllur þeirra er á síðum beggja dagblaða landsins. Fjármálastjórinn lék síðast leik í orrustunni í gær og benti þar á að stjórnartíð útvarpsstjórans hófst ekki þegar hann tók til starfa sem útvarpsstjóri, heldur fyrir nærri fjórum árum, það er á þeim degi sem hann tók sæti í stjórn Ríkisútvarpsins.

Sigurjón Magnús Egilsson
sme@frettabladid.is

Fjárhagsvandi Ríkisútvarpsins er mikill og hvert mannsbarn veit að meiri peningum er varið til rekstrar og afborgana en stofnunin aflar sér og fær með útvarpsgjaldinu. Í raun er það hreint galið að á hverju ári upphefjist sama orðræðan aftur og aftur. Nú bregður reyndar svo við að fyrrverandi fjármálastjóri og núverandi útvarpsstjóri og stjórnarformaður deila opinberlega.

„Þá hefur verið umtalsverður taprekstur hjá félaginu síðan því var komið á fót 2007 og hefur sá taprekstur að verulegu leyti verið fjármagnaður með nýjum lánum," skrifaði stjórnarformaðurinn í grein sem birtist í Fréttablaðinu nýverið. Þessu mótmælir fjármálastjórinn fyrrverandi og segir í grein sinni: „Þetta eru órökstuddar og rangar fullyrðingar. Eins og ég skýrði í grein í Morgunblaðinu 14. október sl. var ekkert uppsafnað rekstrartap til 31. ágúst 2013 þegar síðasta rekstrarári Páls Magnússonar lauk og þar af leiðandi engin lán tekin vegna tapreksturs á vakt Páls. Á nýliðnu rekstrarári, 1. september 2013 til 31. ágúst 2014, má hins vegar ætla að tap fyrir skatta hafi numið um 350 m.kr. og í lok febrúar 2014 hafi í fyrsta skipti verið tekið lán vegna tapreksturs. Allt á vakt Ingva Hrafns og Magnúsar Geirs," segir svo fjármálastjórinn fyrrverandi í grein í Morgunblaðinu í gær. Vandinn leysist ekki í deilum um hverjum hefur tekist verst upp á liðnum árum.

Meðan deilt er um hver eða hverjir bera ábyrgðina siglir Ríkisútvarpið áfram í óvissu. Og ekki bara Ríkisútvarpið. Auðvitað gildir það líka um önnur fjölmiðlafyrirtæki. Vegna stærðar sinna og forréttinda, það er með beingreiðslum úr ríkissjóði, eða kannski á að segja frá almenningi, er staða Ríkisútvarpsins svo sterk á markaði að hún hefur eðlilega áhrif á önnur fyrirtæki sem starfa við hlið stofnunarinnar. Dregur úr mætti þeirra og takmarkar möguleika þeirra. Það er rammpólitískt mál.

Nú er unnið að því að loka fjárlagafrumvarpi næsta árs. Þar liggur helsta von Ríkisútvarpsins, allavega til skammtímareddingar. Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, hefur örugglega ekki aukið bjartsýni þeirra sem bera áhyggjurnar. Hún hefur talað það ákveðið, ef rétt er munað hefur hún aftekið með öllu, eða flestu, að meiri peningar renni til Ríkisútvarpsins og sagt að stofnunin verði að sníða sér stakk eftir vexti.

Vissulega má nefna útvarpsgjaldið ýmsum nöfnum. Hvað sem það er kallað er það innheimt gegnum ríkið og meginhluta þess er skilað til Ríkisútvarpsins. Hvað á það vera hátt, á það allt að renna til stofnunarinnar og fleira þess háttar er stjórnmálamanna að svara. Og það sem fyrst.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Léttara líf í Heilsuborg

12 mánaða námskeið að léttara lífi

Heilsulausnir
- Hefst **27. október** kl. 7:20, 12:00 og 17:30
- Kennt **þrisvar í viku**

Að námskeiðinu standa m.a. hjúkrunarfræðingar, íþróttafræðingar, læknir, næringarfræðingur, sálfræðingar og sjúkraþjálfarar.

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

HEILSUBORG
www.heilsuborg.is

Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 108
Reykjavík • Sími 560 1010

FRÁ DEGI TIL DAGS

Reynir aftur

Þingmenn Samfylkingarinnar og Bjartrar framtíðar, með Helga Hjörvar í broddi fylkingar, hafa lagt fram frumvarp um að undanþágur frá samkeppnislögum er varða samráð, samruna og verðtilfærslu í mjólkuriðnaði verði felldar úr búvörulögum. Helgi Hjörvar lagði sambærilega tillögu fram árið 2011 en hún var þá felld. Það verður fróðlegt að heyra þá sem hyggjast fella tillöguna núna, verði hún yfirleitt tekin á dagskrá þingsins, útskýra afstöðu sína til frjálsrar samkeppni almennt. Og þá líka hvers vegna sala á mjólkurvörum á að vera undanskilin henni.

Kraftmikill varaþingmaður

Menn eru misjafnlega duglegir loksins þegar þeir komast í þau störf sem þeir þrá að sinna. Einn þeirra sem hafa reynt að láta hendur standa fram úr ermum er Björn Valur Gíslason, varaþingmaður VG, sem tók sæti á þingi á dögunum eftir nokkurt hlé. Á einungis örfáum dögum lagði hann fram 28 fyrirspurnir til ráðherra, en hann spyr meðal annars um þróun fjölda opinberra starfsmanna. En svo má á móti spyrja hvort þingmenn vinni alla jafna gagn með störfum sínum og hvort það sé yfirleitt æskilegt að þeir séu iðnir við störf sín.

Fáum við gamlar þotur?

Hún vakti heldur betur athygli fréttin um að lögreglan hefði eignast mikinn fjölda af svokölluðum MP5-byssum. Sú skýring hefur verið gefin að Norðmenn hafi verið að endurnýja vopnasafn sitt og norski herinn því ákveðið að gefa Íslendingum eldri byssur. Þá hefur verið bent á að samkvæmt upplýsingum á alfræðivefnum Wikipedia muni norski flugherinn endurnýja herþotur sínar árið 2016. Þeir munu þá þurfa að losa sig við eitthvað af F-16-þotum. Gamansamir menn vilja bíða og sjá hvort þoturnar verði þá líka sendar hingað.

jonhakon@frettabladid.is

HALLDÓR

Stígum varlega til jarðar

NÁTTÚRUVERND

Ari Trausti Guðmundsson
áhugamaður um útivist og fjallamennsku

Á stuttu tímabili hefur álag á mörg útivistarsvæði margfaldast. Kemur þar til aukinn áhugi okkar á útivist og umferð margra meðal næstum einnar milljónar ferðamanna. Afleiðingar of mikils álags blasa því miður víða við.

Reykjadalur inn af Hveragerði er á náttúruminjaskrá. Þar er snoturt fjalllendi, gróður vöxtulegur og áhugavert hverasvæði, náttúruleg baðlaug, hestastígur og þaulsetin gönguleið inn á eldvirkt svæði. Dalurinn og nágrenni er gott dæmi um land sem fer illa vegna álags og minnir á að nú er víða hafið kapphlaup við eyðileggingu sem er til komin af of seinni uppbyggingu stíga og annarrar aðstöðu ferðafólks; í snarhasti virðist lagt í framkvæmdir sem hefði átt að hefja mun fyrr.

Samkvæmt lauslegri úttekt Andrésar Arnalds hjá Landgræðslunni eftir skoðunarferð um dalinn (12. okt. sl.) og langri myndasyrpu sem hann hefur léð mér er ástand þessa ferðasvæðis vont. Gróðurskemmdir, torfærur, ónýtar gönguslóðir og margt fleira blasir þar við. Við þessu hefur verið brugðist, m.a. með því að hefja gerð mjög breiðs stígs (vegar?) upp dalinn og einnig ofan frá niður í hann. Slóðinn er sýnilega unninn án nægrar fyrirhyggju og líklega hefur fagleg ráðgjöf verið takmörkuð. Vissulega er jákvætt að þarna er hafist handa en margt má af framkvæmdinni læra.

Ég hef ekki í hyggju að gagnrýna vinnuna frekar eða fjalla sérstaklega um það sem þarna má ekki gera eða ætti að gera. Vil frekar benda á að víða um land eru að hefjast svipuð verkferli, annaðhvort undirbúningsvinna eða framkvæmdir, sem kalla á aukið fjármagn, vandaðan undirbúning, trausta fagþekkingu, nærgætni við umhverfið og fleira sem blasir við í jafn fjölbreyttu landslagi og hér er. Nú þegar verður að bregðast við og tryggja með fjáröflun og -veitingum, samráði og breyttum verkefnum stofnana og samtaka, einnig samvinnu þeirra, þannig að skipulag og mannvirkjagerð á göngu- og útivistarsvæðum utan þéttbýlis geti talist ásættanleg. Ef t.d. stígagerð í Þórsmörk er í góðu lagi, hvernig má búa um hnúta svo það sama megi segja um Reykjadal, Laugaveg gönguföllks eða Leirhnjúk sem er í einkaeigu? Flýtir í þessum tilvikum er ekki í boði. Í dag standa Landgræðslan, Umhverfisstofnun og Ferðamálastofa að ráðstefnu í Gunnarsholti um umhverfisáhrif vaxandi ferðamennsku. Hún er tímabær.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
MENNING: Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

Gylfaginning

FJÁRMÁL

Frosti Ólafsson
framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

➜ Fyrirliggjandi breytingar á neyslusköttum fela því í sér skattalækkun sem eykur kaupmátt allra tekjuhópa og dregur á sama tíma úr ójöfnuði í samfélaginu. Það er ofar skilningi undirritaðs hvernig fræðimenn líkt og Gylfi Magnússon geta fengið út allt aðra niðurstöðu.

Gylfi Magnússon, dósent við Háskóla Íslands, birti grein á þriðjudag um áhrif áformaðra neysluskattsbreytinga á ólíka þjóðfélagshópa. Gylfi stillti orðum sínum ekki í hóf heldur talaði meðal annars um „fráleitar forsendur“ fjármálaráðuneytisins, „fjarstæðukenndar fullyrðingar“ og „mjög skýrar“ hagtölur. Að lokum skilgreinir Gylfi afleiðingu breytinganna sem meiri ójöfnuð í samfélaginu.

Í því ljósi er áhugavert að skoða nánar þær forsendur, fullyrðingar og hagtölur sem komu fram í greininni og hver áhrif breytinganna á ólíka þjóðfélagshópa munu verða:

1 Matvælaútgjöld eftir tekjuhópum. Gylfi fullyrðir að útgjöld vegna kaupa á matvælum og drykkjarföngum hjá þeim Íslendingum sem hafi lægstar tekjur séu nær fjórðungi hærra hlutfall af öllum útgjöldum en hjá þeim sem eru með hæstar tekjur.

Hið rétta er að hlutfallið er 14,7% hjá þeim tekjulægstu en 14,5% hjá þeim tekjuhæstu samkvæmt neyslukönnun Hagstofunnar. Gylfi margfaldar því mismuninn með því að segja hann vera um 25%.

2 Raftækjaútgjöld eftir tekjuhópum. Gylfi fullyrðir að útgjöld vegna kaupa raftækja, sem eiga að lækka í verði við breytingarnar, séu meira en helmingi hærra hlutfall heildarútgjalda hjá tekjuhæsta hópnum en þeim tekjulægsta.

Hið rétta er að hlutfallið er 1% hjá þeim tekjulægstu en 1,1% hjá þeim tekjuhæstu. Aftur margfaldar Gylfi því mismuninn og segir hann vera yfir 50%.

3 Kostnaður við hverja máltíð. Gylfi segir að fjármálaráðuneytið geri ráð fyrir að hver máltíð kosti 209 kr. á mann fyrir fjögurra manna fjölskyldu.

Hið rétta er að eingöngu er gert ráð fyrir innkaupum í matvöruverslunum. Máltíðir í mötuneytum í skólum, á vinnustöðum, kaffihúsum og veitingastöðum eru ekki inni í þessum tölum. Því er rangt að deila matvælaútgjöldum niður með þeim hætti sem Gylfi hefur gert.

4 Skilvirkni aðgerða til tekjujöfnunar. Gylfi segir að aðrar aðgerðir en lækkun gjalda á nauðsynjavörur geti verið enn skilvirkari til að draga úr misskiptingu í samfélaginu. Gylfi gefur því til kynna að slík lækkun geti verið skilvirk leið.

Hið rétta er að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, OECD og fyrrverandi ríkisskattstjóri hafa bent á að lægri virðisaukaskattur á nauðsynjavörur sé óskilvirk leið til tekjujöfnunar. Það er því villandi að gefa til kynna að sú leið geti verið skilvirk.

Ef heildaráhrif áformaðra breytinga á neysluköttum á ólíka tekjuhópa eru skoðuð kemur í ljós að kaupmáttur allra mun aukast, enda er skipting útgjalda á milli hærra og lægra þreps virðisaukaskatts svipuð eftir tekjuhópum. Þar sem þeir tekjulægstu verja hærra hlutfalli ráðstöfunartekna sinna í neyslu eru áhrifin jákvæðust fyrir þann hóp.

Eini þjóðfélagshópurinn sem ver hærra hlutfalli útgjalda í matvæli en aðrir eru barnafjölskyldur. Í nýju fjárlagafrumvarpi er því gert ráð fyrir hækkun barnabóta sem vegur rúmlega upp þá útgjaldahækkun sem barnafjölskyldur verða fyrir. Áhrifin á þann þjóðfélagshóp eru því einnig jákvæð.

Fyrirliggjandi breytingar á neysluköttum fela því í sér skattalækkun sem eykur kaupmátt allra tekjuhópa og dregur á sama tíma úr ójöfnuði í samfélaginu. Það er ofar skilningi undirritaðs hvernig fræðimenn líkt og Gylfi Magnússon geta fengið út allt aðra niðurstöðu. Ein möguleg skýring er að Gylfi hafi látið ginnast af orðræðu stjórnmálanna og sett fræðin til hliðar í þetta skipið.

ASÍ

KJARAMÁL

Guðmundur Örn Jónsson
verkfræðingur

➜ Athafnir ASÍ hafa í nokkurn tíma verið úr takt við yfirlýstan tilgang samtakanna. Á seinasta áratug, þegar skattbyrði var í miklum mæli flutt yfir á þá tekjulægri, með þeim afleiðingum að sett var heimsmet í aukningu ójafnaðar, þá heyrðist lítið frá samtökunum.

Á heimasíðu ASÍ stendur: „Samtökin berjast fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og standa vörð um réttindi þeirra.“ Það kom því á óvart þegar samtökin hvöttu landsmenn til að berjast fyrir hagsmunum Palestínumanna með mótmælum fyrir framan bandaríska sendiráðið fyrir nokkrum vikum. Einnig komu seinustu kjarasamningar á óvart, en megintilgangur þeirra var að ná niður verðbólgu, og standa þannig vörð um hagsmuni fjármagnseigenda. Virtir hagfræðingar, þar á meðal Paul Krugman, hafa bent á að verðbólga upp á t.d. 4% væri ágætur kostur fyrir megnið af fólki, á meðan stöðugt verðlag gagnast helst fjármagnseigendum.

Athafnir ASÍ hafa í nokkurn tíma verið úr takti við yfirlýstan tilgang samtakanna. Á seinasta áratug, þegar skattbyrði var í miklum mæli flutt yfir á þá tekjulægri, með þeim afleiðingum að sett var heimsmet í aukningu ójafnaðar, þá heyrðist lítið frá samtökunum. Jafnvel þótt ASÍ sé með hagdeild og vitað sé að aukning ójafnaðar skaði hagvöxt og minnki það sem er til skiptanna. Einnig hafa samtökin lengi barist fyrir því að atvinnurekendur stjórni lífeyrissjóðum félagsmanna ASÍ, í stað þess að stjórna þeim sjálfir með hagsmuni félagsmanna sinna að leiðarljósi.

Það er einnig skiljanlegt að stjórnendur samtakanna reyni að hugsa um annað en kjör félagsmanna sinna þegar litið er til árangurs af starfsemi samtakanna. Á seinustu 15 árum, meðan rauntekjur stjórnenda hafa hækkað um 46% hafa laun verkafólks og fólks í þjónustustörfum hækkað um 20%. Iðnaðarmenn hafa hækkað um heil 2%. Þannig hefur iðnaðarmaðurinn fengið 13 þúsund króna hækkun meðan stjórnandinn hefur hækkað um 327 þúsund krónur, eða 25 sinnum hærri upphæð.

Má búast við því að ASÍ fari á næstunni að berjast eingöngu fyrir hagsmunum félagsmanna sinna?

Opið bréf til forstjóra Sjúkratrygginga

HEILBRIGÐISMÁL

Íris Stefánsdóttir
sálfræðingur

➜ Það verður að ráða bót á þessum vanda og bjóða fleiri meðferðarkosti eins og niðurgreidda sálfræðiþjónustu hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum.

Ágæti Steingrímur Ari.

Rammasamningur milli Sjúkratryggingaa Íslands og sálfræðinga á að gera börnum sem glíma við geðrænan vanda kleift að fá niðurgreidda sálfræðiþjónustu hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum. Í umræðu um skort á framboði, takmarkað þjónustuaðgengi og biðlistavanda í geðheilbrigðisþjónustu vil ég sjá þennan samning betur nýttan til handa börnum sem þurfa á sálfræðiþjónustu að halda. Sem stendur nýtist hann að mjög takmörkuðu leyti þar sem aðeins fimm sálfræðingar á landinu eru á samningi. Af þessu leiðir að fá börn njóta þjónustunnar. Gera þarf verulega bragarbót á rammasamningi þannig að fleiri sálfræðingar fáist til aðildar að honum og hægt verði að líta á niðurgreidda sálfræðiþjónustu sem gildandi meðferðarkost í geðheilbrigðisþjónustu við börn.

Einhliða ákvarðanir

Rammasamningur tók gildi 1. janúar 2008. Frá upphafi samnings hafa Sjúkratryggingar einhliða ákveðið nánar um framlengingar og gjaldskrárhækkanir án nokkurs samráðs við sálfræðinga. Útkoman er lág gjaldskrá sem gerir að verkum að aðeins fimm sálfræðingar á landinu eru með aðild að samningi. Algengt viðtalsgjald hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum sem starfa með börnum mun vera um það bil 40% hærra en sálfræðiviðtal í rammasamningi. Þá er gjaldskrá Sjúkratrygginga fyrir viðtal hjá barnageðlækni um 90% hærri en sálfræðiviðtal í rammasamningi. Sálfræðingar sem starfa á samningi þurfa að uppfylla strangar faglegar kröfur um menntun og reynslu ásamt því að fara í gegnum sérstakt umsóknarferli til að fá aðild samþykkta. Það verður því ekki séð að samræmi sé á milli hæfniskrafna og þeirra launa sem Sjúkratryggingar bjóða sálfræðingum.

Ég tók ákvörðun um að sætta mig tímabundið við lág laun samningsins þar sem ég tel að það eigi að vera sjálfsögð mannréttindi í samfélagi sem okkar, að börn hafi sömu möguleika á niðurgreiddri heilbrigðisþjónustu hjá sálfræðingi og t.d. barnageðlækni eða barnalækni, óháð vanda eða sjúkdómi. Til þess að svo verði, hlýtur að þurfa að hækka gjaldskrána og fá þannig fleiri sálfræðinga til starfa á samning. Ennfremur þarf að opna betur á aðgengi að þjónustunni og þá sérstaklega fyrir þau börn sem hafa ekki möguleika á þjónustu hjá opinberum stofnunum eins og sálfræðiþjónustu skóla, Þroska- og hegðunarstöð Heilsugæslunnar (ÞHS), Barna- og unglingageðdeild (BUGL), Greiningar- og ráðgjafarstöð (GRR), og heilsugæslustöðvum.

Fleiri meðferðarkosti

Eins og staðan er í dag hafa aðeins þau börn möguleika á niðurgreiddri sálfræðiþjónustu sem hafa farið í gegnum langa biðlista og þjónustu á ÞHS, BUGL, GRR eða Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Ég fæ ekki séð gagnsemi þess að nýta rammasamninginn til þess að veita viðbótarmeðferð fyrir hóp barna sem þegar hefur fengið þverfaglega meðferð á meðan ákveðinn hópur barna á mjög erfitt með að komast að í opinberri geðheilbrigðisþjónustu. Opinbera kerfið er fyrir löngu sprungið og tala biðlistarnir þar sínu máli.

Það verður að ráða bót á þessum vanda og bjóða fleiri meðferðarkosti eins og niðurgreidda sálfræðiþjónustu hjá sjálfstætt starfandi sálfræðingum. Aðgengið á að vera það sama og aðgengi að barna- og barnageðlæknum, börnin okkar eiga rétt á því. Eðlilegast væri að heilsugæslur, barna- og barnageðlæknar og sérfræðiþjónusta skóla gætu til viðbótar við fyrrgreindar stofnanir vísað börnum í niðurgreidda sálfræðiþjónustu.

Ég vil fara þess formlega á leit við Sjúkratryggingar Íslands að rammasamningur verði tekinn til gagngerðrar endurskoðunar og að þegar í stað hefjist samningavinna við Sálfræðingafélag Íslands. Grundvallaratriði eru að hækka gjaldskrá og opna á aðgengi svo sem tilvísanir frá áðurnefndum aðilum. Fyrst þá fer rammasamningur um niðurgreidda sálfræðiþjónustu fyrir börn að nýtast fleiri börnum og skila sér í bættri líðan og geðheilsu þessa mikilvægustu og viðkvæmustu þegna samfélags okkar.

Landspítali – háskólasjúkrahús í miklum vanda

Tómas Guðbjartsson
yfirlæknir og prófessor í skurðlæknisfræði, formaður prófessoraráðs Landspítala

Engilbert Sigurðsson
yfirlæknir og prófessor í geðlækningum, varaformaður prófessoraráðs Landspítala

Ásgeir Haraldsson
yfirlæknir og prófessor í barnalæknisfræði

Þóra Steingrímsdóttir
yfirlæknir og prófessor í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum

Guðmundur Þorgeirsson
yfirlæknir og prófessor í lyflæknisfræði

Læknar hafa, líkt og aðrir starfsmenn Landspítala, þungar áhyggjur af þróun mála á stærsta vinnustað landsins. Við metum stöðuna þannig að um alvarlegan bráðavanda sé að ræða sem bregðast þurfi við án tafar. Við vitum að slæm staða Landspítala er almenningi ekki að skapi, enda vilja allir Íslendingar geta reitt sig á þjónustu spítalans þegar á þarf að halda.

Fyrirheitin

Landsmenn fylktu liði um þjóðarsjúkrahúsið á síðasta ári. Þingmenn úr öllum flokkum skynjuðu þungann í málflutningnum og endurskoðuðu forgangsröðun í fjárlagafrumvarpinu sem þá var til afgreiðslu. Fyrir vikið komst spítalinn tímabundið fyrir vind og það lofaði góðu fyrir sjúklinga okkar og starfsfólk. Flestir héldu að botninum væri náð, enda ætluðu þingmenn allra flokka að fylkja sér um að viðhalda nauðsynlegri þjónustu spítalans. Nú er liðið ár og fyrirheitin um að snúa þróuninni við virðast gleymd eða eru í besta falli mjög óljós. Komi til frekari niðurskurðar á þessu ári samhliða verkföllum er óhjákvæmilegt að landsmenn búi sig undir skerta þjónustu strax á næsta ári.

Margþættur vandi

Vandi spítalans er margþættur. Ítrekað hefur komið fram að tækjakostur spítalans er víða úreltur og sífelldar bilanir daglegt brauð. Húsnæði sumra deilda er heilsuspillandi og aðstaða sjúklinga og starfsfólks ófullnægjandi. Til dæmis er skortur á viðunandi salernisaðstöðu (aðeins 4% salerna standast byggingarreglugerð), sem eykur smithættu. Það er einnig staðreynd að illa gengur að fá íslenska lækna sem lokið hafa sérnámi erlendis til að ráða sig á Landspítala. Ekki veldur síður áhyggjum að ungir sérfræðingar sem flutt hafa heim til Íslands flytja í vaxandi mæli aftur utan eða íhuga að flytja af landi brott. Það tekur um 15 ár að mennta hvern sérfræðing frá upphafi læknanáms. Þegar mest kreppti að í þjóðfélaginu tókst að halda rekstri spítalans í jafnvægi með hagræðingu en einnig gríðarlegu aðhaldi og niðurskurði. Í reynd var tekið lán hjá framtíðinni því viðhald húsnæðis var ófullnægjandi og bráðnauðsynlegri endurnýjun slegið á frest. Tækjakostur fór því niður fyrir öryggismörk og vinnuaðstaða og kjör heilbrigðisstarfsfólks urðu óviðunandi og ósamkeppnishæf. Það er löngu komið að skuldadögum og úrræðaleysi og ákvarðanafælni gerir illt verra. Frestun á úrbótum og uppbyggingu við ríkjandi aðstæður yrði í reynd enn ein lántakan[2].

Viðvarandi undirfjármögnun

Ljóst er að fjárveiting til Landspítala samkvæmt nýlegu fjárlagafrumvarpi nægir ekki til þess að reka spítalann á næsta ári miðað við óbreytta starfsemi. Á síðasta ári fengust eftir mikla baráttu 1.700 milljónir aukalega til rekstrs spítalans. Mest af því fé fór í launaleiðréttingar samkvæmt kjarasamningum og í jafnlaunaátak ríkisstjórnarinnar. Kostnaður við aukavaktir jókst einnig vegna mikils álags á hjúkrunarfræðinga og taka þurfti fé úr rekstri til að sinna bráðaviðhaldi á leku húsnæði. Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er rekstrarfé aukið um 120 milljónir sem nemur aðeins 0,26% af rekstrarfé spítalans. Slík viðbót er langt undir þeim 4-5% (allt að 2.000 milljónir) sem þarf til að halda sjó í rekstri spítalans. Þörf er á 1.000 milljónum til viðhalds á húsnæði, en viðhaldskostnaður lekra og heilsuspillandi bygginga verður sífellt meira íþyngjandi. Þetta er sýnu alvarlegra þar sem stöðugur niðurskurður hefur staðið yfir í meira en áratug á spítalanum. Þannig eru framlög til sjúkrahússins samkvæmt fjárlagafrumvarpi um 10% lægri á raunverði en árið 2008, þrátt fyrir að verkefni spítalans hafi aukist. Ekkert hinna stærri ríkisfyrirtækja hefur þurft að draga jafn mikið úr rekstri í hruninu og Landspítalinn.

Lekar byggingar

Eins og kemur glöggt fram í tveim nýlegum skýrslum Landlæknisembættisins um starfsemi, mannauð og húsnæði á Landspítala[1], má víða finna alvarlega bresti í aðbúnaði sjúklinga. Einnig er mönnun lækna á ýmsum sviðum spítalans komin fram á ystu nöf, t.d. í krabbameinslækningum og nýrnalækningum. Stöðuhlutföll hafa farið ört lækkandi í hjartalækningum þar sem hjartalæknar velja að starfa á eigin læknastofum fremur en á Landspítala. Ekki er staðan betri á myndgreiningardeild spítalans sem er undirstöðudeild á sjúkrahúsinu. Þannig má lengi telja. Á öllum ofangreindum deildum er hætta á að álag á þá sérfræðinga og deildarlækna sem eru við störf verði óhóflegt og þeir muni smám saman gefast upp. Það yrði sennilega alvarlegasta og kostnaðarsamasta afleiðingin af hnignun spítalans.

Spítali okkar allra

Landspítali er spítali allra landsmanna[2]. Flestar fjölskyldur landsins hafa einhvern tíma þurft á almennri eða sérhæfðri þjónustu spítalans að halda á mikilvægum stundum og oft við erfiðar aðstæður. Sérhæfð þjónusta verður ekki veitt án sérhæfðs starfsfólks. Krafan um spítala sem ræður við hlutverk sitt er ekki „hreppapólitík“. Hún er krafa allra landsmanna. Eðlilega þurfa eldri Íslendingar mest á heilbrigðisþjónustu að halda. Þetta er sá þjóðfélagshópur sem byggði upp samfélag okkar með hörðum höndum og ruddi þjóðinni leið til betra lífs. Við eigum þessum einstaklingum skuld að gjalda sem verður ekki velt yfir á framtíðina.

➜ Krafan um spítala sem ræður við hlutverk sitt er ekki „hreppapólitík“. Hún er krafa allra landsmanna.

Lokaorð

Það er sameiginlegt baráttumál íbúa í öllum landshlutum, sjúkra og heilbrigðra, yngri sem eldri að spítali allra landsmanna sé öflugur og traustur. Raunsæi, áræðni og framtíðarsýn þarf til að tryggja sjúklingum nauðsynlega þjónustu í öruggu umhverfi. Lausnin felst ekki í því að senda sjúklinga úr landi til lækninga. Það er vond lausn og dýr fyrir sjúklinga, aðstandendur og þjóðarbúið í heild. Gríðarleg þekking er til staðar í íslenska heilbrigðiskerfinu. Þennan mannauð má ekki undir neinum kringumstæðum missa úr landi. Styrkur íslenskrar heilbrigðisþjónustu hefur m.a. byggst á því að vel menntaðir sérfræðingar hafa snúið heim til starfa eftir margra ára nám og þjálfun við öndvegisstofnanir austan hafs og vestan. Ef sú nýliðun hættir horfum við fram á hnignun heilbrigðiskerfisins og skerta sérfræðiþjónustu sem afar erfitt verður að snúa við í náinni framtíð.

1) http://www.landlaeknir.is/um-embaettid/frettir/frett/item24656/Uttektir-a-Landspitala
2) http://www.laeknabladid.is/media/tolublod/1653/PDF/r02.pdf

Sárt bítur soltin lús

FJÁRMÁL

Þorsteinn Sæmundsson
þingmaður Framsóknarflokks

Fulltrúar þeirra sem þorðu ekki, gátu ekki og vildu ekki leiðrétta verðtryggð húsnæðislán heimilanna meðan þeir áttu þess kost, eiga bágt með að sætta sig við að ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar stendur með heimilunum í landinu og vinnur markvisst að því að niðurstaða fyrirhugaðrar skuldaleiðréttingar liggi fyrir innan tíðar. Fremstur í flokki úrtölumanna fer háttvirtur þingmaður Helgi Hjörvar, sár og svekktur. Eins og fyrri daginn lætur þingmaðurinn staðreyndir ekki flækjast fyrir sér heldur veður elginn og ruglar út í eitt. Sá sem hér ritar hefur áður látið þá skoðun sína í ljós að háttvirtur þingmaður Helgi Hjörvar sé ekki töluglöggur. Sá Akkillesarhæll þingmannsins kom berlega í ljós á Alþingi í síðustu viku. Þar fór hann að vanda rangt með tölur og ruglaði saman óskyldum hlutum. Þegar að því var fundið bar þingmaðurinn sig aumlega og birti „gögn“ á Eyjunni í því augnamiði að styðja við bullið en „gögnin“ leiddu einmitt í ljós veilurnar í málflutningi hans. Meðal þess sem háttvirtur þingmaður kom inn á var fjármögnun leiðréttingarinnar. Hann heldur því fram að heimilin í landinu séu sjálf að borga leiðréttinguna.

Þrotabúin skattlögð

Hið rétta er að það hefur ávallt legið fyrir að ríkið gæti þurft að vera milliliður, sérstaklega ef menn vildu flýta leiðréttingunni. Það hefur einnig legið fyrir frá því framkvæmd leiðréttingarinnar var kynnt að sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, svokallaður bankaskattur, hefur verið hækkaður og undanþága fjármálastofnana í slitameðferð frá skattinum verið afnumin. Gert er ráð fyrir að þessi breyting á bankaskattinum auki árlegar tekjur ríkissjóðs um 92 milljarða á fjórum árum. Í fyrsta sinn eru þrotabúin skattlögð, nokkuð sem fyrrverandi ríkisstjórn heyktist á að koma í verk allan sinn starfstíma. Þingmaðurinn heldur því fram að meðalleiðrétting skulda verði um 5%. Í þessu dæmi tekur þingmaðurinn mið af heildarskuldum heimilanna, þ.m.t. yfirdráttar- og Visaskuldir. Vissulega stendur núverandi ríkisstjórn með heimilunum í landinu en aldrei stóð til að leiðrétta Visa-skuldir.

Þingmaðurinn „gleymir“

Hið rétta er að áætlanir gera ráð fyrir að meðallækkun verðtryggðra húsnæðisskulda samkvæmt leiðréttingunni verði um 11% en það hlutfall er háð fjölda þeirra sem rétt eiga á leiðréttingu. Heildarupphæð húsnæðislána í lok árs nam 1.242 milljónum króna skv. Hagstofunni. Þingmaðurinn segir að hækkun neðra þreps VSK úr 7 í 12% muni hækka matarverð um 5%. Þarna „gleymir“ þingmaðurinn að taka inn í myndina afnám vörugjalda m.a. af matvælum. Einnig „gleymir“ þingmaðurinn að taka tillit til lækkunar efra þreps VSK og áhrifa hennar. Hið rétta er að verð á nauðsynjum mun skv. núverandi frumvarpi hækka um 3,4% en að teknu tilliti til áhrifa af niðurfellingu vörugjalda og lækkun efra þreps mun kaupmáttur heimila aukast.

Sá fræjum tortryggni

Auk þessa kýs þingmaðurinn að líta fram hjá fyrirhugaðri hækkun barnabóta og annarra mótvægisaðgerða við fimbulfamb sitt. Þingmaðurinn fer mikinn vegna vaxtabóta og velur að sjálfsögðu að nota árið 2011 sem viðmiðunarár en þá voru vaxtabætur hæstar. Vaxtabætur hafa farið lækkandi vegna bættrar eiginfjárstöðu heimilanna. Þannig lækka þær milli áranna 2014 og 2015 um rúmar 400 milljónir. Bætt eiginfjárstaða heimilanna varð þingmanninum raunar að umræðuefni nýlega þar sem hann taldi skuldaleiðréttinguna ónauðsynlega hennar vegna. Erfitt er að gera sér grein fyrir hvað þingmaðurinn nákvæmlega vill. En talnablekkingavefurinn sem hann hefur spunnið þvælist líklega fyrir honum. Þingmaðurinn vakti ítrekað athygli á því á síðasta kjörtímabili að nauðsynlegt væri að leiðrétta skuldir heimila. Hann bjó þá við þá ógæfu að styðja ríkisstjórn sem hélt sérstakan blaðamannafund til að tilkynna að ekki væri ráðrúm til að gera meira fyrir skuldsett heimili.

Þingmaðurinn og skoðanabræður hans virðast ekki geta sætt sig við að núverandi ríkisstjórn er að standa við kosningaloforð sín. Sárast er að með málflutningi sínum reyna þessir sömu menn að grafa undan aðgerðum ríkisstjórnarinnar og sá fræjum tortryggni í brjóst þeirra sem munu njóta góðs af þeim í stað þess að gleðjast yfir því að hagur heimilanna í landinu sé bættur.

➜ Sárast er að með málflutningi sínum reyna þessir sömu menn að grafa undan aðgerðum ríkisstjórnarinnar og sá fræjum tortryggni í brjóst þeirra sem munu njóta góðs af þeim í stað þess að gleðjast yfir því hagur heimilanna í landinu sé bættur.

Landbúnaðarbyltingin ekki ákvörðun

SAMFÉLAG

Ólafur Halldórsson
líffræðingur

17. október birtist pistill í Fréttablaðinu eftir Sif Sigmarsdóttur undir heitinu I'll be back. Ágætur pistill eins og endranær frá Sif. En það er eitt atriði í pistlinum sem gæti valdið misskilningi. Vitnað er til ísraelska sagnfræðingsins Yuval Noah Harari, sem notar stundum sterka pensildrætti til að leggja áherslu á mál sitt. Hann heldur því til dæmis fram: að mannfólkið sé vistfræðilegir fjöldamorðingjar, að mannfólkið muni fljótlega hverfa (breytast í eitthvað annað) og að landbúnaðarbyltingin hafi verið stærstu prettir sögunnar – að hveitið hafi tamið manneskjurnar en ekki öfugt. Þessi mælskulist minnir á annan fræðimann sem sló í gegn á ritvellinum, Richard Dawkins. Hann talaði til dæmis um genin sjálfselsku. Með því átti hann ekki við að genin hefðu sjálfstæðar meiningar, en honum tókst að vekja athygli með þessu orðalagi. Í pistli Sifjar segir sem sé á einum stað: Þrátt fyrir að landbúnaðarbyltingin sé lofuð í sögubókum sem ein mesta framför mannkynsins er hún ein stærstu mistök sögunnar. Þessu heldur ísraelski sagnfræðingurinn Yuval Noah Harari fram…

Sú fullyrðing að landbúnaðarbyltingin sé ein mesta framför mannkynsins er sjaldséð í bókum á Vesturlöndum síðustu áratugi. Yfirleitt er fjallað um landbúnaðarbyltinguna sem staðreynd sem hafði ákveðnar orsakir og afleiðingar. Og þegar sagt er að landbúnaðarbyltingin sé ein mestu mistök sögunnar, sem reyndar hefur heyrst frá ýmsum undanfarin ár, þá er það harla ónákvæmt orðalag vegna þess að forsenda fyrir mistökum er ákvörðun. Og það tók enginn ákvörðun um landbúnaðarbyltinguna.

➜Yfirleitt er fjallað um landbúnaðarbyltinguna sem staðreynd…

Lífsháttabreyting

Í stuttu máli: Hin svonefnda landbúnaðarbylting við lok síðasta jökulskeiðs var lífsháttabreyting sem varð ekki í einni svipan, og var ekki heldur sérstök eða kærkomin „uppfinning“. Hún kom til sögunnar þegar útbreiðsla dýra breyttist og gróðurbelti færðust til. Akuryrkjunni fylgdi meira erfiði, lengri vinnudagar og minna frelsi en líf veiðimanna og safnara hafði boðið upp á. Við upphaf landbúnaðarbyltingarinnar voru vistkerfin einfölduð stórlega vegna þess að fólk valdi til nytja vissar tegundir jurta og dýra og útilokaði aðrar. Mannfólkið reiddi sig á hjarðdýr og plöntur sem mynda þéttar breiður, til dæmis hveitiplöntuna og aðrar korntegundir. Þegar mannfólkið tamdi umhverfi sitt, plöntur og dýr og fór að búa í þéttbýli sem krafðist ýmiss konar umgengnisreglna og sjálfsstjórnar, tamdi það sjálft sig í leiðinni. Maðurinn er í þeim skilningi best tamda dýr jarðar. Með landbúnaðinum komu til sögunnar þéttbýli, auðsöfnun, strit og sællífi, stéttaskipting, skrásetning, sérhæfð störf, fjölbreyttur tækjabúnaður og nýir sjúkdómar í miklu úrvali. Landbúnaðarbyltingin hefur mikið verið rannsökuð af fræðifólki og því er allmikið vitað um þessa lífsháttabreytingu. Dæmi um splunkunýtt rit þar sem fjallað er um landbúnaðarbyltinguna af yfirvegun er The Story of the Human Body, eftir Daniel Lieberman, prófessor við Harvardháskóla.

VÖRU-GJÖLD AFNUMIN

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ÞVOTTADAGAR

22% AFSLÁTTUR AF **ÖLLUM** ÞVOTTAVÉLUM, ÞURRKURUM OG UPPÞVOTTAVÉLUM.

Afslátturinn vegna væntanlegrar vörugjaldsniðurfellingar (17%) er hluti af ofangreindum afslætti.

0% VEXTIR
Vaxtalausar raðgreiðslur í tólf mánuði*

* 3,5% lántökugjald

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL
Lavamat 60260FL
Tekur 6 kg af þvotti. 1200 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

106.002
Verð áður 135.900

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ

AEG

ÞVOTTAVÉL
Lavamat 60460FL
Tekur 6 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Íslensk notendahandbók.

113.802
Verð áður 145.900

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG

ÞVOTTAVÉL
Lavamat 75470FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1400 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

140.322
Verð áður 179.900

ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

AEG

ÞVOTTAVÉL
Lavamat 75670FL
Tekur 7 kg af þvotti. 1600 snúningar. Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor. Íslensk notendahandbók.

148.122
Verð áður 189.900

AEG

ÞURRKARI - BARKALAUS
T61270AC
Tekur 7 kg af þvotti. Ný tegund af tromlu sem minnkar slit og dregur úr krumpum. Snýr tromlu í báðar áttir og er með rakaskynjara.

109.122
Verð áður 139.900

AEG

UPPÞVOTTAVÉL
F56302MO
Topplaus undir borðplötu. Vatnsskynjari, hljóðlát með 5 þvottakerfi.

HVÍT **101.322**
Verð áður 139.900

STÁL **109.122**
Verð áður 139.900

AEG

UPPÞVOTTAVÉL
F66692M0P
Topplaus undir borðplötu. Vatnsskynjari, hljóðlát með 5 þvottakerfi og þurrkar með heitum blæstri.

HVÍT **140.322**
Verð áður 179.900

STÁL **148.122**
Verð áður 189.900

MÍNUS 22%

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is · OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 11-15

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	**ORMSSON** ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	**KS** SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	**SR · BYGG** SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	**ORMSSON** AKUREYRI SÍMI 461 5000	**ORMSSON** HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	**ORMSSON** VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	**ORMSSON** PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900	**ORMSSON** ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	**GEISLI** VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333

TÍMAMÓT

MERKISATBURÐIR

1938 Samband íslenskra berklasjúklinga, SÍBS, stofnað. Það rekur meðal annars Reykjalund og Múlalund.

1955 Við verkamannabústaðina við Hringbraut í Reykjavík er reist stytta af Héðni Valdimarssyni.

1956 Uppreisnin í Ungverjalandi hefst með mótmælum námsmanna í tækniháskólanum í Búdapest.

1958 Bandalag háskólamanna, BHM, stofnað.

1963 Í Vestmannaeyjum mælist 10 mínútna meðalvindhraði 200 km/klst. Þetta var vindhraðamet á Íslandi og var ekki jafnað fyrr en 3. febrúar 1991, þá einnig í Vestmannaeyjum.

1988 Íslendingar vinna 11 verðlaun á heimsleikum fatlaðra í Seúl í Suður-Kóreu 15. til 23. október. Þar af voru tvenn gullverðlaun, sem Haukur Gunnarsson og Lilja M. Snorradóttir hlutu.

2002 Numið úr gildi sérákvæði í stjórnarskrá Ítalíu sem kvað á um að afkomendum Úmbertós 2., síðasta konungs Ítalíu, í beinan karllegg væri bannað að stíga fæti á ítalska jörð.

ÞETTA GERÐIST: 23. OKTÓBER ÁRIÐ 1958

Heimurinn fær að sjá Strumpana í fyrsta sinn

Strumparnir birtust fyrst á þessum degi árið 1958 í sögunni La flûte à six schtroumpfs og voru teiknaðir af belgíska teiknaranum Peyo, sem heitir réttu nafni Pierre Culliford.

Peyo segir að nafn Strumpanna sé dregið af franska orðinu Schtroumpf en hann bjó það til þegar hann borðaði með teiknaranum André Franquin og mundi ekki orðið fyrir salt.

Til eru rúmlega hundrað Strumpar og eru nöfn þeirra byggð á einhverju sem einkennir manngerð þeirra, eins og Letistrumpur, Æðsti strumpur, Barnastrumpur og Hrekkjastrumpur.

Strumparnir heilluðu Norður-Ameríku upp úr skónum árið 1981 þegar framleiðslufyrirtækið Hanna-Barbera framleiddi sjónvarpsþætti um þá og voru þeir sýndir til ársins 1989. Þættirnir náðu til Íslands og var það okkar eini sanni Laddi sem talaði inn á fyrir alla Strumpana.

Strumparnir lifa enn góðu lífi og árið 2011 var bíómyndin The Smurfs frumsýnd þar sem stórstjörnur á borð við Hank Azaria, Neil Patrick Harris og Sofia Vergara léðu Strumpunum raddir sínar. Tveimur árum síðar kom framhaldsmyndin The Smurfs 2 í bíó en báðar hafa þó hlotið fremur laka dóma gagnrýnenda.

Minnast fallins félaga

Menningarsmiðjan Populus tremula fagnar tíu ára afmæli sínu í ár. Á laugardaginn heldur smiðjan stórtónleika í menningarhúsinu Hofi þar sem leiðtoga smiðjunnar, Sigurðar Heiðars Jónssonar, verður minnst en hann lést fyrir þremur árum úr MND.

„Þetta er það sem við vildum gera til að þakka fyrir okkur. Við vildum gera eitthvað virkilega stórt. Nú eru orðin þrjú ár síðan hann Sigurður dó frá okkur, innan við sjötugt. Hann var stór partur af lífi okkar og við tókum andlát hans mjög nærri okkur. Við höfum ekki haft það í okkur að minnast hans almennilega fyrr en nú," segir Aðalsteinn Svanur Sigfússon hjá menningarsmiðjunni Populus tremula á Akureyri.

Smiðjan heldur tónleika í Hofi á laugardaginn til minningar um aðalhvatamann og leiðtoga Populus tremula, Sigurð Heiðar Jónsson, en hann lést úr MND-sjúkdómnum snemmsumars árið 2011. Populus tremula fagnar einmitt tíu ára afmæli um þessar mundir en smiðjan var stofnuð í kringum hljómsveit sem á sér nokkuð langa sögu. Hljómsveitin var stofnuð af Sigurði sem „tribute"-sveit fyrir ákveðna tónlistarmenn. Fyrsta verkefni sveitarinnar var að flytja tónlist Cornelis Vreeswijk í kringum árið 2002. „Síðar, þegar Populas tremula-smiðjan var orðin að því fyrirbæri sem hún er núna æfði hljómsveitin prógramm með tónlist Tom Waits. Í framhaldinu fylgdu Nick Cave, Leonard Cohen, Megas og fleiri. En hápunktarnir voru þessir þrír fyrstu, Vreeswijk, Waits og Cave, og tónlist þeirra varð fyrir valinu til að spila á tónleikunum núna í Hofi," bætir Aðalsteinn við en gestasöngvarar á tónleikunum verða Sigríður Thorlacius og Valdimar Guðmundsson.

Menningarsmiðjan Populus tremula var stofnuð haustið 2004 og fékk þá til umráða húsnæði í kjallara Listasafnsins á Akureyri og hefur haft þar aðsetur síðan. Þótt tónlist hafi verið límið í starfseminni var frá upphafi mörkuð sú stefna að halda úti alhliða menningarsmiðju. Nú, tíu árum síðar, hafa verið haldnir rétt um þrjú hundruð list- og menningarviðburðir í kjallaranum og ókeypis hefur verið inn á alla viðburði frá upphafi.

„Það byggist kannski að einhverju leyti á því að húsnæðið okkar er þannig að það er ekki verjandi að selja inn. Þetta er alvöru „underground"-starfsemi í kjallara," segir Aðalsteinn og hlær. „Það er beinlínis tekið fram í samþykktum félagsins frá því það var stofnað að fjárhagslegur ávinningur megi aldrei vera neinn. Þetta er fullkomið hugsjónastarf. Fyrstu árin greiddum við kostnaðinn við þetta úr eigin vasa en þegar árið 2007 rann upp fór að ganga ansi vel að afla styrkja. Eftir hrun hefur Akureyrarbær staðið mjög þétt við bakið á okkur og styrkt okkur sem nemur húsaleigunni. Jafnframt hefur menningarráð Eyþings styrkt okkur þannig að við höfum náð að halda uppi þessari starfsemi."

ÞRUSUBAND Frá tónleikum Populus-hljómsveitarinnar árið 2007.

HUGSJÓNAMAÐUR Sigurður lést fyrir þremur árum og er sárt saknað.

> **Nú er kominn tími á kynslóðaskipti. Við ætlum að fara mjög stolt frá þessu. Þetta er búið að vera óendanlega skemmtilegt og gefandi starf en nú er kominn tími til að gefa öðrum pláss.**
>
> *Aðalsteinn Svanur Sigfússon*

En nú eru ár Populus tremula talin.

„Við ætlum að loka um áramótin. Þetta er hópur vina sem stendur að þessu sem er á aldrinum 35 til 65 ára. Þetta er feiknalegt starf sem mæðir á fáum og allt í sjálfboðavinnu. Nú er kominn tími á kynslóðaskipti. Við ætlum að fara mjög stolt frá þessu. Þetta er búið að vera óendanlega skemmtilegt og gefandi starf en nú er kominn tími til að gefa öðrum pláss. Það er okkar einlæga von að eitthvað hliðstætt taki við undir nýju nafni," segir Aðalsteinn en Populus tremula hefur sett sitt mark á listalífið í Akureyrarbæ.

„Það er ansi stór hópur myndlistarmanna og skálda, og talsvert af tónlistarfólki, sem hefur stigið sín fyrstu skref hjá okkur. Smiðjan hefur opnað mörgum ákveðna leið til að prófa sig áfram. Við erum ekki síst stolt af því að þó að einlægar stórstjörnur hafi komið fram hjá okkur og haldið sýningar, þá höfum við alltaf tekið vel á móti grasrótinni."

liljakatrin@frettabladid.is

---

†

SVERRIR JÓNSSON
fyrrverandi stöðvarstjóri Flugleiða og Flugfélags Íslands,

andaðist 19. október á hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin fer fram frá Grafarholtskirkju 3. nóvember kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Charlotta Sverrisdóttir
Ásgeir Sverrisson

---

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og systur,

ASTRID BJARGAR KOFOED-HANSEN
Efstaleiti 10, Reykjavík.

Einar Þorbjörnsson
Agnar Már Einarsson
Þorbjörn Jóhannes Einarsson
Axel Kristján Einarsson
Einar Eiríkur Einarsson
Andrea Isabelle Einarsson
Kathrine Espelid
Laufey Sigurðardóttir
Jamaima D'Souza
barnabörn og systkini hinnar látnu.

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir og amma,

KRISTRÚN STEFÁNSDÓTTIR
til heimilis að Víðihlíð 18, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeildinni í Kópavogi mánudaginn 20. október. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 30. október kl. 15.00.

Garðar Árnason
Kristrún Lísa Garðarsdóttir
Vilborg Anna Garðarsdóttir
Nils Johan Torp
Þorgrímur Hallsteinsson
Selma Rún, Garðar Helgi, Knut Aleksander og Sara Marlen

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

ÞÓRA G. MAGNÚSDÓTTIR

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold þann 14. október. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 24. október kl. 13.

Magnús Emilsson
Haukur Emilsson
Emil Þór Emilsson
og barnabörn.
Sigrún Árnadóttir
Elín Einarsdóttir

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐRÚN MAGNÚSDÓTTIR STRANDBERG
frá Hellum, Landsveit, áður til heimilis að Melgerði 32, Kópavogi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð föstudaginn 10. október sl. Útför Guðrúnar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 24. október nk. og hefst kl. 13.00.

Auður F. Strandberg
Magnús F. Strandberg
Birgir F. Strandberg
Sveinbjörn F. Strandberg
Agnar F. Strandberg
barnabörn og barnabarnabörn.
Ingibjörg Bragadóttir
Kristín Jónsdóttir
Brynja Stefnisdóttir

---

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,

SIGURÐUR BALDURSSON
læknir,

varð bráðkvaddur 20. október í Svíþjóð. Útför verður auglýst síðar.

Jóhanna Ingvarsdóttir
Jóhanna María Sigurðardóttir
Erna Guðrún Sigurðardóttir
Baldur Sigurðsson
Ingvar Sigurðsson
Selma Sigurðardóttir
Sigurveig Þórarinsdóttir
og barnabörn.
Arnar Þórisson
Jón Axel Jónsson
Hera Líf Liljudóttir
Helen Jónsdóttir

---

†

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

KRISTÍN MÖLLER
Kirkjusandi 3,

lést þriðjudaginn 21. október á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju þriðjudaginn 28. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

Kristján Ragnarsson
Margrét Vala Kristjánsdóttir
Tómas Kristjánsson
Hildur Ragna Kristjánsdóttir
og barnabörn.
Sæmundur Sæmundsson
Þóra Hrólfsdóttir
Alexander K. Guðmundsson

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

CARROLL FYRIR H&M

Knattspyrnumaðurinn Andy Carroll liðsmaður West Ham og enska landsliðsins, hefur fengið sitt fyrsta fyrirsætuhlutverk. Hann situr fyrir í herferð fatarisans H&M fyrir línu Alexanders Wang.

SUPERCHARGER!
BESTA ALHLIÐA FÆÐUBÓTAREFNIÐ Á MARKAÐNUM

Keyrir upp orku og brennslu
Meiri einbeiting
Eykur styrk og úthald
Endurhæfir líkamann
LABRADA NUTRITION
www.leanbody.is
EKKERT ANNAÐ!

KRAFTAVERKA-ENSÍM VIÐ BÓLGU

GENGUR VEL KYNNIR *Serrapeptase, ensím unnið úr silkiormi, virkar einkar vel við bólgukvillum svo sem vöðvabólgu, vefjagigt, magabólgum og þrota.*

Serrapeptase inniheldur gerjað ensím úr silkiormi sem getur haft góð áhrif á margs konar bólgusjúkdóma sem herja á nútímafólk sökum streitu, mataræðis, lífsstíls og margra annarra umhverfisþátta ásamt því að virka græðandi á ör og sár.

MARGRANNSAKAÐ EFNI

Á síðastliðnum þrjátíu árum hafa verið gerðar að minnsta kosti 23 rannsóknir á virka ensíminu í Serrapeptase. Virkni þess felst í því að brjóta niður óæskileg prótein, dauða vefi og úrgangsefni sem annars geta hlaðist upp í líkamanum og valdið bólgum. Sannkallað tiltektarensím.

ÁRANGUR EINS OG Í LYGASÖGU

Guðbjörg B. Petersen hefur þjáðst af óvirkum skjaldkirtli og hægum efnaskiptum um árabil.

„Ég er svona gigtargemsi. Ég safna miklum bjúg, sérílagi í öll liðamót en get ekki tekið vatnslosandi lyf vegna lágs blóðþrýstings. Ég er líka afskaplega stirð og á oft erfitt með hreyfingu sem og kyrrsetu. Einnig fæ ég bólgur í ennisholur, barka og vélinda þannig að oft á ég erfitt með að kyngja föstu fæði án óþæginda.

Ég vissi ekki við byrjun inntöku við hverju ég ætti að búast. Ég var búin að prófa að ég taldi allt án teljandi árangurs. Núna er bjúgmyndunin ótrúlega lítil og þar af leiðandi á ég mun léttara með hreyfingu, ég get prjónað úr fínu garni og sett á mig hringa. Sláttur í liðum, bólgur og stirðleiki hafa minnkað til muna og þrýstingurinn í ennisholunum er lítill sem enginn.

SLÁTTUR Í LIÐUM, BÓLGUR OG STIRÐLEIKI MINNI „Núna er bjúgmyndunin ótrúlega lítil og þar af leiðandi á ég mun auðveldara með hreyfingu."

LÍFSGÆÐIN AUKIST

„Með því að taka tvær á morgnana og tvær á kvöldin í 60 daga líður mér ekki lengur eins og blöðru fylltri með vatni og engin liðamót. Ég sé ekki að ég geti verið án Serrapeptase í framtíðinni."

GETUR HAFT GÓÐ ÁHRIF Á MARGS KONAR BÓLGUSJÚKDÓMA Serrapeptase inniheldur gerjað ensím úr silkiormi.

SÖLUSTAÐIR

Serrapeptase fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana. **Nánari upplýsingar** á www.gengurvel.is.

FRÁBÆRT BUXNAÚRVAL HÁAR Í MITTIÐ MEÐ STRETCH!

MOS MOSH

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Framúrskarandi fyrirtæki 2013
Vertu vinur okkar á Facebook

Valhöll er komin aftur!
Ótrúlegt verð á millistífri heilsudýnu
Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi, gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum. Hægt að snúa.

20% afsláttur af lökum og hlífðardýnum við dýnukaup.

Gerðu gæða- og verðsamanburð

12 mán. vaxtalausar greiðslur*
*3.5% lántökugjald

Verðdæmi:
Með PU leðurbotni og eikarfótum stgr.

Stærð	Verð
100x200	74.900 kr.
120x200	79.900 kr.
140x200	89.900 kr.
160x200	104.900 kr.
180x200	114.900 kr.

Fimm stjörnu verslun
Svefn & heilsa ★★★★★
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00
www.svefn.is

Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

KORTER.IS

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s. 512 5447



ATORKUSAMUR Elías situr við og prjónar. Hann ætlar að eiga nóg fyrir jólin. MYNDIR/AUÐUNN AKUREYRI

NOTAÐI VETRARFRÍIÐ TIL AÐ PRJÓNA SLAUFUR

LISTAMAÐUR *Elías Bergmann Valgeirsson er fimmtán ára nemandi í tíunda bekk við Áslandsskóla í Hafnarfirði. Þegar hann er ekki að læra situr hann og prjónar slaufur í öllum regnbogans litum.*

Elías er uppalinn í Hafnarfirði en þegar faðir hans, Valgeir Bergmann Magnússon, fékk vinnu við Vaðlaheiðargöng flutti fjölskyldan norður á Akureyri. Elías ákvað að klára tíunda bekkinn í Hafnarfirði og býr því hjá frænku sinni. Hann var þó í vetrarfríi heima á Akureyri þegar blaðamaður náði tali af honum og hafði prjónað allnokkrar slaufur.

Elías hefur vakið athygli fyrir slaufugerðina, síðast í Áslandsskóla þar sem nemendur söfnuðu fyrir útskriftarferð með ýmsum hætti. Hann seldi slaufurnar sínar sem hann prjónar úr ullar- og akrýlgarni. Slaufurnar eru í öllum mögulegum litum og hægt að panta sér uppáhaldslitinn. Vel gekk að safna fyrir ferðinni.

ÚRVAL
Hér má sjá að slaufurnar eru í öllum litum.

SUMARVINNAN

Það er ekki langt síðan hann byrjaði að gera slaufur. Hugmyndin kviknaði í júlí í sumar en þá hafði Elías ekki fengið neina vinnu. Hann sat fyrir utan Eymundsson á Akureyri og prjónaði slaufur af krafti sem ferðamenn féllu fyrir. Slaufurnar eru ódýrar og mestur hluti ágóðans fer í efniskaup.

„Báðar ömmur mínar kenndu mér að prjóna þegar ég var 8 ára. Mér hefur alltaf þótt þetta skemmtilegt. Ég hef prjónað bæði húfur og trefla en nú eru það slaufurnar," segir Elías. „Ég hef verið að nota vetrarfríið til að prjóna, það er ágætt að eiga lager fyrir jólin," segir stráksi. „Ég vonast til að selja einhverjar í jólapakkana. Mig langar til að útbúa fallegar umbúðir utan um þær. Fólk getur skoðað slaufurnar á Facebook-síðunni minni Slaufusmiðjan," segir Elías, sem vakti sérstaka athygli erlendra ferðamanna á Akureyri í sumar fyrir prjónaskapinn.

SAFNAR FYRIR BÍL

„Mér finnst mjög skemmtilegt að prjóna slaufurnar og er orðinn fljótur með hverja og eina. Ég nota síðan buxnateygju sem ég klippi til og set tölu á endann. Það má lengja í teygjunni eftir því sem þarf," útskýrir Elías sem langar til að safna sér fyrir bíl, enda styttist í bílprófið. Hann segist vera orðinn svo þjálfaður í prjónaskapnum að hann getur horft á sjónvarp og prjónað um leið. „Ég reyni samt að vanda mig eins og ég get. Ég vil hafa slaufurnar vel prjónaðar."

Elías segist hafa gaman af allri list og hefur gaman af því að skoða myndlist. Hugurinn stendur þó ekki til listsköpunar í framtíðinni því hann ætlar að verða verkfræðingur. „Ég er samt ekki búinn að ákveða hvort ég fari í menntaskóla hér á Akureyri eða í Reykjavík," segir þessi vinnusami strákur.

elin@365.is

FÖT FRÁ MADONNU Á UPPBOÐI

Icons & Idols í Los Angeles selur hluti sem hafa verið í eigu stórstjarna. Í byrjun nóvember verða föt og fylgihlutir sem verið hafa í eigu Madonnu boðnir upp. Þar er bæði um að ræða fatnað sem hún hefur notað á tónleikaferðalögum og í bíómyndum, til dæmis Evitu frá árinu 1996. Einnig fötin sem hún klæddist í myndbandi við lagið Material girl árið 1984. Þá er í boði brúðarkjóll sem hún klæddist þegar hún giftist leikaranum Sean Penn árið 1985. Reiknað er með að uppboðið muni skila söngkonunni milljónum. Uppboðshúsið Icons & Idols er með ótrúlegt safn hluta frá frægum persónum og má þar nefna klæðnað frá Beyoncé og Lady Gaga. Einnig er safn hljóðfæra en þar á meðal er frægur gítar frá David Bowie. Þarna er einnig safn þar sem gefur að líta gripi úr eigu Marilyn Monroe, Johns Lennon, Elvis Presley og fleiri.

L'ORÉAL
PARIS

HÁRLITARÁÐGJÖF

Fáðu aðstoð við val á réttum litatón og leiðbeiningar um réttu skrefin við heimahárlitun.

LYFJU LÁGMÚLA

Fimmtudaginn 24. október

kl. 12-17

LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI

Föstudaginn 25. október

kl. 12-17

HAGKAUP SMÁRALIND

Laugardaginn 26. október

kl. 12-17

Heiðar Jónsson

Förðunarfræðingur og
Image designer kennari
frá First Impressions í Bretlandi.

Diplómagráða í litafræðum
frá L'Oréal Paris.

AFSLÁTTAR
DAGAR
Í TÉKK-KRISTAL

FIMMTUDAG, FÖSTUDAG
LAUGARDAG, SUNNUDAG & MÁNUDAG

AFSLÁTTUR AF SÖFNUNAR HNÍFAPÖRUM & MATAR- & KAFFISTELLUM
÷20%
Öllum matar og kaffistellum

IITTALA VÖRUR
÷10% til ÷15%

÷20%
Söfnunarglös 16 teg.

Hnífaparatöskur
16 teg. Verð frá
24.990.- TILBOÐ

TILBOÐSVERÐ
T.d. kristals-hvítvínsglös
6. stk í gjafakassa
frá kr. 4.275.-

÷20%
Heldur heitu og
köldu í 4 tíma +
Litir, hvítt og rautt

Hnífapör og fylgihlutir
f.12manns samt. 72 stk.

Mikið úrval af íslenskum handunnum jólavörum

÷20%
Global hnífar

ÞAÐ ER STUTT TIL JÓLA

TILBOÐSBORÐ
20% TIL 40% AFSLÁTTUR

FULL BÚÐ AF FLOTTUM VÖRUM Á TILBOÐSVERÐI

OPNUNARTÍMI
virka daga 11-18
laugardaga 11-16
sunnud. 26. okt. 13-16

NÝTT KORTATÍMABIL

ERUM EKKI Í KRINGLUNNI
EINGÖNGU Á LAUGAVEGI 178

www.tk.is

Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími. 568 9955

Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér
Barnaheill
Save the Children á Íslandi

ÓDAUÐLEG LIST Á FÖGRUM FLÍKUM

TÍSKA *Greta Engilberts er barnabarn listmálarans þekkta Jóns Engilberts. Hún vill halda nafni hans á lofti og koma list hans til alþýðunnar. Hún hefur því hannað fallega klúta og buff með verkum afa síns áprentuðum.*

Greta Engilberts er dótturdóttir Jóns Engilberts listamanns og hefur nú gefið verkum hans nýtt líf með því að prenta þau á flíkur og púða. „Mig langaði að leyfa list hans að lifa áfram og leyfa sem flestum að njóta þeirra. Málverk eru dýr og venjulegt fólk hefur oft ekki ráð á að fjárfesta í þeim. Þess vegna fór ég þessa leið til að koma listinni til alþýðunnar, ef svo má segja," segir Greta og brosir.

Hún og sambýlismaður hennar, Hjörtur Sólrúnarson, reka saman hönnunarfyrirtækið Engilberts hönnun og framleiða klútana og buffin undir því merki auk þess sem þau hanna húsgögn. „Við Hjörtur byrjuðum saman fyrir tveimur árum og þá byrjaði hönnunin að blómstra. Hann er tónlistarmaður og hönnuður og ég hef alltaf haft áhuga á innanhússhönnun og annarri hönnun. Í upphafi hönnuðum við bekki og kolla úr íslensku geitaskinni og viði úr Hallormsstaðaskógi. Á þessu ári fórum við að bæta klútunum, buffunum og púðum við hönnun okkar og notuðum við listaverk Jóns Engilberts í mynstrin á vörunum."

Jón Engilberts dó árið 1972, þá aðeins 63 ára að aldri. Greta segist hafa fengið hvatningu frá fólki sem tengist listaheiminum til að koma afa sínum aftur á kortið. „Það eru að vaxa úr grasi nýjar kynslóðir sem þekkja ekkert til verka hans þrátt fyrir að á sínum tíma hafi hann verið mjög þekktur. Það hanga verk eftir hann á mörgum íslenskum söfnum og einnig á söfnum á hinum Norðurlöndunum. Hann skapaði nánast ódauðleg verk en þrátt fyrir það hafa þau ekkert verið uppi á borðum síðustu ár. Það er fyrst og fremst þess vegna sem ég er að gera þetta, til að kynna listina hans og koma honum á framfæri á ný," útskýrir Greta.

Þau hjónaleysin eru alls ekki hætt að hanna fallega hluti og eru væntanlegir frá þeim kímonóar með áprentuðum listaverkum. „Þeir koma mjög vel út og fara fljótlega í sölu. Við gerum aðeins fimmtán kímonóa með þessu ákveðna verki. Svo getur verið að við bætum fleirum við með öðrum verkum. Afi var mjög afkastamikill og mörg verk sem liggja eftir hann þannig að af nægu er að taka."

liljabjork@365.is

PRENTAR Á FLÍKUR
Afi Gretu Engilberts er listamaðurinn Jón Engilberts og á hún höfundarréttinn að verkum hans þannig að hún hefur leyfi til að vinna með þau. Hún hefur nú hannað vörur þar sem listaverk hans eru notuð í mynstrin.

ÞEIR SEM NOTA OPTIBAC EXTRA STERKAN FINNA MUNINN STRAX

RARITET KYNNIR *Bætibakteríublandan „For Every Day – Extra Strength“ frá OptiBac er ein öflugasta probiotic-varan á markaðnum í dag – umsagnir þeirra sem hafa prófað segja sína sögu. Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið.*

„Meltingin er nánast fullkomin eftir að ég fór að nota OptiBac Probiotics-gerlana,“ segir jógakennarinn Marta Eiríksdóttir.

„Ég er með viðkvæma meltingu og hef þjáðst af meltingaróþægindum í langan tíma. Því fylgir tilheyrandi vanlíðan, þreyta og orkuleysi en eftir að ég byrjaði að nota OptiBac Probiotics-gerlana hef ég ekki fundið fyrir þessum hvimleiðu einkennum.“

Streita, lélegt eða einhæft mataræði og sýklalyfjanotkun hafa neikvæð áhrif á þarmaflóruna, ásamt mikið unninni matvöru sem skortir nauðsynlega gerla sem bæta þarmaflóruna. Því er ráðlagt að taka inn vel rannsakaða meltingargerla á degi hverjum.

„Í þörmum fyrirfinnast bæði góðar og vondar bakteríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir sjötíu prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi vegna slæmra baktería; loft í maga, magakrampa, niðurgang og hægðatregðu. Ef slæmt ástand í þarmaflórunni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla, eins og ofnæmi, óþol, minni vörn gegn umgangspestum og sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma.“

Marta notar For Every Day extra sterkan sem hefur einstaklega góða virkni og inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir. Þar má nefna L. Acidopilus NCFM® sem hefur fengið lofsamlega umfjöllun í yfir 75 viðurkenndum vísindaritum.

VELLÍÐAN Marta Eiríksdóttir jógakennari hefur góða reynslu af ObtiBac Probiotics-gerlunum sem komu meltingu hennar í fullkomið lag. MYND/DANÍEL

OPTIBAC EXTRA STERKUR – GÆTI GERT ÞITT LÍF BETRA!

- Extra sterk Probiotic-formúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dagskammti.
- Inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir, meðal annars L. Acidopilus NCFM®
- Yfir 75 greinar birtar í viðurkenndum vísindaritum.
- Virkar vel gegn ýmiss konar húðvandamálum, svo sem unglingabólum, rósroða, exemi og bólum.
- Virkar gegn IBD og IBS, Chron's og candida-ofvexti.

- Styrkir ónæmiskerfið og minnkar hættu á flensu og umgangspestum.
- Dregur úr áhrifum ofnæmis, til dæmis af völdum dýra, frjókorna og annarra umhverfisþátta.
- Virkni hefur verið sönnuð í fjölmörgum rannsóknum, eins og við IBS, ofnæmi og fyrir þá sem eru á sýklalyfjum.
- Er ónæmisbætandi fyrir eldra fólk.
- Mælt með fyrir þá sem lifa hröðu og streituvaldandi lífi, þá sem nota sýklalyf oft eða að staðaldri og fólk með meltingarvandamál, svo sem: IBD (ulcerative colitis, diverticulitis, Crohn's sjúkdómur), candida-ofvöxt og fæðuóþol.

OptiBac Probiotics fæst í öllum helstu apótekum og heilsuvöruverslunum.

GEGN HÆGRI MELTINGU OG HÆGÐATREGÐU

RARITET KYNNIR *byltingarkennda lausn fyrir alla sem þjást af hægðatregðu eða eru með lata þarma. Allt að 4 skammtar á dag og hægðatregðan er úr sögunni.*

Hægðatregða eða hæg melting er algengt vandamál hjá fjölda fólks; einkum konum, börnum, unglingum og eldra fólki, auk þess sem margir upplifa meltingartruflanir af þessu tagi á ferðalögum.

„Bifidobacteria & Fibre“ frá OptiBac Probiotics inniheldur einn mest rannsakaða probiotic-geril í heimi og probiotics-trefjar í miklu magni sem koma reglu á meltinguna.

Þeim sem hafa lágt hlutfall vinveittra baktería í þörmum er hættara við hægðatregðu og því dugandi heilræði að auka inntöku á góðum bakteríum, eins og virku bakteríunni Bifidobacterium lactis BB-12®.

„Bifidobacteria & Fibre“ kemur meltingunni í lag og er öruggt til inntöku fyrir börn eldri en eins árs, fullorðna, barnshafandi konur og konur með börn á brjósti. Til að viðhalda reglulegri meltingu er nóg að taka einn skammt á dag en við hægðatregðu er ráðlagt að taka upp í fjóra skammta daglega; með morgunmat, hádegismat, kvöldmat og áður en farið er að sofa.

Hentar einstaklega vel fyrir þá sem eru háðir því að nota hægðalosandi vörur. Veldur ekki niðurgangi en kemur eðlilegri þarmastarfsemi í gang þannig að mun meiri líkur eru á því að eðlileg meltingarstarfsemi komist á hjá fólki. Mikilvægt er að drekka vel af vatni þegar BB12 er notað.

Nánari upplýsingar á www.facebook.com/optibaciceland

MELTINGIN Í LAG Til að viðhalda reglulegri meltingu er nóg að taka einn skammt á dag.

„Ég er allt annar maður eftir að ég fór að taka inn **Pharmepa Omega 3 EPA** frá Igennus og er miklu fljótari að jafna mig eftir æfingar og lengri sund.

Auk þess finn ég fyrir mun meiri orku og einbeitingin er betri.“

Árni Þór Árnason, 44 ára afreksmaður og sjósundkappi

PRÉNTUN ehf

Pharmepa

Igennus Pharmepa endurstillir hlutfallið af Omega 3 EPA og Omega 6 og dregur úr bólgumyndun í líkamanum sem er undirliggjandi þáttur varðandi þróun á mörgum lífsstílssjúkdómum.

Fæst í Heilsuhúsinu, Lyfjaveri, Heilsuveri, Lyfsalanum, Árbæjarapóteki, Urðarapóteki, Heilsutorginu Blómavali, Lyfjavali ogApóteki Suðurnesja

OptiBac probiotics

One week flat

Minnkar þembu og losar vind úr meltingunni á viku!

„Meltingin er nánast fullkomin eftir að ég fór að nota OptiBac Probiotics gerlana og ég get ekki hugsað mér að vera án þeirra“

Marta Eiríksdóttir jógakennari

@OptiBac www.facebook.com/optibaciceland

YFIR HNÉ OG UPP Á LÆRI

SKÓTÍSKA *Upphá stígvél sem ná yfir hné og jafnvel langt upp á læri voru nokkuð algeng á tískupöllunum í vor þegar sýnd var tískan fyrir haustið og veturinn. Rúskinn og leður voru áberandi efniviður í stígvélin en hér má sjá brot af því besta.*

FENDI

RALPH LAUREN

LANVIN

DOLCE & GABBANA

DOLCE & GABBANA

RALPH LAUREN

CHANEL

BETSEY JOHNSON

BALENCIAGA

LAGNIR, KYNDING & SNJÓBRÆÐSLA



Framtíðarfjárfesting

Varmaskiptar frá Danfoss hafa marga frábæra eiginleika og lengja líftíma lagna og ofna. **SÍÐA 2**

Lækka kyndingarkostnað

Varmadælur frá Fríorku lækka kostnað við kyndingu húsa til mikilla muna. **SÍÐA 5**

Traustur íslenskur framleiðandi

Set er rótgróið íslenskt framleiðslufyrirtæki sem framleiðir fráveiturör, stálpípur og plaströr. **SÍÐA 8**

Frábær fjárfesting til framtíðar

Danfoss er eitt stærsta iðnfyrirtæki Danmerkur með útibú um allan heim. Það er leiðandi á sviði hitastjórnbúnaðar og leitast við að lágmarka hráefnis- og orkunotkun með minnstu mögulegu áhrifum á umhverfið og sem bestri nýtingu auðlinda. Danfoss á Íslandi hefur látið sérsmíða tengigrindur með varmaskiptum fyrir íslenskan markað en fjölmargir kostir fylgja slíkum tæknibúnaði.

Danfoss er alþjóðleg samsteypa. Fyrirtækið var stofnað í Danmörku árið 1933 sem fjölskyldufyrirtæki sem það er enn þann dag í dag. „Hjá Danfoss er stunduð mikil þróunarvinna sem snýr að stórum hluta að orkusparnaði og því að nýta vel alla orku, hvort sem það er heitt vatn, rafmagn eða sólarorka," segir Eðvald Geirsson hjá Danfoss á Íslandi og bætir við að fyrirtækið sé eini framleiðandinn í heiminum sem framleiðir tengigrindur og varmaskipta ásamt sjálfvirkum stjórnbúnaði fyrir hitakerfi.

Eðvald Geirsson, tæknilegur söluráðgjafi hjá Danfoss, mælir með því að nota varmaskipta bæði fyrir lokuð hitakerfi og til hitunar á neysluvatni. MYND/VALLI

Varmaskiptar fyrir gólfhita- og ofnakerfi

Danfoss á Íslandi hefur sérhannað tengigrindur með varmaskiptum fyrir íslenskan markað, en varmaskiptar nýta orkuna úr hitaveituvatni til að hita vatn í lokuðum ofna-, gólfhita- eða snjóbræðslukerfum. „Við bjóðum upp á sérhannaðar tengigrindur með varmaskiptum og öllum tilheyrandi stjórnbúnaði frá Danfoss með búnaði sem áratugareynsla er af við íslenskar hitaveituaðstæður. Þetta er tilbúin eining sem hægt er að setja upp bæði í nýjar og eldri byggingar," lýsir Eðvald. Varmaskiptirinn er tengdur við það kerfi sem fyrir er í húsinu. Í stað þess að hitaveituvatnið fari beint inn í kerfið, til dæmis í ofna eða gólfhitalagnir, þá nýtir varmaskiptirinn hitaveituvatnið til að hita vatn sem er í lokaðri hringrás í ofnunum eða gólfhitalögnunum. „Ávinningurinn er sá að ekki verða útfellingar inni í lögnunum og í ofnunum og því skemmist þetta síður," segir hann. Þá hafa utanaðkomandi aðstæður minni áhrif á hitakerfið. „Þó unnið sé í götunni og lokað fyrir vatnið hefur það engin áhrif. Það myndast til dæmis ekki loft í ofnunum því kerfið er lokað og alltaf sama vatnið í því."

Eðvald segir ástæðu þess að Danfoss á Íslandi hannaði tengigrindurnar og lét framleiða hjá Danfoss úti vera þá að íslenski markaðurinn sé sérstakur. „Þau kerfi sem eru framleidd fyrir Evrópumarkað passa ekki hér. Úti eru stöðvar sem hita vatnið upp og það verður til hringrás. Vatnið kemur mjög heitt inn í húsið til dæmis, um 90 gráður, og er skilað heitu áfram, um 70 gráðum. Fólk borgar aðeins fyrir þá orku sem það notar. Hér er vatninu hent sem búið er að nota og því þurfum við að ná eins mikilli orku út úr vatninu og mögulegt er. Hér kemur það kannski inn í 75 gráðum og er hent út um 35 gráðu heitu," útskýrir Eðvald.

Varmaskipti fyrir neysluvatn

Eðvald segir varmaskipta fyrir neysluvatn algera snilld. „Erlendis er það þannig að enginn byggir hús nema hafa varmaskipti fyrir neysluvatn og þetta er að verða æ algengara hér á landi," segir hann. Með slíkum varmaskipti er heita vatnið sem kemur úr krönunum í raun kalt vatn sem hefur verið hitað með hitaveituvatni í gegnum varmaskiptinn. Eðvald segir margt til bóta með þessari tækni. „Til dæmis er hægt að stilla niður hitann á vatninu svo enginn brenni sig. Þá er engin lykt af vatninu en hitaveitulyktin fer í marga. Stór kostur er að það verða engar útfellingar á sturtuklefum og gleri verður ekki matt og ljótt auk þess sem blöndunartækin fá ekki útfellingar og stíflast síður," segir Eðvald. Hann bætir við enn einum kosti en það er að geta notað heita vatnið beint í pottinn eða kaffikönnuna en þannig sparist rafmagn.


Sundurskorinn varmaskiptir.

Vinsælt bæði í nýbyggingar og við endurbætur

Tengigrindurnar eru vinsælar í nýbyggingum að sögn Eðvalds en hafa einnig verið settar upp í eldri hús sem er verið að taka í gegn og jafnvel blokkaríbúðum. „Það kom til dæmis til okkar maður sem var að setja upp svona kerfi fyrir neysluvatnið í blokkaríbúðinni sinni. Ástæðan var sú að hann hafði svo mikið ofnæmi fyrir hitaveituvatninu og var kominn með útbrot í hársvörðinn," segir Eðvald og bætir við að í hitaveituvatni sé að finna ýmis aukaefni.

Þeir sem eru að gera upp eldri hús sjá sér einnig þann kost vænstan að setja upp tengigrindur. „Oft er verið að skipta um lagnir þar sem þær eru ónýtar, oft vegna útfellinga og tæringar," segir Eðvald. Hann segir hitaveituvatn afar mismunandi milli sveitarfélaga og á sumum stöðum éti það hreinlega upp ofna. „Fólk vill þannig hugsa fram í tímann og verja lagnirnar með varmaskiptikerfum. Það er algjörlega frábær fjárfesting til framtíðar."

Þægilegt í uppsetningu

Lítið mál er að setja upp tengigrindurnar. „Þetta er mjög þægilegt í uppsetningu, kemur tilbúið á plötu og hægt að hengja upp með tveimur skrúfum. Lítið mál er að tengja þetta við kerfið sem er fyrir. Það þarf ekki einu sinni að kunna að lesa því það eru myndir þrykktar í plöturnar," segir hann glettinn.

Tengigrindurnar frá Danfoss eru seldar í öllum betri byggingavöruverslunum um allt land. Að sjálfsögðu má einnig leita upplýsinga hjá Danfoss.

Danfoss, Skútuvogi 6
s. 510 4100
danfoss@danfoss.is
www.danfoss.is

Efsta myndin er af Danfoss tengigrind fyrir lokuð hitakerfi eins og t.d. ofna- og gólfhitakerfi. Á neðri myndunum má annars vegar sjá Danfoss tengigrind til upphitunar á neysluvatni og hins vegar sýnishorn af Danfoss varmaskiptum.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, s. 512 5446, jonatan@365.is Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Við
erum leiðandi í
framleiðslu tengigrinda og stjórnbúnaðar fyrir hverskonar hitakerfi.

Danfoss tengigrindur fyrir hitakerfi **að þínum óskum** fyrir allt að 25 MW afl

Við erum eini framleiðandinn í heiminum sem framleiðir tengigrindur og varmaskipta ásamt sjálfvirkum stjórnbúnaði fyrir hitakerfi.

Í áratugi höfum við safnað saman mikilli reynslu með vinnu við ýmsar aðstæður og við margar mismunandi gerðir hitakerfa. Þess vegna getum við boðið réttu tengigrindalausnina fyrir þitt hitakerfi. Lausn sem byggir á áratuga reynslu við val á stjórnbúnaði fyrir íslenskar hitaveituaðstæður.

ENGINEERING
TOMORROW

Danfoss

Frábær lausn í snjónum.

Hitamotta bræðir snjóinn

Það finnst ekki öllum skemmtilegt að moka snjó þótt það sé ágætis hreyfing. Sérstaklega er leiðinlegt að moka tröppur fyrir utan hversu hættulegar þær geta verið. Hitamottur eru frábær hugmynd en það er kanadískt fyrirtæki, CanadaMats.com, sem framleiðir slíkar mottur. Þær eru lagðar á stéttina, tröppur, bílainnkeyrslu, fyrir framan heita pottinn eða á hverjum öðrum stað þar sem fólk gengur um og vill losna við snjóinn.

Motturnar eru settar í samband við rafmagn en í þeim er sérstakur hitaleiðari sem bræðir snjó og ís. Hægt er að taka motturnar inn þegar hlýnar í veðri en þær mega vera úti allan veturinn. Við vitum ekki til þess að motturnar hafi verið fluttar inn hingað til lands. Þeir sem hafa áhuga geta kynnt sér þær betur á heimasíðu fyrirtækisins. Snjóhitamottan nefnist Hotflake og er Canada Mats með einkaleyfi á hönnuninni. Engin hætta er á skammhlaupi eða raflosti þótt vatn liggi á mottunni.

Síloftun er ómarkviss leið til loftskipta og veldur miklu hitatapi. Frekar ætti að lofta út 10-15 mínútur í senn. Ofnar, sem lokast inni á bak við gluggatjöld nýtast jafnframt illa en gluggatjöldin draga úr varmagjöf þeirra. NORDICPHOTOS/GETTY

Svona má draga úr orkunotkun

Íslensk heimili nota, samkvæmt Orkuveitu Reykjavíkur, árlega að meðaltali 4-5 tonn af heitu vatni á hvern fermetra húsnæðis. Um 90% af notkuninni eru vegna húshitunar. Hér eru nokkur ráð til að minnka hana og lækka orkureikninginn.

Langflestir landsmenn njóta hitaveitu, eða um og yfir 90%, aðrir nota rafmagnshitun eða olíukyndingu. Hér eru nokkur húsráð sem gætu lækkað orkureikninginn.

Einangrun

Góð einangrun húsnæðis er forsenda þess að hægt sé að halda orkunotkun til hitunar í lágmarki. Nýir þéttilistar í dyrum og gluggum er ódýr lausn og dregur verulega úr hitatapi húsa. Talsverður kostnaður fylgir því að bæta einangrun húsa en slíkar aðgerðir borga sig í sumum tilfellum, til dæmis samhliða öðru viðhaldi. Ef endurnýja þarf gler þá borgar sig að setja upp filmugler sem hefur mun betri einangrunareiginleika en hefðbundið gler. Í eldri húsum getur oft verið hagkvæmt að bæta einangrun í þaki.

Lækkun innihita

Algengur hiti í húsum hér á landi er 23-25 gráður en rannsóknir sýna að 20 gráðu innihiti er kjörhiti með tilliti til loftgæða og líðanar íbúa. Það er gott að hafa það bak við eyrað að hitakostnaður hækkar um sjö prósent ef hiti er hækkaður um eina gráðu. Í svefnherbergjum má jafnvel lækka hitann allt niður í 18 gráður og í geymslum og öðrum herbergjum sem ekki eru notuð að staðaldri mætti hann jafnvel vera 15 gráður. Hægt er að kaupa einfaldar hitastýringar sem stilla má að vild og lækka hita í íbúðinni á meðan íbúar sofa eða eru að heiman. Þannig er hægt að ná niður hitastigi að meðaltali þó alltaf sé 20 gráðu hiti á meðan einhver er á ferli.

Loftun

Nauðsynlegt er að endurnýja inniloftið reglulega. Það er samt mikil sóun á hita og fjármunum að hafa glugga opna langtímum saman. Slík síloftun er afar ómarkviss leið til loftskipta og veldur miklu hitatapi. Skilvirkasta leiðin til loftskipta er að lofta vel út í 10-15 mínútur en hafa alla glugga lokaða þess á milli. Opnir gluggar skila litlum loftskiptum en valda miklu hitatapi með tilheyrandi kostnaði. Að henda peningum út um gluggann er orðatiltæki sem á vel við.

Húsgögnum ætti ekki að stilla fast upp að ofnum. Það truflar eðlilega hringrás loftsins um herbergið og hindrar geislun frá ofninum.

Röðun húsmuna

Röðun innbús hefur líka áhrif á orkunotkun. Bókahillur eða veggteppi á útvegg minnka til dæmis orkutap en þau draga úr loftstreymi við kaldan útvegginn. Eins geta rúllugardínur minnkað útgeislun gegnum glugga að næturlagi. Þær draga úr loftstreymi og kælingu við glerið. Það er hins vegar mikilvægt að draga þær frá á daginn og hleypa ókeypis hitageislum sólar inn.

Húsgögnum ætti ekki að stilla fast upp að ofnum. Það truflar eðlilega hringrás loftsins um herbergið og hindrar geislun frá ofninum. Ofnar, sem lokast inni á bak við gluggatjöld nýtast jafnframt illa en gluggatjöldin draga úr varmagjöf þeirra. Þar sem ofnar eru undir gluggum ættu gluggatjöld ekki að ná neðar en að gluggakistu.

Skjól

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og öllum heimill á meðan húsrúm leyfir.

Á valdi sögunnar

BÆKUR ★★★★☆

Þegar dúfurnar hurfu
Sofi Oksanen, þýðing Sigurður Karlsson
MÁL OG MENNING

Það er ekki alltaf einfalt fyrir lesanda að halda í alla þræði nýjustu skáldsögu Sofi Oksanen. Fyrir því eru ýmsar ástæður: rétt eins og síðasta skáldsaga Oksanen, Hreinsun, fjallar sagan um sögu Eistlands á 20. öld en landið á það sameiginlegt með nágrannaríkjum sínum við Eystrasaltið og mörgum öðrum löndum og landsvæðum Austur-Evrópu að hafa öldum saman verið undir valdi ólíkra stórvelda í austri og vestri. Þegar dúfurnar hurfu er söguleg skáldsaga sem gerist á árunum frá 1941 til 1966 og á sögutímanum er Eistland fyrst undir valdi Sovétríkjanna, svo hernumið af Þjóðverjum frá 1941 til 1944 og loks hluti af Sovétríkjunum. Það eykur svo á flækjustigið að fyrirferðarmesta persóna sögunnar – þótt hann sé langt frá því að vera söguhetja – skiptir um nafn í sögunni til dulbúnings.

Sagan hverfist um tvo karla og eina konu sem í upphafi sögunnar búa í eistneskri sveit, Juudit bíður þar ásamt öðrum konum milli vonar og ótta eftir því að eiginmenn og unnustar snúi aftur úr bardögum eistneskra þjóðernissinna við Rússa. Eiginmaður hennar, Edgar, og frændi hans Roland eru meðal þeirra. Við fylgjum þessum þremur í gegnum söguna, Roland er staðfastur í baráttu sinni fyrir frjálsu Eistlandi, en um Edgar gegnir öðru máli, hann er tækifærissinni og eiginhagsmunaseggur af versta tagi, ávallt tilbúinn að fórna öðrum til að komast af sjálfur eða komast til metorða innan kerfisins hvort sem nasistar eða kommúnistar eru við stjórnvölinn. Saga og samskipti Juuditar sjálfrar við valdið eru flóknari og eiginlega ekki hægt að endursegja sögu hennar án þess að eyðileggja þá spennu sem byggð er upp í sögunni.

Þegar dúfurnar hurfu er ekki spennusaga í hefðbundnum skilningi en spennan er umtalsverð og undir lokin kemur í ljós að sagan er hugvitsamlega fléttuð með afhjúpunum og óvæntum endalokum. En þótt sagan sé spennandi á yfirborðinu þjónar fléttan líka þeim tilgangi að sýna hvernig saga einstaklinga á stríðstímum og undir alræðisstjórn getur fléttast saman á óvæntan hátt. Sagan lýsir því á grimmilegan en hrífandi hátt hvernig sagan getur mótað fólk en hún fjallar ekki síður um það hvernig einstaklingarnir móta söguna með því að muna, skrásetja, segja frá – og ljúga.

Sigurður Karlsson þýðir bókina úr finnsku og ekki getur undirritaður metið þýðinguna út frá frumtextanum. Þýðing Sigurðar skilar oft mögnuðum texta, en stundum framandlegum og nokkuð sérviskulegum, sem getur bæði talist kostur og galli.

Jón Yngvi Jóhannsson

NIÐURSTAÐA: Spennandi og grimmileg úttekt á því hvernig smáþjóð og einstaklingarnir innan hennar verða leiksoppar sögunnar – og hver annars.

Hræðileg tilhugsun að hjakka í sama fari

Ný skáldsaga Stefáns Mána, Litlu dauðarnir, kemur út í dag. Þar kveður við nýjan tón hjá Stefáni, sagan er ekki glæpasaga heldur dramatísk lýsing á hruni heims einstaklings. „Þarf ekki morð til að byggja upp spennu," segir höfundurinn.

STEFÁN MÁNI „Ég er farinn að horfa meira í eigin barm: Hvert er ég að fara sem höfundur? Hvað langar mig að gera? Hvernig get ég haldið loganum lifandi?"
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta er eiginlega alls ekki glæpasaga," segir Stefán Máni um nýja skáldsögu sína Litlu dauðarnir. „Þetta er dramatísk saga þar sem hrunið er sviðsmyndin. Innblásturinn var ekki bankahrunið sem slíkt heldur fjallar bókin meira um hrun gilda, hrun einstaklings og hans umhverfis. Ég er sjálfur miklu meira fyrir það að bækur séu spennandi heldur en spennusögur sem slíkar. Það þarf ekkert að fjalla um morð á fólki eða rannsókn sakamála til að byggja upp spennu."

Þýðir það að þú sért búinn að snúa baki við Herði Grímssyni og glæpasagnaforminu? „Alls ekki, Hörður er í sjúkraleyfi eins og er en hann á meira inni hjá mér en svo að ég segi alveg skilið við hann," segir Stefán Máni og hlær. „Það var orðin rík þörf hjá mér að breyta svolítið til og gera eitthvað öðruvísi. Leiðarstefið í þessari sögu eru svik, leyndarmál og lygar en ekki morð og misyndisverk. Þetta gerist allt á fínlegra tilfinningasviði."

Litlu dauðarnir fjalla um háskólamenntuð hjón í Þingholtunum, þau eiga lítið barn, hann hefur góða vinnu í banka og á yfirborðinu er allt slétt og fellt. „En fortíðin kraumar þarna undir og þegar hrunið verður til þess að heimilisfaðirinn missir vinnuna fer að bresta dálítið hressilega í þessu öllu saman," segir Stefán. „Þá kemur í ljós að þetta fína líf er nú svolítið leikrit. Hann segir til dæmis ekki konunni sinni frá því að hann hafi misst vinnuna og fer út í brask og vitleysu til að hún komist nú ekki að því að hann sé ekki þessi mikli skaffari sem hann hefur gefið sig út fyrir að vera. Lygarnar og feluleikurinn vinda mjög hratt upp á sig og veröld hans verður að martröð sem hann hefur enga stjórn á."

Óttastu ekkert að aðdáendum þínum finnist þú vera að bregðast þeim með því að skrifa ekki harðsoðinn krimma? „Nei, ég óttast það ekki. Ég óttast mikið meira að staðna sem rithöfundur, fara að hjakka í sama farinu og skrifa um sömu persónuna ár eftir ár. Það finnst mér mun hræðilegri tilhugsun. Þegar öllu er á botninn hvolft þá er þetta bók eftir mig og hún er fjandi spennandi. Ég er farinn að horfa meira í eigin barm: Hvert er ég að fara sem höfundur? Hvað langar mig að gera? Hvernig get ég haldið loganum lifandi?"

Þetta er fyrsta bókin þín hjá nýjum útgefanda, var sá gamli óhress með að þú snerir þér frá glæpasagnaforminu? „Hann fékk ekkert að sjá þessa bók. Breytingin var bara hluti af þessari þörf minni til að endurfæðast algjörlega. Ég er mikill grasrótarmaður og þegar ég fór frá Eddunni, sem var svona bákn, á sínum tíma þá var mjög gott fyrir mig að koma til Forlagsins sem var þá grasrótarfyrirtæki sem ætlaði sér stóra hluti. Eftir að það rann saman við Edduna var ég aftur kominn í báknið með öllum hinum höfundunum og mér finnst það ekki gott. Það hentar mér betur að vera í minna umhverfi og í nánu sambandi við útgefandann."

Þú hefur einokað Blóðdropann, íslensku glæpasagnaverðlaunin, undanfarin ár, þessi bók mun sem sagt ekki koma til greina við þær tilnefningar? „Ég þarf ekki að hafa neinar áhyggjur af því, það er þeirra sem um það fjalla að ákveða það. Ég fékk til dæmis fyrsta Blóðdropann fyrir Skipið og það kom mér mjög á óvart því ég taldi mig ekki vera að skrifa glæpasögu þar. Ég læt öðrum það alveg eftir. Ég er búinn að fá þrjá Blóðdropa og það er falleg hilla hjá mér."

Lygarnar og feluleikurinn vinda mjög hratt upp á sig og veröld hans verður að martröð sem hann hefur enga stjórn á.

fridrikab@frettabladid.is

Áhorfandinn ræður ferðinni

Vinnslan frumsýnir í kvöld sviðslistaverkið Strengi í Tjarnarbíói. 24 listamenn úr ýmsum listgreinum koma að uppsetningunni en leikstjóri er Vala Ómarsdóttir.

Strengir er sviðslistaverk sem skoðar hvað er á bak við tjöldin í leikhúsi og við listsköpun. Öllum listformum er blandað saman og vinnuferlið verður að einu heildarverki sem sett er upp í átta rýmum Tjarnarbíós. „Hugmyndin er um það bil ársgömul en við byrjuðum að vinna þetta með vinnustofum í júní í sumar," segir Vala Þórsdóttir, leikstjóri sýningarinnar. „Þá fengum við fleiri listamenn með okkur og verkið fór á flug."

Verkið er eftir Vinnsluna en 24 listamenn koma að uppsetningunni í heild sinni – leikarar, dansarar, tónlistarmenn, búninga-, leikmynda-, ljósa-, tækni- og sviðsmyndahönnuðir, dramatúrg, sviðstjórar, sýningarstjórar, smitberi, myndlistarmenn, framleiðandi og barstjóri. Vala er beðin að útskýra hvað Vinnslan standi fyrir. „Þetta er listahópur og við erum sjö í honum," segir hún. „Við stofnuðum þennan hóp fyrir rúmlega tveimur árum þegar flest okkar fluttu heim eftir nám í London. Við höfum öll áhuga á því að geta sett saman alls kyns margmiðlunarverk þar sem unnið er með alla miðlana, en líka á því að búa til vettvang fyrir fleiri listamenn til að sýna sín verk. Það höfum við gert með svokölluðum Vinnslukvöldum þar sem við höfum boðið áhorfendum að koma og fylgjast með sköpuninni."

Strengir eru fyrsta verkið sem Vinnslan setur upp og stendur sýningin frá klukkan 19 til 23. Áhorfendur ferðast frjálst milli rýma og upplifa og taka þátt í verkinu á eigin forsendum. „Tíminn er stórt atriði í sýningunni því verkið fjallar um vinnuferlið," útskýrir Vala. „Áhorfendur geta mætt hvenær sem er, farið hvenær sem er, gengið í gegnum rýmin aftur og aftur og upplifað þróunina á sínum hraða. Þótt þetta sé sviðslistaverk þá er það sett upp eins og myndlistarsýning þannig að áhorfandinn ræður ferðinni alveg sjálfur og hver og einn fær mismunandi upplifun af verkinu."

Við stofnuðum þennan hóp fyrir rúmlega tveimur árum þegar flest okkar fluttu heim eftir nám í London.

- fsb

VINNSLAN Vala Ómarsdóttir og hluti hópsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ilse
BY ILSE JACOBSEN

ILSE JACOBSEN KEMUR OG KYNNIR NÝJA SPA- OG SNYRTILÍNU

WINNER
NEW BRAND OF THE YEAR
DANISH BEAUTY AWARD '14

HITTIÐ ILSE JACOBSEN
Í VERSLUNINNI Á GARÐATORGI, GARÐABÆ
FÖSTUDAGINN 24. OKTÓBER KL. 17:00 - 19:00

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ:

1. Verðlaun Helgarferð fyrir tvo á KURBADED by ILSE JACOBSEN, spa Ilse í Hornbæk í Danmörku og öll ILSE by ILSE JACOBSEN snyrtilínan

2. Verðlaun Öll ILSE by ILSE JACOBSEN snyrtilínan

3. Verðlaun Öll ILSE by ILSE JACOBSEN fótsnyrtilínan

20% KYNNINGARAFSLÁTTUR AF ILSE SNYRTIVÖRUNUM Á DEGINUM

ILSE JACOBSEN
HORNBÆK

www.ilsejacobsen.com

LESTU TIL SIGURS Í OKTÓBER!



Gosbrunnurinn
Vildarverð: 2.899.-
Verð: 3.299.-



Lolita
Vildarverð: 3.520.-
Verð: 3.999.-

KATA
Vildarverð: 5.720.-
Verð: 6.499.-

MÁLÞING
25. OKT
KL 15:00
AUSTURSTRÆTI

Afdalabarn
Vildarverð: 2.639.-
Verð: 2.999.-

Náðarstund
Vildarverð: 5.279.-
Verð: 5.999.-

Borgir og borgarskipulag
Vildarverð: 11.439.-
Verð: 12.999.-

Saga þeirra, sagan mín
Vildarverð: 5.720.-
Verð: 6.499.-

Hans Jónatan
Vildarverð: 5.720.-
Verð: 6.499.-

ALLIR LESA
keppnin heldur áfram!



Leitin að Blóðey
Vildarverð: 3.343.-
Verð: 3.799.-



Drápa
Vildarverð: 4.399.-
Verð: 4.999.-

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

NÝ VERSLUN
LAUGAVEGI 77

Nammigrísinn
Vildarverð: 2.639.-
Verð: 2.999.-



Arfleifð
Vildarverð: 4.399.-
Verð: 4.999.-

ÚTGÁFUHÓF
Í DAG
KL 15:00
AUSTURSTRÆTI

Náttblinda
Vildarverð: 5.720.-
Verð: 6.499.-

Stóra hekl bókin
Vildarverð: 6.599.-
Verð: 7.499.-



Ævintýri H.C. Andersen
Vildarverð: 3.520.-
Verð: 3.999.-



Eleanor og Park
Vildarverð: 4.399.-
Verð: 4.999.-

1.
Metsölulisti Eymundsson

Í innsta hring
Vildarverð: 2.999.-
Verð: 3.499.-

KEMUR ÚT
Í DAG!

Arfurinn
Vildarverð: 2.639.-
Verð: 2.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er frá 23. október, til og með 26. október. 5% vildarafsláttur gildir af öllum tilboðum nema þeim sem merkt eru „Vildarverð". Vildarverð gilda aðeins fyrir meðlimi Vildarklúbbs Eymundsson. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

MALNEIROPHRENIA

Hitchcock hefði hrifist

Malneirophrenia spilar á fyrstu tónleikum í tvö ár.

Hljómsveitin Malneirophrenia spilar í Mengi í kvöld og eru það fyrstu tónleikar sveitarinnar í tvö ár. Malneirophrenia er kammerpönktríó skipað píanói, sellói og rafbassa. Sveitin hefur leikið með hléum í áratug, haldið nokkra kvikmyndatónleika, og gaf út frumburðinn M árið 2011. Tónlistin er frjálsleg blanda af nýrri og gamalli klassík, kvikmyndatónlist, rokki, óhljóðum og melódramatík. „Alfred Hitchcock hefði orðið hrifinn," ritaði Morgunblaðið árið 2011, og franska þungarokkssíðan Guts of Darkness kallaði músíkina „undursamlega martraðarkennda".

Í kvöld mun Malneirophrenia frumflytja nýtt efni ásamt því að leika brot úr verkum eftir Franz Schubert og David Shire. Að því loknu mun sveitin leika efni af plötunni M undir völdum atriðum úr kvikmyndinni Voyage to the Planet of Prehistoric Women frá 1967. Hverjum seldum tónleikamiða fylgir rafrænt niðurhal af fyrstu tveimur hlutum endurhljóðblöndunarverkefnisins, M-Theory #1, með verkum frá raftónlistarmönnunum Futuregrapher, Lord Pusswhip, Buss 4 Trikk og Sigtryggi Berg Sigmarssyni. Tónleikarnir hefjast kl 21.00 og aðgangur er 2.000 krónur. - þij

FIMMTUDAGUR

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

23. OKTÓBER 2014

Tónleikar

19.30 Franski hljómsveitarstjórnandinn Pascal Rophé stýrir sólóistanum Cellini Tanja Tetzlaff í Hörpu í kvöld. Miðaverð 2.400 til 6.900 krónur.

20.00 Hljómsveitin Árstíðir kemur fram í Bergi í Hljómahöll í kvöld. Berg er glænýr tónleikasalur í Hljómahöll sem hefur einstaklega góðan hljómburð. Aðgangseyrir 2.000 kr.

20.00 Saxófónleikarinn Sigurður Flosason og söngkonan Kristjana Stefánsdóttir fagna útgáfu á plötunni In the Night með tónleikum í Fríkirkjunni í kvöld. Frítt inn.

20.00 Dúettinn Þvottahúsið, leikur skemmtilega blöndu af chill/rock tónlist á Hlemmur Square frá rótum þeirra drengja, Austurríki, og tekur ykkur í smá þvottavélarsnúning með hinum ýmsu lögum frá öllum heimshornum, þá aðallega lög frá tíunda áratugnum til dagsins í dag. Þvottahúsið skipa tveir erlendir skiptinemar, sem koma frá Austurríki en stunda nú hér nám við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

21.00 Sveitin Malneirophrenia mun frumflytja nýtt efni í Mengi ásamt því að leika brot úr verkum eftir Franz Schubert og David Shire. Að því loknu mun sveitin leika efni af plötunni M undir völdum atriðum úr kvikmyndinni Voyage to the Planet of Prehistoric Women frá 1967. Hverjum seldum tónleikamiða fylgir rafrænt niðurhal af fyrsta hluta endurhljóðblöndunarverkefnisins, M-Theory #1.

21.00 Djasssveitin ADHD spilar á Græna hattinum á Akureyri í kvöld.

21.00 Í kvöld ætla Felix Bergsson og Hlynur Ben að eiga gott kvöld með Dalvíkingum í Menningarhúsinu Bergi. 2.000 krónur inn. Miðasala er eingöngu við innganginn.

21.00 Bob, Oyama og MC Bjór & Bland troða upp á Húrra. 1.000 krónur inn.

21.00 Ómar Diðriks og Sveitasynir troða upp á Café Rosenberg.

21.00 Jón Jónsson treður upp á Fróni á Selfossi í kvöld. Miðaverð 2.900 til 3.900 krónur.

22.00 Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8 í kvöld. Aðgangur er ókeypis.

Leiklist

20.00 Forsýning á 101 Reykjavík í uppsetningu leikfélags VMA í Rýminu á Akureyri.

Umræður

20.00 Í kvöld verður opinn fundur Ungmennaráðs UN Women haldinn. Þar gefst öllum sem vilja tækifæri til að kynnast starfi ráðsins og einnig að taka þátt í að móta hugmyndir þess. Fyrst verður kynning á starfinu og síðan verður farið í hugmyndavinnu þar sem allir geta tekið þátt í að móta starfið sem fram undan er. Góðgæti í boði. Fundurinn verður haldinn í Íbúðinni Ungmennahúsi, sem er til húsa í Safamýri 5, 108 Reykjavík.

20.00 Höfundakvöld nr. 2 fer fram í Gunnarshúsi í kvöld. Þá mæta þau Kristín Steinsdóttir með glóðvolga bók sína Vonarlandið og Sverrir Norland með Kvíðasnillingana. Stjórnandi er Halla Þórlaug Óskarsdóttir. Allir eru velkomnir á meðan stólar leyfa, aðgangur 500 kr.

Uppákomur

17.00 WordPress bjórkvöld á SKY Bar & Lounge í kvöld. WordPress samfélagið á Íslandi hefur verið að eflast og kominn tími á að hittast og deila reynslusögum. Við kynnumst aðilum sem hafa nýtt sér WordPress til að koma efni á framfæri ásamt því að fræðast um hvaða tækifæri og hindranir hafa mætt þeim á leiðinni.

Opið hús

10.00 Opið hús verður í Sjónlistadeild og diplómadeildum í teikningu, textíl og mótun hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík í dag, fimmtudag, til klukkan 17.00. Tilvalið fyrir alla þá sem vilja kynna sér námsframboð í fullu námi við skólann og skoða verk og vinnu nemenda.

Kvikmyndahátíð

18.00 Rússneskir kvikmyndadagar í Bíói Paradís hefjast. Frítt er inn á opnunarmyndina Postman's White Nights í kvöld. Hátíðin stendur til 27. október.

Tónlist

21.00 DJ Arnar spilar á Hressingarskálanum í kvöld.

21.00 Trúbadorateymið Alexander & Guðmann troða upp á English Pub í kvöld.

21.00 DJ NonniMal spilar á Dollý í kvöld.

21.00 DJ Óli Dóri kemur fram á Bravó í kvöld.

21.00 DJ Yoda spilar á Frederiksen Ale House í kvöld.

21.00 DJ Art of Listening spilar á Brikk í kvöld.

22.00 DJ Margeir þeytir skífum á Kaffibarnum í kvöld.

Fyrirlestrar

20.00 Benedikt Hjartarson, lektor í almennri bókmenntafræði og menningarfræði við Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur í Hafnarhúsi í dag. Þetta er rannsóknarstofa um framúrstefnu. „Við erum hinir nýju menn nýs lífs": Yfirlýsingar, gagnmenning og alþjóðleg framúrstefna.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Góð kaup í

nýlegum glæsijeppum

Mercedes-Benz ML 350 BlueTEC 4MATIC

Árgerð 2012, ekinn 32 þús. km, dísil 2.987 cc., 259 hö., sjálfskiptur.

Verð: 11.390.000 kr.

Toyota Land Cruiser GX 150

Árgerð 2013, ekinn 41 þús. km, dísil, 2.982 cc, 191 hö., sjálfskiptur, eyðsla 7,1 l/100 km.

Verð: 8.900.000 kr.

Mitsubishi Pajero Instyle

Árgerð 2012, ekinn 40 þús. km, dísil, 3.200 cc, 200 hö., sjálfskiptur, eyðsla 9,3 l/100 km.

Verð: 7.890.000 kr.

Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

NOTAÐIR BÍLAR · Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

ASKJA

Í DAG ER BLEIKUR FIMMTUDAGUR
OG OPIÐ TIL 21 Í BÆNUM

JÚNÍFORM ER KOMIÐ Í ÖXNEY

nýjar vörur

Við minnumst
Unnar Guðrúnar Baldursdóttur
sem er sárt saknað og munum
gefa 10% af sölu dagsins til
sjóðs Bleiku slaufunar

KLAPPARSTÍGUR
– № 40 –
ÖXNEY
– 101 –
REYKJAVÍK

ÖXNEY • KLAPPARSTÍGUR 40 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 571 4010 • FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

AFMÆLISBARN DAGSINS



76 ára Christopher Lloyd leikari
Þekktastur fyrir: Back to the Future

BÍÓFRÉTTIR

Kit Carson látinn

Handritshöfundurinn og leikarinn L.M. Kit Carson lést á mánudaginn 73 að aldri eftir langvinn veikindi. Hann vann handritið að Paris, Texas eftir Wim Wenders og skrifaði meðal annars handritin að Texas Chainsaw Massacre 2 og endurgerðinni af Breathless frá 1983. Hann hjálpaði Wes Anderson og leikaranum Owen Wilson að fá græna ljósið fyrir fyrstu mynd þeirra í fullri lengd, Bottle Rocket.

Leikur nasista

Patrick Stewart, sem margir þekkja úr X-Men-myndunum og Star Trek-þáttunum, mun leika nýnasista í spennutryllinum Green Room. Myndin fjallar um ungt fólk í pönkhljómsveit sem festist inni á tónleikastað og verður vitni að hræðilegum glæp. Þau þurfa síðan að berjast fyrir lífi sínu gegn hópi nýnasista sem vilja útrýma öllum vitnum.

FRUMSÝNINGAR

Fury Stríðsmynd
Aðalhlutverk: Brad Pitt, Shia LaBeouf, Logan Lerman

IMDb 8,3/10

Hemma Drama
Aðalhlutverk: Simon J. Berger, Lia Boysen, Moa Gammel

IMDb 7,6/10

THE POSTMAN'S WHITE NIGHTS Alvöru þorpsbúar leika í myndinni.

Sýna síðkommúníska nostalgíu í kvöld

Rússneskir kvikmyndadagar hefjast í Bíói Paradís í kvöld.

Rússneskir kvikmyndadagar hefjast í dag í Bíói Paradís og standa til 27. október. Rjómi rússneskrar kvikmyndagerðar nútímans verður sýndur en allar myndirnar eru verðlaunamyndir. Frítt er inn á opnunarmyndina í kvöld kl. 18.00 en um er að ræða myndina The Postman's White Nights.

Myndin fjallar um guðsvolað þorp í Rússlandi og er lýst sem „síðkommúnískri nostalgíu með vodkabragði". Handritið er byggt á sönnum sögum og er notast við alvöru þorpsbúa sem leika í myndinni. Leitin að aðalleikaranum tók meira en ár. Myndin hlaut Silfurljónið fyrir bestu leikstjórn auk Green Drop-verðlaunanna á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum í ár.

Stórmyndin Leviathan verður einnig sýnd en hún var útnefnd framlag Rússlands til Óskarsverðlaunanna í ár. Sagan er byggð á Jobsbók Biblíunnar en myndin tekst á við spillingu og kúgun í Rússlandi. Athygli vekur að myndin var fjármögnuð að hluta til af menningarmálaráðuneyti Rússlands en framleiðandi myndarinnar hefur sagt að ólíklegt sé að leikstjóri myndarinnar muni fá slíkan styrk aftur.

> ➜ Rjómi rússneskrar kvikmyndagerðar nútímans verður sýndur en allar myndirnar eru verðlaunamyndir.

Einnig verður hægt að sjá myndirnar Angels of Revolution, sem fjallar um nokkra framústefnulistamenn í Rússlandi eftir að kommúnisminn tók völdin, Two Women sem er byggð á frægu leikriti Ivans Turgenjev og White Reindeer Moss sem byggð er á tveimur bókum eftir frægasta rithöfund af þjóðflokki Neneta í Norður-Rússlandi, Önnu Nerkagi.

- þij

SKÁL Í BOTN Mcconaughey skálar með Jimmy Kimmel og dóttur sinni.

McConaughey hylltur

Leikarinn Matthew McConaughey hlaut American Cinematheque-verðlaunin.

Leikarinn Matthew McConaughey hlaut American Cinematheque-verðlaunin á þriðjudaginn en þau eru veitt framúrskarandi listamönnum í skemmtanabransanum sem „einsetja sér að leggja fram eitthvað sem skiptir máli til kvikmyndalistarinnar". McConaughey hefur starfað sem leikari í Hollywood í 22 ár.

Í verðlaunaafhendingarveislunni á Hilton-hótelinu í Beverly Hills deildi leikarinn reynslu sinni með gestum og leiðrétti ýmsan misskilning. „Mér var ekki boðið hlutverkið í Titanic," sagði hann. „Fyrsta reglan: handrit með tíu milljónir dala áfastar er fyndnara en sama handritið með einungis eina milljón áfasta. Í öðru lagi verður maður að gera ráð fyrir að uppbygging handritsins hjálpi manni við leikinn," bætti McConaughey við og sagði sögu af sjálfum sér við upphaf ferils síns, þegar hann var mjög upptekinn af því að leika „eðlilega" og las ekki handritið fyrr en hann mætti á tökustað. „Þá komst ég að því að minn hluti var tveggja blaðsíðna eintal á spænsku."

Þriðja reynslan sem McConaughey vildi deila snerist um að mæta með börnin sín í upptökuverið. Snemma á leikferlinum taldi hann það vera slæma hugmynd. Þetta viðhorf hans breyttist þegar hann eignaðist loksins börn. „Mér finnst alveg frábært að hafa börnin mín með á tökustað."

Fjölmargar stjörnur gerðu góðlátlegt grín að leikaranum svo sem Kate Hudson, Reese Witherspoon, vinur hans Woody Harrelson og Sandra Bullock, sem las upp ljóð eftir sig. Leikstjórinn Richard Linklater, sem leikstýrði McConaughey í Dazed & Confused og The Newton Boys, hafði þetta að segja: „Hann fór aldrei úr bolnum, í hvorugri myndinni."

Grínarinn Jimmy Kimmel var kynnir kvöldsins og gerði auðvitað góðlátlegt grín að leikaranum. „Hann er ekki bara snoppufríður," sagði hann, „hann er líka með æsandi kropp." Undir lokin skáluðu þeir Kimmel og McConaughey síðan í Miller Litebjór á sviðinu. torduringi@frettabladid.is

Erum á Facebook

Lukt stór
8.990,- **nú 7.163,-**

Lukt minni
3.990,- **nú 3.163,-**

Sunday sófi 179.900,- **nú 143.344,-**

Hreindýralöber
1.990,- **nú 1.586,-**

ANTON & BERGUR

TAXFREE AF ÖLLUM VÖRUM
HELGINA 23.–26. OKTOBER

Haag sófi áður 199.900,- **nú 159.280,-**

Erum að taka upp jólavörur

jólakúlur 290,-
nú 231,-

Álfar 11cm
1.290,- **nú 1.028,-**

Teppi og rúmteppi
frá 7.990,- **nú 6.366,-**

Silfur lukt
14.990,-
nú 11.163,-



Uglur 3.990,- **nú 3.179,-**

TAXFREE

Bláar luktir
og kertastjakar
frá 1.290,- **nú 1.029,-**

Töskur frá 4990.-
nú 3.976,-

the PIER

FRÁBÆRT ÚRVAL AF KERTUM Í ÖLLUM STÆRÐUM OG LITUM

TAXFREE

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

LÍFIÐ

TREND Klassískt og klikkar aldrei

Margir eru lítt hrifnir af því að klæðast litum. Oftar en ekki verða þá svartur og hvítur fyrir valinu, en sú samsetning þarf alls ekki að vera leiðinleg. Einfalt er oft best.

Jónas semur fyrir Útlenska drenginn

Nýtt leikverk fjallar um ríkisfang, einelti og innflytjendur

Tónlistarmaðurinn Jónas Sigurðsson semur tónlistina fyrir leikverkið Útlenski drengurinn eftir Þórarin Leifsson. Verkið verður frumsýnt í Tjarnarbíói á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember næstkomandi, en leikhópurinn setur verkið upp í leikstjórn Vigdísar Jakobsdóttur.

Um er að ræða gamanleik með alvarlegum undirtóni. Verkið fjallar um Dóra litla sem er vinsælasti strákurinn í bekknum þangað til hann er látinn taka svokallað Pítsapróf sem snýr lífi hans á hvolf. Dóri er sviptur grundvallarmannréttindum og látinn bíða örlaga sinna inn í myrkvaðri skólastofu. Verkið fjallar meðal annars um ríkisfang, einelti og þá tilfinningu að upplifa sig utangarðs.

Jónas og Þórarinn hafa þekkst lengi en þeir bjuggu báðir í Danmörku á sama tíma og umræða um innflytjendamál náði þar hámarki og hafði áhrif á þá báða. - þij

JÓNAS SIGURÐSSON Sló eftirminnilega í gegn með laginu Hamingjan er hér árið 2010. MYND/SPESSI

Hótel til sölu í 101 Reykjavík

Til sölu er glæsilegt hótel í miðbæ Reykjavíkur.

Rekstur hótelsins hefur gengið vel og afkoman verið góð.

Hótelið var endurbyggt frá grunni og opnaði sumarið 2011 og eru innréttingar og tæki frá þeim tíma.

Hótelið er með langtímaleigusamning í núverandi húsnæði.

Hótelið hefur fengið mjög góðar umsagnir frá gestum á Trip Advisor.

Einnig á hótelið þrjár íbúðir, sem eru vel staðsettar og hafa verið í útleigu til ferðamanna. Íbúðirnar seljast með hótelinu.

Allar nánari upplýsingar veitir Arnar Sölvason í netfanginu arnar.solva@gmail.com

JÁS Fasteignir ehf - Árni Helgason hdl., lögg. fasteignasali

Öpp sem einfalda lífið

Þjáist þú af valkvíða? Er ekkert skipulag á óskipulaginu? Áttu það til að villast í stórborgum? Gleymir þú innkaupalistanum heima? Ertu búinn að gefast upp á að leita að draumaflíkinni? Ef svarið við einhverri af þessum spurningum var já, þá ertu á réttum stað. Fréttablaðið tók saman átta öpp sem gætu bjargað þér á ögurstundu, eða bara hjálpað þér að leysa úr lúxusvandamálunum dagsins.

Urban dictionary

Ha? Hvað? Bro? Ertu farinn að halda að barnið þitt tali annað tungumál? Ertu að vinna með tvítugum krökkum sem tala bara í stikkorðum? Skilur þú ekki helminginn af því sem börnin þín skrifa á Facebook eða lesa á Tumblr? Urban dictionary kemur þá til bjargar. Öll nýyrðin og stikkorðin sem þig vantar.

Tie Right

Ertu að fara í brúðkaup? Er fyrsta stefnumótið í kvöld? Nú eða er tengdó að bjóða þér í mat í fyrsta sinn? Hljóma orð eins og Windsor, Hálfur Windsor og „The Four In Hand Knot“ líkt og geimvísindi í þínum eyrum? Tie right kennir þér á einfaldan og snjallan hátt hvernig þú átt að hnýta bindishnúta og slaufur, líkt og þú hafir aldrei gert neitt annað.

iStudiez

Október er að klárast, það styttist óðum í jólaprófin og þú hefur ekki hugmynd um hvar skóladagbókin er. Hvað þá námsáætlunin. Ekki örvænta, Það er ekki orðið of seint að girða sig í brók og taka námið og skipulagið með trompi! Þú getur hætt að kenna hundinum þínum um léleg verkefnaskil, iStudiez tekur skipulagið þitt í nýjar hæðir.

The Hunt

Æ, varstu að horfa á þátt og getur ekki hætt að hugsa um jakkann sem aðalpersónan var í? Eða sástu kjól á Pinterest sem þú bara verður að eignast! Ekkert mál, taktu mynd af flíkinni, settu hana inn í appið og þú færð að vita hvar þú getur eignast draumaflíkina. Það er svo gott að geta leyst þessi lúxusvandamál á auðveldan hátt.

Ulmon

Þegar þú ert í Róm þá áttu að vera upptekinn af því að njóta, en villast ekki. Í París áttu að skoða Sacré Cœur, ekki eyða deginum í að leita að henni. Ulmon er besti ferðafélagi sem þú munt nokkurn tíma eignast. Þú velur þinn áfangastað og færð GPS, leitarvél, neðanjarðarlestakort og fleira. Mundu bara að sækja appið áður en þú ferð og pinna niður áhugaverða staði. Og það virkar án netsambands.

iChoose

færðu valkvíða í matvöruversluninni? Er erfitt að velja númer af handahófi? Rautt eða blátt? París eða London? Þetta app gefur þér svör við þessu öllu. Já eða nei, velur tölu frá 1-10 og svarar þér hvort pitsa eða sushi er málið í kvöldmatinn. Og að sjálfsögu er skæri blað steinn í appinu líka, hvað annað!

Photomath

Ertu að reikna? Gleymdu gamla góða Casio, hér erum við að tala um myndavélavasareikni. Ertu ekki viss um að X sé jafnt og tveir? Er barnið þitt að læra heima og spyr þig hvort svarið við dæminu sé rétt og þú hefur ekki hugmynd um það? Photomath tekur mynd af reiknings-dæminu og skilar þér réttu svari á augabragði og þú virkar skarpari en skólakrakki. Allir glaðir.

Shopshop

Viðurkenndu það bara. Þú gleymir alltaf innkaupalistanum heima. Hins vegar gleymir þú aldrei símanum. Þú skrifar innkaupalistann heima í appið og strikar svo vörurnar út af listanum jafnóðum. Ef það liggur þannig á þér þá máttu líka hrista símann til að hreinsa listann. Þör geta deilt innkaupalista og jafnvel bætt á hann á meðan hitt er að versla. Hins vegar má deila um hversu sniðugt það er.

Svala Björgvins með „pop-up“

Lasta Shop og Svala Björgvinsdóttir efna til veislu í Maníu í tilefni nýrrar línu.

„Þetta er ungt og djarft,“ segir Helga Olafsson, eigandi vefverslunarinnar Lasta Shop, sem efnir til „pop-up“-veislu í Maníu á morgun ásamt Svölu „Kali“ Björgvinsdóttur, í tilefni af þriðju fatalínu hennar, Kali.

Mikil spenna ríkir í kringum opnunina vegna þess hversu óvenjulega Svala klæðir sig en hún er þekkt fyrir djarfan og nútímalegan stíl. „Það er gaman að geta sýnt þessa línu á Íslandi enda sést hvernig Svala klæðir sig sjálf og hún hannar eftir því,“ segir Helga.

Svala er mjög spennt fyrir nýju fatalínunni. „Mig langaði að gera línu sem væri töffaraleg og með sterkum línum,“ segir Svala, sem vill tengja Kali við fyrri fatalínur svo að hægt sé að nota fötin á mismunandi vegu. Maríu Birtu Bjarnadóttur, eiganda Maníu, finnst æðislegt að fá línuna í búðina. „Þetta er rosalega flott „collection“ hjá henni. Síðan er þetta skemmtilegt út af tengslum okkar,“ segir María Birta, en kærasti hennar, Elli Egilsson, er bróðir Egils „Mega“ Einarssonar, eiginmanns Svölu. - þij

UNGT OG DJARFT Svala er þekkt fyrir djarflegan stíl. MYND/KATRÍN OLAFSSON

Þú færð DAVID ATTENBOROUGH

með 20% afslætti í Skífunni!

NÝ SERÍA!

3.199,-
Verð áður 3.999,-

EINKUN 9,3 IMDb

★★★★★ amazon.com

AFRÍKA

Frábært ferðalag frá upphafi til enda.
Í þessari sex þátta seríu sérðu dýralíf Afríku í algerlega nýju ljósi. Stórkostleg upplifun!

LOKAHELGI!

3.199,-
Verð áður 3.999,-

3.199,-
Verð áður 3.999,-

4.239,-
Verð áður 5.299,-

4.399,-
Verð áður 5.499,-

2.079,-
Verð áður 2.599,-

2.159,-
Verð áður 2.699,-

2.159,-
Verð áður 2.699,-

3.199,-
Verð áður 3.999,-



3.199,-
Verð áður 3.999,-



2.799,-
Verð áður 3.499,-



2.639,-
Verð áður 3.299,-

Landsins mesta úrval af margverðlaunuðum þáttum frá BBC ...nú með 20% afslætti!

KRINGLAN OG SMÁRALIND · 591-5300 · WWW.SKIFAN.IS

S·K·Í·F·A·N

VINNUSTAÐAMENNING Brynja Bragadóttir stofnaði ráðgjafarstofu ásamt Hildi Jakobínu Gísladóttur um stjórnun og vinnusálfræði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Skömminni skilað

Tveggja daga vinnustofa fyrir þolendur eineltis á vinnustöðum verður haldin í næsta mánuði.

Taktu stökkið er yfirskrift tveggja daga vinnustofu fyrir þolendur eineltis á vinnustöðum, sem Brynja Bragadóttir og Hildur Jakobína Gísladóttir hjá fyrirtækinu Officium ráðgjöf bjóða upp á í næsta mánuði.

Markmiðið er að fræða þátttakendur um vinnustaðaeinelti, áhrif þess á líðan þeirra og heilsu og ekki síst að kynna þeim leiðir til að takast á við slíkar aðstæður, „skila skömminni þangað sem hún á heima“, eins og þær segja.

„Þolendur eiga oft erfitt með að tjá sig um líðan sína eða leita sér ráðgjafar. Þeir ímynda sér að enginn annar sé í sömu sporum og eru hræddir við að afhjúpa tilfinningar sínar og vanlíðan fyrir öðrum. Fagleg ráðgjöf getur flýtt batanum í kjölfar eineltis,“ segir Brynja.

Vinnustofan er ekki byggð upp eins og hefðbundið námskeið með einhliða fræðslu heldur er meiningin að þátttakendur, að hámarki fimmtán manns, tali saman og deili reynslu sinni hverjir með öðrum. Brynja og Hildur Jakobína sjá svo vitaskuld um fræðsluþáttinn, stýra og taka þátt í umræðum og eru þátttakendum til leiðsagnar.

Þær leggja ríka áherslu á að fullkomnum trúnaði sé heitið, og sjá fyrir sér að í kjölfar vinnustofunnar haldi þátttakendur áfram að hittast og styðja hver annan. Að sögn Brynju er vinnustaðaeinelti meira vandamál en fólk gerir sér almennt grein fyrir og í rauninni enn þá hálfgert tabú hér á landi. Í Bandaríkjunum sé hins vegar algengt að fólk sem upplifi einelti á vinnustað leiti sér fræðslu og stuðnings hjá sérfræðingum og standi sjálft fyrir stuðningsfundum.

> **Polendur ímynda sér oft að enginn annar sé í sömu sporum og eru hræddir við að afhjúpa tilfinningar sínar og vanlíðan fyrir öðrum.**

„Við notum þá skilgreiningu í vinnu okkar að einelti sé endurtekin neikvæð háttsemi sem beinist að einum eða fleiri starfsmönnum og ógni heilsu þeirra og öryggi. Það er gríðarlega mikilvægt að uppræta einelti hvar sem það birtist og ekki síst á vinnustöðum, þar sem það er oft dulið og/eða látið afskiptalaust. Einelti er alltaf ofbeldi sem hefur ekki bara áhrif á þolendur heldur líka neikvæð áhrif á aðstandendur og starfsanda á vinnustöðum,“ segir Brynja. „Afköst starfsmanna og ímynd fyrirtækjanna eru líka í húfi,“ bætir hún við.

valgerdur@frettabladid.is

Pláss fyrir umhyggju og ást í stjórnmálum

Óttarr Proppé alþingismaður ætlar að velta fyrir sér nýstárlegri aðferðafræði á ráðstefnunni Þjónandi forysta sem verður haldin á Bifröst í lok þessa mánaðar.

„Ég þurfti að semja fyrirsögn erindisins fyrirfram og ákvað að gera mér lífið erfiðara með því að varpa í henni fram erfiðri spurningu, sem ég þyrfti sjálfur að svara,“ útskýrir Óttarr Proppé alþingismaður, bæði í gríni og alvöru.

Spurningin er þessi: Er rúm fyrir ást og umhyggju í stjórnmálum og opinberri umræðu? Henni mun hann leitast við að svara á ráðstefnunni Þjónandi forysta, sem Þekkingarsetur um þjónandi forystu og Háskólinn á Bifröst standa fyrir í lok mánaðarins. Erindið er ósamið enn, en hann er að vinna í því.

„Einfalda svarið er að það er pláss fyrir ást og umhyggju í stjórnmálum, en aðferðafræðin er flókin og snýst í grunninn um að stjórnmálamenn tileinki sér öðruvísi framkomu og nálgun. Ástin er gildishlaðið og sterkt hugtak, en mér finnst fara vel á að hugleiða það í tengslum við þjónandi forystu, samskipti og félagslega ábyrgð eins og ráðstefnan gengur út á,“ segir Óttarr.

Sjálfur kom hann inn í stjórnmálin með Besta flokknum og Jóni Gnarr og segir stefnu þeirra hafa frá upphafi byggst á pælingum á öðrum nótum en alla jafna tíðkast í stjórnmálastarfi. Ástar- og umhyggjuhugtökin hafi verið hópnum hugleikin.

ALÞINGI Óskar Proppé segir pláss fyrir ást og umhyggju í pólitík en aðferðafræðin sé flókin.

> **Viðkvæðið er að sami rassinn sé undir öllum stjórnmálamönnum, þeir hugsi aðeins um að halda völdum og viðhalda sjálfum sér.**

SAMSKIPTI OG SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Óttarr Proppé er eini stjórnmálamaðurinn meðal fimmtán ræðumanna á ráðstefnunni Þjónandi forysta, sem Þekkingarsetur um þjónandi forystu og Háskólinn í Bifröst standa fyrir 31. október næstkomandi. Fjallað verður um þjónandi forystu, samskipti og samfélagslega ábyrgð út frá ólíkum sjónarhornum og á ýmsum vettvangi.

„Umræðan um stjórnmál er neikvæð. Viðkvæðið er að sami rassinn sé undir öllum stjórnmálamönnum, þeir hugsi aðeins um að halda völdum og viðhalda sjálfum sér,“ segir hann. „Starf í stjórnmálum er orðið að sérfagi, sem er hættuleg þróun sem á sér stað víðast hvar á Vesturlöndum. Þeim fækkar sem gefa kost á sér í stjórnmál af hræðslu við hörku og óvægna umræðu og kosningaþátttaka minnkar. Æ fleiri verða utanveltu í því verkefni sem stjórnmál eru og allir ættu að taka þátt í. Samt hafa kröfurnar um aukið lýðræði og dreifðari ákvarðanatöku stöðugt orðið háværari.“

Spurður um ást og umhyggju á Alþingi svarar hann því til að starfsumhverfið og vinnustaðarmenningin sé jákvæðari en margur haldi. Átök og rifrildi þyki hins vegar fréttnæmari heldur en þegar menn ná góðum sáttum. „Því er þó ekki að neita að stjórnmálaheimurinn er harðari og skoðanaskipti einstrengingslegri en annars staðar í samfélaginu,“ segir Óttar, sem enn hefur nokkra daga til að semja erindi um aðferðafræði þar sem ást og umhyggja er leiðarstefið.

valgerdur@frettabladid.is

UMHVERFISMÆLAR

Súrefnismælar • hitamælar • pH mælar o.m.fl.
og nú er Fastus einnig söluaðili Merck efnavöru

HANNA instruments
MERCK MILLIPORE
FASTUS
Veit á vandaða lausn

Verið velkomin í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

FASTUS_H_05.01.14

Ófædda barnið er sannkölluð gjöf

Sonur Shakiru er mjög spenntur fyrir litlum bróður.

MEÐ MILAN Shakira ásamt Milan sem verður tveggja ára í janúar. NORDICPHOTOS/GETTY

Shakira segir að ófætt barn hennar sé „sannkölluð gjöf“ handa syni hennar Milan sem er eins árs. Hún segir hann mjög spenntan fyrir því að eignast lítinn bróður.

Kólumbíska söngkonan er komin fimm mánuði á leið með annað barn sitt og kærastans, Gerards Piqué, sem spilar fótbolta með Barselóna. „Það verður sannkölluð gjöf fyrir Milan að eignast bróður. Ég væri til í að eignast stelpu einhvern tímann en við sjáum til. Maður veit aldrei hvað gerist,“ sagði Shakira í brasilíska sjónvarpsþættinum Espetacular. „Eins og staðan er núna er ég mjög hamingjusöm vegna þess að ég elska stráka líka.“

Nýlega sagði hin 37 ára gamla söngkona að sig dreymdi um að eignast tuttugu börn með Piqué en hún hefur samt nóg að gera við að líta eftir Milan, sem verður tveggja ára í janúar. „Ég reyni að vera með honum eins mikið og ég get. Ég passa vel upp á hann og vil að hann borði vel og á réttum tímum. Hann þarf líka að sofa vel. Þegar hann gerir það er ég ánægð.“

Shakira og Piqué byrjuðu saman árið 2011 og eru mjög hamingjusöm saman. „Fjölskyldan skiptir hann miklu máli. Hann er mikill fjölskyldumaður. Lífsgildi okkar eru þau sömu og það skiptir mjög miklu máli. Þess vegna er samband okkar svona gott.“

Farvegur fyrir frjálsa og milliliðalausa útgáfu listamanna

Þeir Aðalsteinn Eyþórsson, Jón Pálsson og Brynjólfur Ólason eru forsprakkar vefsíðunnar hofundur.net og Höfundaútgáfunnar.

Listamennirnir Aðalsteinn Eyþórsson, Jón Pálsson og Brynjólfur Ólason tóku nýverið höndum saman og stofnuðu samtökin Höfundaútgáfan og í tengslum við hana vefsíðuna hofundur.net.

„Markmiðið er að vera vettvangur höfunda skáldverka, fræðirita, tónlistar og sjónrænna lista sem vilja gefa verk sín út sjálfir milliliðalaust," segir Aðalsteinn og bætir við að vitaskuld sé meiningin að höfundar fái sem mest í sinn hlut af andvirði seldra verka.

Auk þess að halda úti heimasíðunni þar sem verk höfunda eru kynnt og boðin til sölu, aðstoðar Höfundaútgáfan listamenn við útgáfu verka sinna. Í því felst að hafa milligöngu um prentun, prófarkalestur, kynna verkin á samfélagsmiðlum og hvetja til umræðu um þau. „Við miðlum þjónustunni, en sjáum ekki um framkvæmdina sem slíka. Til að standa straum af tilfallandi kostnaði gerum við ráð fyrir félagsgjöldum. Höfundaútgáfan er ekki fyrirtæki heldur samtök höfunda, sem rekin eru af hugsjón en ekki vegna hagnaðarsjónarmiða."

Aukinheldur er hofundur.net kynningar- og söluvettvangur fyrir þá sem þegar hafa gefið út verk sín á eigin kostnað. Á síðunni eru verk eftir stofnendur hennar og fleiri. Til að mynda er þar Söngbók – Libretto Ragnheiðar óperu eftir Friðrik Erlingsson og ljóðabókin Kysstu kysstu steininn – küsse küss den stein eftir Egil Ólafsson. - vþj

LISTAMENN Brynjólfur Ólason, grafískur hönnuður, Aðalsteinn Eyþórsson myndlistarmaður, og Jón Pálsson rithöfundur.

KATE BUSH Það seldist upp á 22 tónleika sem söngkonan hélt í London. NORDICPHOTOS/GETTY

Bush þakkar aðdáendum

Kate Bush segir að endurkomutónleikar hennar í London hafi verið ein „ótrúlegasta upplifun" lífs síns. Á heimasíðu sinni þakkaði hún öllum sem komu að horfa á hana og „urðu hluti af þessari sameiginlegu upplifun".

Bush, sem er 56 ára, kom fram á 22 tónleikum sem seldist upp á í höllinni Hammersmith Appolo í London. Á síðunni talaði hún ekkert um hvort hún ætlaði að koma aftur fram á tónleikum en þetta var í fyrsta sinn í rúma þrjá áratugi sem hún steig á svið. Tæplega 78 þúsund miðar seldust á tónleikaröðina sem stóð í fimm vikur.

HANDTEKIN Í SEPTEMBER Watts ásakaði lögregluna um kynþáttahatur.

Kærð fyrir ósiðsemi

Django Unchained-leikkonan Daniele Watts og kærasti hennar, Brian James Lucas, hafa verið kærð fyrir ósiðsamlega hegðun á almannafæri en Watts var handtekin í Los Angeles í september eftir að lögreglu barst tilkynning um ungt par í ástaratlotum í kyrrstæðum bíl.

Watts sakaði lögregluþjónana um kynþáttahatur en hún sagðist ekki hafa gert neitt af sér. Lögregluþjónarnir neituðu þessu en vitni hinum megin við götuna sögðust hafa séð parið í ástarleikjum.

Lögregluþjónninn sem handtók Watts segir að hún hefði getað sloppið við allt vesenið ef hún hefði aðeins sýnt skilríki eins og hún var beðin um. Hann bætti við að hann teldi ásakanir um kynþáttahatur vera „kaldhæðnislegar", meðal annars í ljósi þess að hann sjálfur væri samkynhneigður. - þij

Standast hjólbarðarnir þínir breyttar reglur?

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 142272

Aukin mynstursdýpt
– okkar allra vegna

Frá og með 1. nóvember þurfa vetrarhjólbarðar bifeiða að hafa minnst 3 mm mynstursdýpt yfir vetrartímann. Þannig aukum við öryggi í umferðinni og greiðum okkur öllum leið við erfiðar aðstæður.

1. nóv. til 14. apríl - **mynsturdýpt a.m.k. 3 mm**
15. apríl til 31. okt. - **mynsturdýpt a.m.k. 1,6 mm**

Samgöngustofa - Ármúla 2 - 108 Reykjavík - Sími 480 6000 - samgongustofa.is

Samgöngustofa

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ



SMÁRA BÍÓ — 5%

BORGRÍKI	KL.5.45 - 8 - 10.10	16
BORGRÍKI LÚXUS	KL. 3.30 - 5.45 - 8	16
GONE GIRL	KL. 4.45 - 8 - 10.30	16
GONE GIRL LÚXUS	KL. 10.10	16
DRACULA	KL. 10.45	16
THE EQUALIZER	KL. 8	16
THE MAZE RUNNER	KL. 5.30 - 8	12
KASSATRÖLLIN ÍSL TAL 2D	KL.3.30 - 5.45	L
KASSATRÖLLIN 3D ÍSL TAL	KL. 3.30	L
SMÁHEIMAR 2D	KL. 3.30	L

HÁSKÓLA BÍÓ — 5%

BORGRÍKI	KL. 5.45 - 8 - 10.10	16
GONE GIRL	KL. 5.45 - 9	16
THE EQUALIZER	KL. 10.15	16
PARÍS NORÐURSINS	KL. 5.45 - 8	12
BOYHOOD	KL. 9	L
VONARSTRÆTI	KL. 6	12

LAUGARÁS BÍÓ — Coca-Cola



LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
BORGRÍKI 2	5:50, 8, 10:10	16
KASSATRÖLLIN 2D	5:50	L
GONE GIRL	10	16
DRACULA UNTOLD	8, 10:20	16
WALK AMONG TOMBSTONES	5:40, 8	16

SAMbíó.is



SAMbíó ÁLFABAKKA

THE JUDGE	KL. 5:40 - 8:40 - 10:20	7
THE JUDGE VIP	KL. 7:30 - 10:30	
KASSATRÖLLIN ÍSLTAL 2D:	KL. 5:50	L
THE BOXTROLLS ENSKTAL 2D:	KL. 8 - 10:10	L
ALEXANDER	KL. 6	L
ANNABELLE	KL. 8 - 10:10	16
AFINN	KL. 5:40 - 8	L
TÖFRAHÚSIÐ ÍSLTAL	KL. 6	L
IF I STAY	KL. 8 - 10:20	12

SAMbíó EGILSHÖLL

THE JUDGE	KL. 5 - 8 - 10	7
ALEXANDER	KL. 6 - 8	L
ANNABELLE	KL. 8 - 10:20	16
DRACULA UNTOLD	KL. 5:40 - 8 - 10:10	16
AFINN	KL. 5:40	L

SAMbíó KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

THE JUDGE	KL. 6 - 9 - 10:20	7
ANNABELLE	KL. 10:40	16
AFINN	KL. 5:40 - 8	L
THE HUNDRED-FOOT JOURNEY	KL. 5:20	L

SAMbíó KEFLAVÍK

THE JUDGE	KL. 8	7
BORGRÍKI 2	KL. 8 - 10:10	16
ANNABELLE	KL. 10:50	16

SAMbíó AKUREYRI

THE JUDGE	KL. 7:30 - 10:20	7
ALEXANDER	KL. 6	L
ANNABELLE	KL. 10:20	16
AFINN	KL. 8	L
TÖFRAHÚSIÐ ÍSLTAL	KL. 5:30	L

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbíó.is

RUDY GIULIANI Hefur áður reynt að loka listsýningum í New York.
NORDICPHOTOS/GETTY

Mótmæla óperu

Fyrrverandi borgarstjóri New York-borgar, Rudy Giuliani, tók þátt í mótmælum fyrir framan Metropolitan-óperuna í borginni í gær og hélt ræðu. Tilefni mótmælanna var óperan The Death of Klinghoffer, sem fjallar um morð PLO, Frelsissamtaka Palestínu, á Leon Klinghoffer, amerískum gyðingi. Þar vestra telja mótmælendur að óperan sé Palestínumönnum of hliðholl og mæli hryðjuverkum bót. Giuliani, sem hefur áður beitt sér fyrir því að ákveðnum listsýningum í borginni verði lokað, segir að óperan gefi brenglaða mynd af sögunni. Núverandi borgarstjóri, Bill de Blasio, sagði við New York Times að hann bæri virðingu fyrir málfrelsi. - þij

Léttvægar hríðskotabyssur

BAKPANKAR
Frosta Logasonar

Ég hef miklar áhyggjur af okkur Íslendingum þessa dagana. Fólk virðist ekki hafa neinn skilning á nauðsyn valdstjórnarinnar til þess að vopnavæðast.

LÖGREGLAN hefur lengi viljað taka í notkun svokallaðar rafbyssur, en því hefur almenningur hingað til verið mótfallinn. Því hefur verið ákveðið að koma fyrir hríðskotabyssum og Glock-skammbyssum í bifreiðum lögreglumanna þangað til niðurstaða fæst í rafbyssumálið. Og þá verður allt vitlaust!

Í rauninni var það ekki einu sinni íslenska lögreglan sem ákvað þetta. Aðstoðarmaður forsætisráðherra segir nefnilega að okkar góðu frændur Norðmenn, sem ekki hafa efni á að senda okkur eitt jólatré á ári lengur, vilji endilega gefa okkur vopnin. Vígbúinn lögregluafli á Íslandi er sem sagt norsk ákvörðun. Er það ekki bæði krúttlegt og vinalegt?

EN hver er annars vilji fólksins í landinu þegar kemur að löggæslumálum? Er ekki öruggara að hafa hríðskotabyssur í lögreglubílum svona til vonar og vara ef einhver kynni að missa stjórn á skapi sínu? Er fólk búið að gleyma atvikinu á Laugaveginum, þar sem stórhættuleg kona lenti í átökum við lögregluna og endaði svo á því að skalla bekk rétt áður en hún réðst á hellulagða gangstéttina með andlitið á sér að vopni?

ER ekki auðséð mál að því fleiri skotvopnum sem lögreglan hefur yfir að ráða, þeim mun minni verður áhugi almennings, og glæpamanna, til þess að vígbúast? Er það ekki alltaf þannig? Sjáið bara Bandaríkin. Þar er lögreglan svo vel vopnuð að ekki nokkrum manni dettur í hug að taka upp á því að skjóta mann og annan.

HINGAÐ til hafa glæpamenn á Íslandi ekki notað byssur að neinu ráði. Viljum við ekki örugglega að lögreglan verði fyrri til? Þannig að hún geti lært almennilega hvernig á að nota þessi tæki áður en til fyrsta alvöru byssubardagans kemur hér á landi.

ÉG meina, viljum við ekki að hænan komi á undan egginu, eða nei bíddu, var það öfugt?

Vonandi fær íslenska landslagið Óskarsverðlaun

Árni Björn Helgason hjá Saga Film er ánægður með hvernig Hollywood-myndin Interstellar kemur út á hvíta tjaldinu. Stjörnur myndarinnar voru allar mjög jarðbundnar og langt í frá með einhverja stæla.

„Við erum mjög stoltir af því hvað það er rosalega mikið af Íslandi í myndinni, allar vatnatökurnar og jökullinn," segir Árni Björn Helgason, yfirmaður erlendrar framleiðslu hjá Saga Film, sem er nýbúinn að sjá stórmyndina Interstellar.

Hluti hennar var tekinn upp á Svínafellsjökli fyrir rúmu ári með aðstoð Saga Film en myndin verður frumsýnd hér á landi 7. nóvember. Rúmlega 300 manna tökulið vann við myndina hér á landi, þar af yfir 100 Íslendingar. „Eftir að hafa séð stiklurnar, þar sem var gefið í skyn hversu mikið er sýnt af Íslandi í myndinni, vorum við að búast við slatta og við fengum það."

Leikstjóri Interstellar er Christopher Nolan, sem m.a. er þekktur fyrir Batman-þríleik sinn. Matt Damon, Matthew McConaughey og Anne Hathaway eru í aðalhlutverkum. „Þetta er allt hið besta fólk og enginn var með neina stjörnustæla," segir Árni Björn, spurður út í samskipti sín við Hollywood-stjörnurnar. „Allir voru mjög mikið á jörðinni og Nolan er kóngurinn í ríki sínu. Það er enginn stærri en hann í Hollywood," segir hann. „Á netinu eru menn að tala um Óskarsverðlaun en maður veit ekkert um það. Það er vonandi að þetta verði fyrsta íslenska „landslagið" sem fær Óskarsverðlaun en ekki bara tilnefningar."

Tökurnar á Svínafellsjökli stóðu yfir í tíu daga og gengu mjög vel, fyrir utan einn dag þegar hætta þurfti við tökur vegna veðurs. McConaughey og Hathaway dvöldu á Íslandi alla tíu dagana en Damon var hér í fimm daga.

> **Eftir að hafa séð stiklurnar, þar sem var gefið í skyn hversu mikið er sýnt af Íslandi í myndinni, vorum við að búast við slatta og við fengum það.**
>
> *Árni Björn Helgason*

Spurður hvað stjörnurnar hafi gert á milli kvikmyndataka segir Árni Björn að þær hafi ekki gert neitt nema að vinna. „Það var ekkert verið að dúlla sér upp um fjöll og firnindi. Það var allt keyrt í gegn. Nolan vinnur mjög hratt og þess vegna skipti þetta veður í raun ekki máli því hann var búinn að vinna upp þann tíma.

Árni Björn er mjög hrifinn af Interstellar. „Hún er dálítið löng en menn verða að vera viðbúnir því. Þetta eru ekki 90 mínútur af froðu heldur eru miklar pælingar þarna í gangi," segir hann.

Til stendur að halda forsýningu á myndinni hér á landi og bjóða íslenska tökuliðinu, þar sem um eins konar uppskeruhátíð verður að ræða. freyr@frettabladid.is

MATTHEW MCCONAUGHEY Stórmyndin, með Matthew McConaughey í aðalhlutverki, var að hluta til tekin upp á Íslandi í september í fyrra.

ÁRNI BJÖRN HELGASON Ánægður með hvernig Interstellar kemur út á hvíta tjaldinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ofurfyrirsæta gefur út plötu

Bresku ofurfyrirsætunni Cöru Delevingne er margt til lista lagt.

Þrátt fyrir að vera ein vinsælasta og uppteknasta fyrirsæta í heiminum í dag gefur hún sér tíma til þess að sinna öðrum verkefnum eins og að leika í kvikmyndum og semja tónlist.

Um helgina bárust fréttir af því að hún hefði síðustu átta mánuði verið að semja tónlist og fengið með sér í lið engan annan en Pharrell Williams.

Óvíst er hvenær tónlist þeirra kemur út, en þau gáfu í skyn að hún yrði gefin út leynilega og óvænt að hætti Beyoncé, en hún gaf út plötu á netinu í byrjun árs, án nokkurs fyrirvara.

Blása til allsherjar bjórveislu

Stefán Pálsson og Höskuldur Sæmundsson munu slúðra um nýju bjórbókina sína í kvöld.

Í kvöld munu Stefán Pálsson og Höskuldur Sæmundsson, kennarar í Bjórskólanum, slá til risavaxins bjórpartís á Kexi Hosteli til að slúðra um bókina Bjór – Umhverfis jörðina á 120 tegundum eftir þá kappana. „Við erum að leiða saman öll íslensku brugghúsin. Það gerist nú ekki á hverjum degi," segir Stefán en brugghúsin munu kynna afurðir sínar í veislunni.

Bókin er fyrsta frumsamda bjórbókin á íslensku. „Það hafa komið út tvær þýddar bjórbækur þannig að það er orðið tímabært að gefa loksins út eina bók á móðurmálinu. Það eru náttúrulega vel flestar íslensku tegundirnar dekkaðar innan um helstu og kunnuglegustu erlendu bjórana. Þannig að menn eru bara í góðum félagsskap." Crymogea gefur bókina út en Rán Flygenring sér um teikningar.

Aðspurður um uppáhaldsbjórinn segir Stefán að mismunandi bjórar séu það við mismunandi tilefni. „Núna er að styttast í jólin og þá fer maður í eitthvað karamellukenndara. Þá er tíminn fyrir Bock-bjórana svokölluðu," segir Stefán sem er líka mikill aðdáandi Chimay-bjórsins, sem bruggaður er af belgískum munkum. - þij

KOMINN TÍMI TIL Stefán segir tímabært að bjórbók komi út á móðurmálinu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ELEA HÁRALITIR INNIHALDA NÁTTÚRULEGAR OLÍUR

ELEA
HÁRALITIR

Góðar ástæður fyrir því að nota ELEA háraliti.

- Góð ending litar
- Fallegur glans
- Hylja grátt hár 100%
- Náttúrulegar olíur sem vernda hárið og mýkja.

Íslenskar leiðbeiningar.

ELEA
PROFESSIONAL
COLOUR & CARE

ELEA háralitirnir fást í stórmörkuðum og verslunum um land allt.

LYKILMAÐUR Það væri mikið áfall fyrir Víking ef Taskovic spilaði ekki áfram með félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

Óvissa með Taskovic

FÓTBOLTI Það er alls óvíst hvort besti leikmaður Víkings í sumar, fyrirliðinn Igor Taskovic, mun spila áfram með félaginu næsta sumar.

Hann er samningslaus og ekki til í að setjast að samningaborðinu strax af fjölskylduástæðum.

„Ef hann aftur á móti kemur til Íslands þá mun hann spila með okkur. Það er ekki spurning. Við munum taka upp þráðinn með honum síðar," segir Heimir Gunnlaugsson, varaformaður knattspyrnudeildar Víkings.

Taskovic og Milos Milojevic, annar þjálfara Víkings, eru bestu vinir og leikmaðurinn er til í að koma aftur ef aðstæður eru réttar. Víkingur á einnig eftir að ganga frá samningum við Kristin Magnússon og markvörðinn Ingvar Kale. - hbg

Engar brjálaðar tæklingar

Jóhann Berg Guðmundsson er allur að koma til eftir meiðsli og stefnir að því að ná næstu landsleikjum. Góð byrjun Charlton í ensku B-deildinni hefur komið mörgum á óvart en þar er Jóhann í stóru hlutverki.

FÓTBOLTI Jóhann Berg Guðmundsson, leikmaður Charlton í ensku B-deildinni, er að komast aftur af stað eftir meiðsli sem héldu honum frá keppni fyrr í mánuðinum. Hann missti reyndar af leik liðsins á þriðjudagskvöld en spilaði um helgina, er Charlton mætti Bournemouth og tapaði sínum fyrsta leik á tímabilinu.

„Þetta er allt að koma til en ég hef verið að glíma við nokkur meiðsli og það getur stundum verið erfitt að koma sér aftur af stað," segir Jóhann Berg en hann vonast til að geta spilað með liðinu er það mætir Lundúnaliðinu Fulham á föstudagskvöld. Leikurinn verður í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.

„Ég verð næstu 2-3 vikurnar að koma mér aftur af stað. Ég þarf bara að komast í gegnum verkina en ég hef verið fullvissaður um að ég sé ekki að gera illt verra með því að spila. Ef ég næ ekki leiknum á föstudag þá reikna ég með að verða hundrað prósent fyrir næsta leik á eftir," segir hann.

Langt og strangt tímabil

Charlton hefur komið mörgum á óvart með góðri byrjun en liðið er aðeins fjórum stigum frá toppnum eftir þrettán umferðir. „Liðið var í botnbaráttu í fyrra og margir áttu von á því að við yrðum á svipuðum slóðum í ár. En við höfum byrjað vel og spilað nokkuð skemmtilegan fótbolta. En það eru mörg lið í deildinni og tímabilið langt – ef við höldum þetta út þá er allt hægt," segir Jóhann sem sér ekki eftir því að hafa samið við liðið í sumar eftir fimm ára dvöl hjá AZ í Hollandi.

„Hér er gott að búa og þegar ég er heill þá spila ég hvern leik. Þjálfarinn hefur trú á mér og það er gott að finna fyrir því. Þetta er ákveðinn gluggi sem ég get notað til að sýna mig og komast vonandi í ensku úrvalsdeildina einn daginn."

Gríðarlega miklar breytingar voru gerðar á leikmannahópi Charlton í vor og Jóhann Berg var einn níu nýrra leikmanna sem komu til liðsins í sumar. En hann segir að leikmenn nái vel saman innan vallar sem utan.

Erfitt að brjóta okkur niður

„Við erum að spila 4-4-2, svipað og íslenska landsliðið sem er mjög gott fyrir mig, og erum mjög þéttir fyrir. Það er erfitt að brjóta okkur niður og við erum alltaf líklegir til að skora," segir Jóhann Berg og segir að enska B-deildin sé sterkari en hollenska úrvalsdeildin.

„Helsti munurinn liggur í því að hér eru fleiri sterk lið og hver einasti leikur er erfiður. Maður getur aldrei leyft sér að slaka á. Stóru liðin eru öflug í Hollandi en hin eru nokkuð á eftir."

Hann segir að allt tal um að það sé eingöngu kraftabolti spilaður í ensku B-deildinni sé rangt. „Það er meiri hraði hér en í Hollandi og aðeins meiri harka. Það eru þó engar brjálaðar tæklingar í hverjum leik og enginn hefur til dæmis enn tæklað mig aftan frá. Þetta er bara góður fótbolti og fullt af stórum og öflugum félögum sem spila í deildinni.

LÍÐUR VEL Í ENGLANDI Jóhann Berg Guðmundsson er fastamaður í liði Charlton. Hér er hann í leik gegn Middlesbrough.

Hann reiknar ekki með öðru en að verða klár í slaginn fyrir næstu landsleiki Íslands en veit að það verður erfitt að vinna sér sæti í liðinu. „Ég held mínu striki og geri mitt besta. Það er svo þjálfaranna að velja í liðið og ég tek þeirri ákvörðun."

Ísland mætir næst Belgíu ytra í vináttulandsleik þann 12. nóvember og svo Tékklandi í undankeppni fjórum dögum síðar. Sá leikur fer fram í Plzen en Ísland og Tékkland eru á toppi A-riðils með fullt hús stiga. eirikur@frettabladid.is

KOLABRAUTIN
RISTORANTE

Humar á Disk

Þó að nú sé farið að kólna eru kokkarnir okkar eru enn með glóð í hjarta og bjóða upp á þriggja rétta seðil til að fagna því.

ANTIPASTI
Parmaskinka á glóðuðu brauði
með geitaostasósu og klettakáli
SECONDI
Spaghetti með humar, chili og hvítlauk
DOLCI
Tíramísú

6.900 kr.

Kolabrautin er á
fjórðu hæð Hörpu

Borðapantanir
+354 519 9700

info@kolabrautin.is
www.kolabrautin.is

BYKO KLÚBBURINN

TEKUR ÞÁTT Í BLEIKUM OKTÓBER

Í OKTÓBER RENNA 10% AF ANDVIRÐI VARA Á KLÚBBTILBOÐI TIL KRABBAMEINSFÉLAGSINS.

VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ

MÁLNING
Á VERÐI FYRIR ÞIG

4 LÍTRAR

málning

Vnr. 86620040-3737
KÓPAL Glitra innimálning, gljástig 10, allir litir, 4 l.

KLÚBB verð **4.995** kr.
Almennt verð 5.995 kr.

Vnr. 42351910
Penslasett, 3 stk. 10 cm.

KLÚBB verð **1.395** kr.
Almennt verð 1.995 kr.

Vnr. 83004129
Bakki og tvær rúllur, 10 cm.

KLÚBB verð **495** kr.
Almennt verð 690 kr.

Vnr. 84100150
FIA málningarrúlla og skaft, 25 cm.

KLÚBB verð **1.495** kr.
Almennt verð 1.845 kr.

9 LÍTRAR

Vnr. 80602809
GJØCOPROFF
loftmálning, 9 l.

KLÚBB verð **4.995** kr.
Almennt verð 6.995 kr.

9 LÍTRAR

Vnr. 80602709
GJØCOPROFF
innimálning, 9 l.

KLÚBB verð **8.795** kr.
Almennt verð 10.995 kr.

1 LÍTRI

Vnr. 89040210-50410
SADOLIN akrýllakk, gljástig 40 eða 70, 1 l.

KLÚBB verð **2.395** kr.
Almennt verð 2.995 kr.

1 LÍTRI

Vnr. 86213410/810
KÓPAL PERLULAKK, gljástig 40 eða 80, 1 l.
Akrýllakk, margir litir.

KLÚBB verð **2.595** kr.
Almennt verð 3.195 kr.

2,7 LÍTRAR

Vnr. 80602827
GJØCOPROFF
loftmálning, 2,7 l.

KLÚBB verð **2.595** kr.
Almennt verð 3.195 kr.

2,7 LÍTRAR

Vnr. 80602727
GJØCOPROFF
innimálning, 2,7 l.

KLÚBB verð **3.195** kr.
Almennt verð 3.995 kr.

MIKIÐ ÚRVAL AF FLÍSUM Á GÓÐU VERÐI

Vnr. 13001720
Veggflísar, hvítar, mattar, 20x50 cm.

KLÚBB verð **2.295** kr./m²
Almennt verð 2.995 kr./m²

Vnr. 17800010
E-STONE flísar, 30x60 cm, brúnar.

Vnr. 17799940
E-STONE flísar, 30x60 cm, ljósar.

Vnr. 17800035
E-STONE flísar, 30x60 cm, dökkgráar.

KLÚBB verð **3.995** kr./m²
Almennt verð 5.195 kr./m²

Vnr. 13001705
Veggflísar, hvítar, glans, 30x60 cm.

KLÚBB verð **2.995** kr./m²
Almennt verð 3.595 kr./m²

Vnr. 13001795
Rustic gólfflísar, beige 30x30 cm.

KLÚBB verð **2.795** kr./m²
Almennt verð 3.695 kr./m²

Vnr. 13001735
Veggflísar, beige, glans, 30x45 cm.

KLÚBB verð **1.995** kr./m²
Almennt verð 2.995 kr./m²

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.vert.is / VERT markaðsstofa

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

facebook.com/BYKO.is

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

SÖGULEG STUND Í MALMÖ Sara Björk Gunnarsdóttir tekur hér við bikarnum við mikinn fögnuð liðsfélaga sinna en hún er inni í miðjum hópnum.
MYND/ROSENGÅRD/URSZULA STRINER

Íslensk drottning í Rósagarðinum

Sara Björk Gunnarsdóttir tók við Svíþjóðarbikarnum um helgina sem fyrirliði FC Rosengård en hún hefur þrisvar orðið meistari á fyrstu fjórum árum sínum í atvinnumennskunni. „Hef mikla löngun til að spila úrslitaleik í Meistaradeildinni," sagði Sara Björk.

FÓTBOLTI „Það var mjög skemmtilegt og mjög sérstakt fyrir mig að fá að taka við bikarnum, sérstaklega þar sem ég var ekki viðstödd þegar við tryggðum okkur titilinn," sagði Sara Björk Gunnarsdóttir sem tók við bikarnum á sigurhátíð sænsku meistaranna í FC Rosengård um síðustu helgi. Íslenska landsliðskonan var drottningin í Rósagarðinum og er að öllum líkingum fyrsti íslenski knattspyrnumaðurinn sem tekur við stórum titli sem fyrirliði síns meistaraliðs.

Sara Björk hefur byrjað atvinnumannsferilinn á nær samfelldri sigurgöngu en hún varð nú sænskur meistari í þriðja sinn á fjórum árum. Þetta tímabil var þó ólíkt hinum þremur því nú var hún komin með fyrirliðabandið.

Þjálfarinn spurði hana

„Ég var varafyrirliði í fyrra og svo tók þjálfarinn þá ákvörðun að ég yrði fyrirliði liðsins. Hann spurði mig fyrir tímabilið hvort ég vildi það og ég tók því," sagði Sara Björk.

„Það eru eldri leikmenn í liðinu en ég veit ekki hvort þeir eru mikið reyndari. Ég hef spilað marga leiki og mikið með landsliðinu og þetta var því ekkert mál fyrir mig," segir Sara Björk sem er þrátt fyrir ungan aldur (24 ára) komin með 78 A-landsleiki fyrir Íslands og búin að vera byrjunarliðsleikmaður hjá stórliði í Svíþjóð í fjögur tímabil.

„Við berum allar mikla virðingu hver fyrir annarri," segir Sara Björk spök, aðspurð hvort stórstjörnur liðsins eins og hin brasilíska Marta, hin þýska Anja Mittag og hin svissneska Ramona Bachmann hlusti eitthvað á hana.

Ekki minni leiðtogi án bandsins

„Ég var ekki minni leiðtogi þótt að ég væri ekki með bandið. Ég er ekki búin að breyta mér mikið en maður þarf náttúrlega að taka meiri ábyrgð. Mér finnst þetta hlutverk hafa komið til mín og ég hef alltaf verið hvetjandi og mikill leiðtogi inni á vellinum," segir Sara og bætir við:

„Ég er samt meira svona leikmaður sem sýnir þetta inni á vellinum og er ekki með neinar svaka ræður fyrir eða eftir leik. Ég sýni það á æfingum og inni á vellinum. Ég geri miklar kröfur til mín og allra leikmannanna um að hafa mikil gæði á æfingunum og í leikjunum. Ég hef alltaf gert það og það er helsta hlutverk mitt sem fyrirliði," segir Sara.

„Ég spila framarlega á miðjunni og er búin að vera að spila þar allt tímabilið. Það hefur gengið vel. Ég var smá vonsvikin með að hafa skorað lítið í sumar. Ég set mér alltaf markmið fyrir hvert tímabil og ég var ekki með tvö mörk í huga. Ég er því ekki alltof sátt með það en á meðan við erum að skora mörk og vinna leiki þá skiptir það ekki máli," sagði Sara Björk.

Skrítið að sjá á eftir Þóru

Sara Björk byrjaði tímabilið með annan Íslending með sér í liðinu en Þóra Björg Helgadóttir yfirgaf félagið um mitt sumar og fór heim til Íslands. „Það var rosalega skrítið að sjá á eftir Þóru. Öll lið myndu sjá á eftir henni því hún er heimsklassaleikmaður og maður finnur fyrir miklu öryggi þegar hún er í markinu. Það var smá munur þegar hún fór og maður fann alveg fyrir því," segir Sara.

Tímabilið er ekki búið þótt sænski titillinn sé í höfn því liðið spilar tvo Meistaradeildarleiki í nóvember. „Seinustu ár höfum við verið smá svekktar að hafa ekki komist lengra í Meistaradeildinni. Ég veit ekki hvort við höfum verðskuldað að komast mikið lengra en mér finnst við hafa alla burði til þess í ár. Það yrði draumur að komast í úrslitaleikinn og það er markmiðið okkar. Það væri síðan toppurinn að vinna úrslitaleikinn í Meistaradeildinni," segir Sara en Rosengård mætir danska liðinu Fortuna Hjörring í sextán liða úrslitunum.

> **Það eru eldri leikmenn í liðinu en ég veit ekki hvort þeir séu mikið reyndari. Þetta var því ekkert mál fyrir mig.**
> *Sara Björk um fyrirliðahlutverkið.*

Mörg önnur augnablik

Sara Björk tók við bikarnum á sunnudaginn umkringd stórstjörnum liðsins. „Þetta er í þriðja sinn sem við vinnum bikarinn og í fyrsta skiptið sem ég tek við bikarnum sem fyrirliði. Auðvitað var það sérstakt og þetta er sú tilfinning sem maður vill fá og ég er alltaf að vinna að því sem fótboltakona að fá að upplifa svona augnablik. Það eru mörg önnur augnablik sem mig langar líka til að upplifa," segir Sara.

Er ennþá ung

Sara Björk fór út 19 ára gömul og var orðin meistari í þriðja sinn fyrir 24 ára afmælið í lok september. „Það var frábært skref fyrir mig að fara beint í svona stórlið. Ég er enn þá ung og þegar búin að vinna þessa þrjá titla," segir Sara og leynir því ekki að hún ætlar sér í úrslitaleik Meistaradeildarinnar sem verður í Berlín í maí.

„Ég hef mikla löngun í þá tilfinningu sem fylgir því að spila úrslitaleik í Meistaradeildinni. Við erum með það góðan hóp að við getum gert það en við erum jafnframt einu leikmennirnir sem hindra okkur í að komast svona langt. Við þurfum bara að hafa trú á því að við getum komist svona langt," sagði Sara Björk að lokum.

ooj@frettabladid.is

Theodór hangir enn í Björgvin

Björgvin Þór Hólmgeirsson er markahæstur eftir sjö umferðir í Olís-deild karla.

BJÖRGVIN PÓR HÓLMGEIRSSON, ÍR Í FYRSTU SJÖ LEIKJUNUM

23-23 jafntefli við Val	7 mörk
29-24 sigur á ÍBV	8 mörk
26-22 sigur á Fram	13 mörk
28-24 sigur á FH	8 mörk
28-28 jafntefli við Hauka	10 mörk
23-25 tap fyrir Aftureldingu	11 mörk
30-28 sigur á HK	4 mörk

HANDBOLTI ÍR-ingurinn Björgvin Þór Hólmgeirsson er markahæsti leikmaður Olís-deildar karla í handbolta að loknum sjö fyrstu umferðunum en Björgvin hefur skorað 61 mark í 7 leikjum eða 8,7 mörk að meðaltali í leik.

Björgvin Þór er 27 ára vinstri skytta sem hefur unnið sér sæti í íslenska A-landsliðinu með frábærri frammistöðu í upphafi móts.

Björgvin Þór lét sér nægja að skora fjögur mörk í síðasta leik en er engu að síður með sjö marka forskot á markalistanum enda með samtals 42 mörk í fjórum leikjum þar á undan.

Það er helst einn leikmaður sem Björgvin er ekki alveg búinn að stinga af en það er Eyjamaðurinn Theodór Sigurbjörnsson sem er kominn með 54 mörk í sjö leikjum. Theodór er 22 ára örvhentur hornamaður sem stimplaði sig vel inn á síðasta tímabili þegar ÍBV varð Íslandsmeistari. Hann er yngri bróðir knattspyrnumannsins Eiðs Arons Sigurbjörnssonar.

Theodór skoraði tíu mörk í síðasta leik og vann þar með upp sex mörk á Björgvin í 7. umferðinni.

Þriðji maðurinn til að rjúfa 40 marka múrinn í fyrstu sjö umferðunum var Akureyringurinn Sigþór Árni Heimisson.

Sjö félög af tíu eiga fulltrúa á topp tíu listanum þar af eiga ÍR og Hafnarfjarðarliðin Haukar og FH tvo menn.

Topplið Aftureldingar á ekki leikmann á topp tíu listanum en Jóhann Gunnar Einarsson situr í 11. sætinu. Jóhann Jóhannsson er eini annar leikmaður Mosfellsbæjarliðsins á topp 30 en liðið á síðan þrjá leikmenn til viðbótar með 18 eða 19 mörk.

Þrír leikir fara fram í Olís-deildinni í kvöld. Þeir hefjast allir klukkan 19.30 og eru: Fram - Valur, FH - Stjarnan og Afturelding - HK.

- óój

MARKAHÆSTIR Í OLÍS-DEILD KARLA:

Björgvin Þór Hólmgeirsson, ÍR	61
Theodór Sigurbjörnsson, ÍBV	54
Sigþór Árni Heimisson, Akureyri	42
Ragnar Jóhannsson, FH	38
Árni Steinn Steinþórsson, Haukum	38
Adam Haukur Baumruk, Haukum	35
Egill Magnússon, Stjörnunni	35
Ásbjörn Friðriksson, FH	33
Guðmundur Hólmar Helgason, Val	33
Arnar Birkir Hálfdánsson, ÍR	32
Jóhann Gunnar Einarsson, Aftureldingu	31
Kristján Orri Jóhannsson, Akureyri	31
Andri Hjartar Grétarsson, Stjörnunni	31
Þorgrímur Smári Ólafsson, HK	31
Sigurður Örn Þorsteinsson, Fram	29
Benedikt Reynir Kristinsson, FH	28
Magnús Óli Magnússon, FH	28
Einar Sverrisson, ÍBV	28
Finnur Ingi Stefánsson, Val	27
Heiðar Þór Aðalsteinsson, Akureyri	27

THEODÓR SIGURBJÖRNSSON, ÍBV Í FYRSTU SJÖ LEIKJUNUM

29-29 jafntefli við FH	8 mörk
24-29 tap fyrir ÍR	4 mörk
22-24 tap fyrir Aftureldingu	8 mörk
33-32 sigur á Akureyri	9 mörk
29-28 sigur á Stjörnunni	6 mörk
34-22 sigur á HK	9 mörk
24-30 tap fyrir Val	10 mörk

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

Sjálfskiptur eða beinskiptur
– hvað hentar þér best?

SUZUKI

Way of Life!

SUZUKI SWIFT

10% útborgun

Á frábæru verði og kjörum

Vetrarpakki með vetrardekkjum, aurhlífum og gúmmímottum fylgir með.

EURO NCAP
www.euroncap.com
★★★★★

Swift GL beinskiptur verð 2.550.000
útborgun 255.000
mánaðarleg afborgun í 84 mánuði 38.867*

Swift GL sjálfskiptur verð 2.880.000
útborgun 288.000
mánaðarleg afborgun í 84 mánuði 43.656

Eyðsla 5.0 L á 100/km í blönduðum akstri (beinskiptur)

FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Markaðsráðgjöf okt 2014

*árleg hlutfallstala kostnaðar 10,99%

DAGSKRÁ

Stöð 2 kl. 20.10
Heilsugengið
Önnur syrpan af þessum vönduðu og fróðlegu íslensku þáttum sem fjalla um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti.

Í KVÖLD

Undateable
STÖÐ 2 KL. 19.45 Glæný gamanþáttaröð um nokkra vini sem eru að leita að stóru ástinni en vantar sárlega smáhjálp.

Fóstbræður
STÖÐ 2 KL. 19.20 Fóstbræður eru mættir aftur til leiks. Drepfyndin þáttaröð með Sigurjóni Kjartanssyni, Jóni Gnarr, Helgu Brögu Jónsdóttur, Þorsteini Guðmundssyni og Gunnari Jónssyni.

Masterchef
STÖÐ 2 KL. 20.30 Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.

Bylgjan kl. 06.50
Í bítið
Heimir, Hulda og Gulli með skemmtilega umræðu á Bylgjunni í morgunsárið.

STÖÐ 2
07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 Wonder Years
08.30 Jamie's American Road Trip
09.20 Bold and the Beautiful
09.40 Doctors
10.20 60 mínútur
11.05 Nashville
11.50 Harry's Law
12.35 Nágrannar
13.00 The Three Musketeers
14.45 The O.C.
15.30 iCarly
15.55 Back in the Game
16.20 The New Normal
16.45 New Girl
17.10 Bold and the Beautiful
17.32 Nágrannar
17.57 Simpson-fjölskyldan
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Fóstbræður
19.45 Undateable
20.10 Heilsugengið
20.30 Masterchef USA
21.15 NCIS
22.00 The Blacklist
22.45 Person of Interest *(4/22)*
23.30 Rizzoli and Isles
00.15 Homeland
01.05 The Knick
01.50 NCIS. Los Angeles
02.35 Louie
02.55 Klitschko
04.50 The Blacklist
05.30 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*
07.00 Meistaradeildin - Meistaramörk
07.45 Meistaradeildin - Meistaramörk
11.10 Olympiakos - Juventus
12.50 Anderlecht - Arsenal
14.30 Liverpool - Real Madrid
16.10 Meistaradeildin - Meistaramörk
16.55 Lille - Everton *(B)*
19.00 Tottenham - Asteras Tripolis *(B)*
21.05 All-American Chris Weidman
21.50 Lille - Everton
23.30 Tottenham - Asteras Tripolis

SPORT 2 *enski boltinn*
11.00 Premier League Review 2014/2015
11.55 Burnley - West Ham
13.35 Messan
14.50 Rotherham - Leeds
16.35 Football League Show 2014/15
17.05 WBA - Man. Utd.
18.45 Crystal Palace - Chelsea
20.30 Premier League World 2014/2015
21.00 Man. City - Tottenham
22.45 Everton - Aston Villa

INN
20.00 Hrafnaþing á Vestfjörðum
21.00 Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasýn

STÖÐ 3
17.55 Top 20 Funniest
19.00 Last Man Standing
19.25 Guys with Kids
19.45 Wilfred
20.10 X-factor UK
22.00 Originals
22.45 Supernatural
23.25 Grimm
00.10 In the Flesh
01.00 Last Man Standing
01.25 Guys with Kids
01.45 Wilfred
02.10 X-factor UK
04.00 Originals
04.40 Supernatural
05.25 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

Krakkastöðin
07.00 Ævintýri Tinna **07.25** Latibær **07.47** Hvellur keppnisbíll **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.45** Doddi litli og Eyrnastór **08.55** Rasmus Klumpur og félagar **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveinsson **09.45** Elías **09.55** UKI **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.22** Tommi og Jenni **10.26** Lína langsokkur **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Ævintýri Tinna **11.25** Latibær **11.47** Hvellur keppnisbíll **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.45** Doddi litli og Eyrnastór **12.55** Rasmus Klumpur og félagar **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveinsson **13.45** Elías **13.55** UKI **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.22** Tommi og Jenni **14.26** Lína langsokkur **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Ævintýri Tinna **15.25** Latibær **15.47** Hvellur keppnisbíll **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.45** Doddi litli og Eyrnastór **16.55** Rasmus Klumpur og félagar **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveinsson **17.45** Elías**17.55** UKI **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.22** Tommi og Jenni **18.26** Lína langsokkur **18.47** Ævintýraferðin **19.00** The Lorax **20.25** Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN
18.35 Strákarnir
19.00 Friends
19.20 Little Britain
19.50 Modern Family
20.15 Two and a Half Men
20.35 Go On
21.00 The Mentalist
21.40 E.R.
22.25 Boss
23.25 A Touch of Frost
01.05 Go On
01.30 The Mentalist
02.10 E.R.
02.55 Boss

BÍÓSTÖÐIN
12.00 Africa United
13.30 Last Night
15.05 Multiplicity
17.00 Africa United
18.30 Last Night
20.05 Multiplicity
22.00 White House Down
00.10 Intruders
01.50 One in the Chamber
03.20 White House Down

RÚV
16.30 Ástareldur
17.20 Friðþjófur forvitni
17.43 Vasaljós
18.06 Sveppir
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 18. öldin með Pétri Gunnarssyni
19.00 Fréttir
19.20 Íþróttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Óskalögin 1944–1953
20.05 Nautnir norðursins
20.40 Gungur Heimsstyrjöldin fyrri hefur brotist út og þorri breskra karlmanna leggur hernum lið. Undantekningin eru þó þrír félagar sem finna sér ýmislegt til, til að komast undan herskyldu. Kaldhæðinn breskur húmor eins og hann gerist bestur. Aðalhlutverk: Simon Bird, Joe Thomas og Jonny Sweet.
21.00 Sætt og gott
21.10 Návist
22.00 Tíufréttir
22.15 Veðurfréttir
22.25 Glæpahneigð
23.05 Hraunið
23.50 Downton Abbey
01.00 Kastljós
01.25 Fréttir
01.40 Dagskrárlok

SKJÁREINN
06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Everybody Loves Raymond
08.20 Dr. Phil
09.00 The Talk
09.40 Pepsi MAX tónlist
14.00 The Voice
15.30 The Voice
16.15 The Biggest Loser
17.00 The Biggest Loser
17.45 Dr. Phil
18.30 The Tonight Show
19.10 The Talk
19.50 Parks & Recreation
20.15 Minute to Win It Ísland
21.15 Growing Up Fisher
21.40 Extant
22.25 Scandal – LOKAÞÁTTUR
23.10 The Tonight Show
23.50 Unforgettable
00.35 Remedy
01.20 Scandal
02.05 The Tonight Show
02.50 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin
08.00 PGA Tour 2014
11.00 Golfing World 2014
11.50 PGA Tour Latinoamerica
12.15 European Tour 2014 – Highlights
13.00 Champions Tour 2014 – Highlights
13.55 PGA Tour 2014 - Highlights
17.30 Inside the PGA Tour 2014
18.00 PGA Tour 2014
21.00 Golfing World 2014
21.50 Inside the PGA Tour 2014
22.15 Golfing World 2014
23.05 2014 The LIFE Network Special
23.50 European Tour 2014

ÚTVARP
FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Listvinafélag Hallgrímskirkju 32. starfsár - Hallgrímssöfnuður

400 ára afmæli
Hallgríms Péturssonar
Afmælishátíð í Hallgrímskirkju
24. - 31. október 2014







24. October föstudagur

18.00 Afmælishátíð Hallgríms Péturssonar hringd inn

Hörður Áskelsson leikur á klukknaspil Hallgrímskirkju

18.15 Opnun myndlistarsýningar „360 dagar í Grasagarðinum“

Sigtryggur Bjarni Baldvinsson sýnir myndlistarverk unnin sérstaklega í tilefni 400 ára afmælis Hallgríms.
Sýningin samanstendur af um 80 ljósmyndum sem mynda saman eitt verk sem sprettur upp úr hugleiðingum eða umþenkingum um líf Hallgríms Péturssonar. Ljósmyndirnar eru allar teknar í frjósömum bakgarði í Brighton á suðurströnd Englands. Þar er líf Hallgríms sett í samhengi við þá hringrás náttúrunnar sem sjá má myndgerast í skrúðgarði á 360 dögum. Þar renna saman myndir venjulegs skrúðgarðs, Getsemane og Edens, Hallgríms Péturssonar, Jesú og óbreyttrar mannskepnunnar.
Sýningarstjóri: Þóra Sigurðardóttir.

20.00 Sálmar Hallgríms í nýjum búningi

Brot úr Passíusálmum og öðrum sálmum Hallgríms Péturssonar og sálmalög, bæði gömul og ný. Flutt verða lög eftir m. a. Sigurð Sævarsson, Tryggva M. Baldvinsson, Smára Ólason og Kirstínu Ernu Blöndal.
Flytjendur: Kirstín Erna Blöndal, söngur, Gunnar Gunnarsson, orgel, Sigtryggur Baldursson, slagverk, Guðmundur Vignir Karlsson - Kippi Kaninus, raftónlist.
Miðaverð: 2500/1500 kr.

25. October laugardagur

12.00 „Fögnuður“

Orgelinnsetning eftir Wayne Siegel prófessor í raftónlist við Konunglega tónlistarháskólann í Árósum. Verkið er samið sérstaklega fyrir Klaisorgelið í Hallgrímskirkju í tilefni af 400 ára afmæli Hallgríms og flutt af tölvu tónskáldsins með aðstoð veðurgervitungls.
Miðaverð: 2000/1000 kr.

13.15 Mótettukór Hallgrímskirkju flytur kórtónlist tengda Hallgrími

Mótettukór Hallgrímskirkju sem nýverið vann til fernra gullverðlauna í alþjóðlegri kórakeppni á Spáni flytur sálma eftir Hallgrím í búningi íslenskra tónskálda.
Stjórnandi: Hörður Áskelsson.

14.00 Hver var Hallgrímur? Málþing á Hallgrímshátíð

Dr. Margrét Eggertsdóttir rannsóknarprófessor: Hallgrímur og alþýðan. Rímur til skemmtunar og kvæði ætluð ungum og ófróðum.
Dr. Þórunn Sigurðardóttir bókmenntafræðingur: Hallgrímur og elítan. Hvað geta kvæði Hallgríms sagt okkur um félagslegt tengslanet hans?
Dr. Sveinn Yngvi Egilsson prófessor: „Að þínum krossi, Kriste kær, kem ég sem einn framandi“.
Líkamsmyndir Passíusálma í augum nútímalesanda.
Fyrirspurnir og umræður, Ingibjörg Eyþórsdóttir íslenskufræðingur kynnir og stýrir umræðum.

15.15 Kaffihlé

16.00 Átta skáld yrkja með Hallgrími

Skáldin frumflytja ljóð sín ort í tilefni 400 ára afmælis Hallgríms:
Dagur Hjartarson
Halla Margrét Jóhannesdóttir
Hrafnhildur Þórhallsdóttir
Magnús Sigurðsson
Ragnar Helgi Ólafsson
Sigurlín Bjarney Gísladóttir
Snæbjörn Brynjólfsson
Soffía Bjarnadóttir
Kristín Steinsdóttir rithöfundur og dr. Sigurður Árni Þórðarson völdu skáldin.

„Við strjúkum þitt enni“
Frumflutningur verks eftir Sigurbjörgu Þrastardóttur skáld og tónskáldið Oliver Kentish.
Flytjendur: Kammerkórinn Hljómeyki ogBjörn Steinar Sólbergsson orgelleikari. Stjórnandi er Marta Guðrún Halldórsdóttir. Verkið var pantað af Tónmenntasjóði kirkjunnar í tilefni af 400 ára afmæli Hallgríms.

26. October sunnudagur
Vígsludagur Hallgrímskirkju

11.00 Hátíðarmessa. Bein útsending á Rás 1

Biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir prédikar, sr. Jón Dalbú Hróbjartsson sóknarprestur og sr. Sigurður Pálsson fyrrverandi sóknarprestur þjóna fyrir altari.
Flytjendur tónlistar: Drengjakór Reykjavíkur–Hallgrímskirkju, stjórnandi Friðrik S. Kristinsson, Mótettukór Hallgrímskirkju, Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Einar St. Jónsson trompetar og Eggert Pálsson pákur, stjórnandi og organisti Hörður Áskelsson.
Afmælismessukaffi í suðursal að messu lokinni.

14.00 Ensk messa

Sálmar Hallgríms Péturssonar sungnir í enskri þýðingu. Prestur sr. Bjarni Þór Bjarnason.

17.00 „Passíusálmar“ fyrir söngrödd og orgel eftir Michael Jón Clarke

Flytjendur: Michael Jón Clarke barítón og Eyþór Ingi Jónsson orgelleikari.
Tónlistin var frumflutt í Akureyrarkirkju fyrir tveimur árum við frábærar undirtektir og er væntanleg á geisladiski á næstunni.
Miðaverð: 2500/ 1500 kr.

27. October mánudagur
Hallgrímsdagurinn í Hallgrímskirkju

20.00 Hallgrímsmessa á 340. ártíð Hallgríms Péturssonar

Karl Sigurbjörnsson biskup prédikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Jóni Dalbú Hróbjartssyni sóknarpresti Hallgrímskirkju.
Messan er sungin með gamla Grallaratóninu, svipað og tíðkaðist á tímum Hallgríms.
Kammerkórinn Schola cantorum syngur, stjórnandi Hörður Áskelsson, organisti er Björn Steinar Sólbergsson.

31. October föstudagur
Siðbótardagurinn

13.00–17.00 Siðbótarmaðurinn Hallgrímur – málþing á siðbótardegi

Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor:
„Krossferli að fylgja þínum...“ Eftirfylgd um stef í Passíusálmum Hallgríms Péturssonar.
Dr. Gunnlaugur A. Jónsson, prófessor:
Hallgrímur Pétursson og 23. Davíðssálmur.
Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, guðfræðingur:
Sköpun og blessun í hugvekjum Hallgríms Péturssonar.

Ævar Kjartansson stýrir umræðum að erindum loknum.
Málþingið er samstarfsverkefni Nefndar um fimm alda afmæli siðbótarinnar 2017 og Listvinafélags Hallgrímskirkju.

Aðgangur er ókeypis að öllum viðburðum hátíðarinnar nema annað sé tekið fram.
Kaffihús til styrktar starfi Listvinafélagsins verður í suðursal kirkjunnar.

www.listvinafelag.is www.hallgrimskirkja.is

MORGUNMATURINN

Oftast AB-mjólk með múslíi og slettu af jarðarberjasúrmjólk. Glas af sítrónuvatni, lýsi og kalk. Stundum hafragrautur en alltaf eitt soðið brúnegg.

Helga Guðrún Johnson rithöfundur

Gaf 600 eiginhandaráritanir á einum degi

Kraftajötunninn Hafþór Júlíus Björnsson úr Game of Thrones er gestur á tölvuleikjaráðstefnu í Barein.

„Ég er hérna í 35 stiga hita. Þetta er alveg æðislegt, gerist ekki betra," segir Hafþór Júlíus Björnsson, næststerkasti maður heims.

Hann er staddur á eyjunni Barein, skammt frá Sádi-Arabíu, þar sem hann er einn af aðalgestunum á IGN-tölvuleikjahátíðinni sem fer fram á föstudag og laugardag. „Ég verð hérna í viku og verð í nokkra aukadaga til að slappa af og njóta mín." Á hátíðinni mun hann gefa eiginhandaráritanir, fara í viðtöl og myndatökur.

Margar dyr hafa opnast Hafþóri Júlíusi síðan hann vakti heimsathygli fyrir leik sinn í sjónvarpsþáttunum Game of Thrones þar sem hann lék Gregor Clegane, eða „Fjallið". „Game of Thrones kom manni ágætlega á kortið," segir hann.

Í síðustu viku fór hann í svipaða ferð er hann sótti ráðstefnuna Film and Comic Con í London í fyrsta sinn. „Ég skrifaði hátt í sex hundruð eiginhandaráritanir á einum degi og svo var ég í viðtölum og myndatökum."

HAFÞÓR JÚLÍUS Margar dyr hafa opnast kraftajötninum eftir að hann lék í Game of Thrones.

Spurður hvort hann muni leika áfram í Game of Thrones vill hann sem minnst um það segja. „Karakterinn minn var mjög sérður í lokaþættinum [í fjórðu þáttaröð] en fólk sem hefur lesið bækurnar veit hvað gerist."

> **Game of Thrones kom manni ágætlega á kortið.**

Engar tökur á Game of Thrones eru fyrirhugaðar hér á landi það sem eftir er ársins en tökur hafa staðið yfir á Spáni að undanförnu.

- fb

Fór aftur til fortíðar og sparaði í leiðinni

Nanna Rögnvaldardóttir fylgdi áttatíu ára gömlum matseðli í viku. Matarkostnaðurinn var um 750 krónur á dag og því hver máltíð undir 248 krónum.

Nanna Rögnvaldardóttir, matmóðir og rithöfundur, rakst á síðu í Mogganum frá miðjum kreppuárum þar sem Helga Sigurðardóttir húsmæðrakennari setur upp vikumatseðil fyrir fjölskyldu.

Nanna ákvað að gera tilraun vegna umræðunnar um matarkostnað og neysluviðmið ríkisstjórnarinnar upp á 248 krónur á máltíð og fylgja þessum matseðli. Hún fór sínar leiðir í uppskriftum og spann upp í tengslum við tíðarandann. „Mín niðurstaða er sú að ég held ég fari að horfa meira til fortíðarinnar í eldamennsku og rifja upp ýmislegt. Þegar fjölskyldan kom í mat þá blossaði upp nostalgía. Það sama gerðist hjá mörgum sem lesa bloggið mitt, þar sem ég birti uppskriftirnar og myndir. Mataræði okkar Íslendinga hefur nefnilega breyst alveg gífurlega á tiltölulega stuttum tíma," segir Nanna og þverneitar því að eldamennskan sé flókin en það kom henni á óvart hvað maturinn var í raun ódýr. „Það var alltaf tvírétta og ég gat notað afgang af kvöldmatnum í hádeginu daginn eftir og jafnvel notað forréttinn eða eftirréttinn í morgunmat. Ég get lifað góðu lífi á 750 krónum á dag samkvæmt þessum matseðli, það er niðurstaðan."

Hráefnin á matseðlinum voru ódýr en Nanna segir það alls ekki koma niður á næringunni. Þvert á móti. „Það eru engar unnar matvörur á þessum matseðli heldur kjöt, innmatur, ferskur fiskur og grænmeti. Einnig eru ódýr hráefni í for- og eftirréttunum," segir Nanna og bætir við að gott sé að hafa í huga að nýta hráefnin í fleiri en eina máltíð enda felist mikill sparnaður í því, sérstaklega þegar eldað er fyrir fáa.

Næsta tilraun Nönnu verður að skoða kreppumatseðla sem gerðir voru samkvæmt framfærsluviðmiði bæjaryfirvalda á fjórða áratug síðustu aldar. Þá hélt Húsmæðrafélagið samkeppni og húsmæður settu saman matseðla sem áttu að standast þessi viðmið, sem voru áttatíu aurar á dag á mann.

MATGÆÐINGUR Helsta áhugamál Nönnu er matargerð og matarsaga og því hafði hún gaman af því að elda rétti af áttatíu ára gömlum matseðli. Margt var á seðlinum sem hún hafði ekki borðað lengi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

80 ára gamall matseðill Helgu

Sunnudagur: Lambakjöt m. br. grænmeti.
Rabarbaragrautur eða bláberjagrautur.
Mánudagur: Eggjamjólk með froðu.
Soðinn fiskur með kartöflum og steinseljusósu.
Þriðjudagur: Hrísgrjónagrautur.
Blómkál í tómatsósu.
Miðvikudagur: Eplasúpa með br. brauði.
Steiktur fiskur á fati.
Fimtudagur: Grænmetissúpa.
Steikt lambalifur m. steiktu fleski og kartöflum.
Föstudagur: Brauðsúpa með þeyttum rjóma.
Kartöflukaka.
Laugardagur: Sagóvellingur.
Soðin síld með sinjöri og eggjum.

En ætlar hún ekki að skella í slíkan kreppumatseðil fyrir okkur nútímafólkið? „Það er aldrei að vita," svarar Nanna sposk.

erla@frettabladid.is

Birta selur rekstur Júniform

Birta Björnsdóttir lætur drauminn rætast og einbeitir sér að fatahönnun.

Birta Björnsdóttir fatahönnuður, betur þekkt sem Birta í Júniform, ætlar að selja rekstur verslunarinnar. Hún mun áfram starfa sem aðalhönnuður merkisins, en er búsett á Spáni og hefur því verið erfitt fyrir hana að sinna rekstrinum hér heima.

„Það hefur verið draumur hjá mér lengi að losna undan rekstrinum sjálfum og mér bauðst tækifæri til þess. Nú get ég einbeitt mér að hönnuninni, sem ég elska að gera. Ég mun geta sinnt því betur en nokkru sinni fyrr, ásamt því að sinna hinni ástríðunni minni sem er að mála portrettmyndir," segir Birta. Þær Ingibjörg Þorvaldsdóttir og Katla Jónasardóttir, eigendur verslunarinnar Öxneyjar á Klapparstíg, keyptu rekstur Birtu. „Við höfum einbeitt okkur að því að selja íslenska hönnun og Birta vildi færa rekstur sinn niður í miðbæ svo við slógum til," segir Ingibjörg.

Í dag ætla þær að opna með Júniform í versluninni og af því tilefni ætla þær að gefa 10% af allri sölunni til Krabbameinsfélagsins. „Júniform verður stærra í sniðum en áður og mun vera mjög stór partur af verslunni. Vetrarlínan hefur sjaldan verið stærri eða úrvalið meira." - asi

NÝIR EIGENDUR Þær Katla og Ingibjörg eru spenntar að taka við rekstrinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÞÉR ER BOÐIÐ Á
HERRAKVÖLD SELECTED

GÓÐ ÞJÓNUSTA
NOTALEG STEMNING
RÁÐGJÖF STÍLISTA

FRÁBÆRIR KAUPAUKAR Í ALLAN DAG

- Skyrta fylgir öllum keyptum jakkafötum
- Bolur fylgir öllum keyptum buxum
- Sokkar eða nærbuxur fylgja öllum kaupum yfir 20 þúsund

OPIÐ TIL KL. 21

SELECTED
HOMME

KRINGLUNNI/SMÁRALIND

facebook.com/selected.island
Instagram: @selectediceland

KLIPPTU ÚT AFSLÁTTARMIÐANN
OG VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR

15% AFSLÁTTUR
GEGN FRAMVÍSUN MIÐANS

GILDIR AÐEINS 23. OKTÓBER 2014

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

FRÉTTIR AF FÓLKI

Þekkti Brynju í Brooklyn

Brynja Pétursdóttir danskennari og aðstandandi Street dance á Íslandi, lenti í skemmtilega tilviljanakenndum atburði í vikunni. „Ég var í Brooklyn, labba inn í búð á stað sem ég hef aldrei komið á áður og þar er afgreiðslumaður sem þekkir mig út af dansmyndböndunum mínum. Hann þekkti andlit mitt og sagðist hafa deilt myndbandinu mínu á vinsælli danssíðu sem hann heldur úti," segir Brynja. „Þess vegna fékk myndbandið svona mikið áhorf. Þegar ég loksins trúði manninum varð ég svo steinhissa. Heimurinn minnkaði niður í stærð á við hnetu." Brynja segir þetta hafa verið mikið hrós fyrir sig. „Vinir hans gengu inn og þeir horfðu á mig eins og ég væri geimvera. Hvíta stelpan frá Íslandi sem þeir höfðu verið að pæla í gekk inn í búðina hjá þeim í Brooklyn fyrir tilviljun." - þij

Giftu sig á Spáni

Rithöfundurinn **Óttar Norðfjörð** gekk að eiga sína heittelskuðu, ljósmyndarann Eloise Vázques, í Sevilla á Spáni um síðustu helgi. Hjónakornin eru búsett þar og komu fjölmargir vinir og ættingjar frá Íslandi til þess að vera viðstaddir gleðina. Þar á meðal var tónlistarmaðurinn Benni Hemm Hemm. - vh

Mest lesið VÍSIR

1. Keane: Hefði getað afhausað Eið Smára
2. Drulluhræddur
3. Braut það litla sem eftir var af fætinum
4. Íslenska ríkið greiðir aðeins sendingarkostnaðinn af hríðskotabyssunum 150
5. Smyglari rekur svarta verslun á Kvíabryggju

Næsta bylgja sjónvarpa er komin

innovation for you

með Android PHILIPS

Heimilistæki ht.is

Herra lagerinn outlet
Troðfull verslun af merkjavöru!

Meiri hreinsun!

70-80%

afsláttur af öllum vörum

Barnafatnaður frá
ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...

molo TICKET hummel

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá kl. 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)